# FRÉTTABLAÐIÐ

262. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 9. NÓVEMBER 2019




## Þakklát mömmu

Dovelyn Rannveig Mendoza ólst upp í fátækrahverfum Maníla á Filippseyjum en starfar nú sem sérfræðingur á sviði fólksflutninga. Fjölskylda hennar kom fótunum undir sig á Íslandi þar sem þau fengu tækifæri til betra lífs. → 24

Án peninganna sem hún sendi okkur hefði líf okkar í Maníla orðið mjög erfitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



## Ef hún gat það þá get ég það

Barnabók um fyrsta kvenforsetann.
→ 28



## Öðruvísi en önnur fíkniefni

Spice-faraldur skekur Litla-Hraun.
→ 30




## Hvernig á að gefa bíl start

Hjörtur Gunnar Jóhannesson kann réttu handtökin. → 22


Sjáðu lífið í öllum litbrigðum
Volkswagen Passat GTE

HEKLA · www.hekla.is/volkswagensalur




Rafmagn & bensín
Tengiltvinnbíll

## Veður



Lægir um morguninn. Suðaustan 8-13 eftir hádegi. Rigning suðaustan til, en þurrt á Norðurlandi, en annars úrkomulítið. Hiti yfirleitt 0 til 6 stig, mildast syðst. SJÁ SÍÐU 40

# Mótmæltu brottflutningi albanskrar fjölskyldu




Hópur fólks mótmælti brottvísun albanskrar fjölskyldu, sem vísað var úr landi á þriðjudag, í dómsmálaráðuneytinu í gær. Um er að ræða par og tveggja ára son þeirra. Konan var gengin 36 vikur á leið þegar henni var vísað frá Íslandi þrátt fyrir að hafa fengið vottorð frá heilbrigðisstarfsfólki um að hún væri ekki í standi til að fljúga. Mæður og óléttar konur voru sérstaklega hvattar til að mæta á mótmælin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Draumurinn að stækka Grensás

**SAMFÉLAG** „Við erum eiginlega hættar að prjóna vettlinga og reyna að byggja spítala fyrir prjónaða vettlinga,“ segir Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnar Hollvina Grensásdeildar.

Jólakaffi og basar Hollvina Grensásdeildar verður haldinn í Bústaðakirkju í dag frá klukkan 13-17. Þar verða til sölu ýmsar kræsingar og happdrættismiðar til styrktar deildinni ásamt því að hljómsveitin Strá-kurr tekur lagið.

„Jólakaffið er okkar leið til að safna fé fyrir deildina og með því fjármagni getum við keypt búnað sem vantar,“ segir Guðrún.

**Það verður bæði að bæta aðstöðuna og stækka deildina því að hún getur ekki tekið við öllum.**



Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnar Hollvina Grensásdeildar

„Draumur okkar er að safna nægum peningum til þess að geta fengið ríkið til liðs við okkur í því að byggja við Grensásdeildina,“ segir Guðrún.

„Húsnæðið sem deildin er í er gjörsamlega glatað. Það verður bæði að bæta aðstöðuna og stækka deildina því að hún getur ekki tekið við öllum sem þurfa að komast inn. Þá liggur fólk á legudeildum í stað þess að byrja í endurhæfingu og á meðan minnka batahorfurnar,“ segir hún.

„Þetta er skemmtilegur dagur þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og styrkt þetta mikilvæga málefni. Við vitum jú aldrei hvenær slysin verða eða hver er næstur,“ segir Guðrún. Nánar má lesa um stöðu Grensásdeildar á frettabladid.is. **– bdj**

## Samskipti manns og tækni

**HLAÐVARPIÐ** Hlaðvarpsþátturinn Skjáskot, nefndur eftir samnefndri bók Bergs Ebba, er kominn í loftið. Bókin Skjáskot fjallar um samskipti manns og tækni og mun hver þáttur taka á nýjum kafla í bókinni. Hlaðvarpið verður í fjórum þáttum sem verða byggðir á mismunandi köflum bókarinnar. Eftir upplestur frá höfundi mætast gestir til að ræða kaflann, en í fyrsta þættinum eru það Saga Garðarsdóttir og Jóhann Kristófer Stefánsson sem taka fyrir afstöðu gegn afstöðum, innrás tækninnar í einkalífið og ábyrgðartilfinninguna sem fylgir því að taka símtal. Fyrsti þátturinn er nú aðgengilegur á Hlaðvarpi Fréttablaðsins, Spotify og iTunes. **– atv**



**Bergur Ebbi Benediktsson.**




# Þeir bestu ekki alveg með reglurnar á tæru

**Forseti Skáksambandsins var yfirdómari á heimsmeistaramótinu í Fischer-slembiskák sem fram fór á dögunum. Hann segir mikið hafa reynt á dómarann þar sem bestu skákmenn heims hafi ekki verið með reglurnar á hreinu.**

**SAMFÉLAG** Um síðustu helgi lauk heimsmeistaramótinu í Fischer-slembiskák í Bærum í Noregi. Mótið vakti mikla athygli ytra enda öttu þar kappi fremstu skákmenn heims í þessu óvenjulega afbrigði af skáklistinni. Þar á meðal Magnus Carlsen, heimsmeistari í skák, sem er þjóðhetja hjá frændþjóðinni.

Íslendingar áttu fulltrúa á vettvangi en yfirdómari mótsins var Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands. Hann segir að mótið hafi verið frábær upplifun en óvenju mikið hafi þó reynt á dómara mótsins því þessir bestu skákmenn heims voru ekki alltaf með leikreglurnar á hreinu.

Fischer-slembiskák er, eins og nafnið gefur tilkynna, hugarfóstur Bobbys Fischer heitins, skáksnillingsins sem hvílir nú í íslenskri mold. Fischer hafði áhyggjur af því að búið væri að rannsaka hina hefðbundnu skák um of og bjó því til nýtt afbrigði. Það virkar þannig að þungu mönnunum er raðað á tilviljanakenndan hátt fyrir aftan peðin en þegar leikar hefjast gilda almennar skákreglur. Afleiðingin er sú að skákmenn geta ekki undirbúið sig eins og vanalega heldur þurfa alfarið að treysta á hyggjuvitið yfir borðinu.

„Það sem vefst fyrir flestum eru reglurnar sem gilda um hrókanir. Það kom einmitt upp eitt atvik þar sem einn besti skákmaður heims, Rússinn Nepomi klúðraði hrókun og upphófst heilmikil rekistefna. Ég úrskurðaði leikinn ólöglegan en málinu var síðan áfrýjað og niðurstaðan varð sú að skákin var endurtekin. Ég er enn á því að það hafi verið kolröng ákvörðun en þetta sýnir kannski að þetta afbrigði er að feta ótroðnar slóðir,“ segir Gunnar.




Wesley So, sem er hér til hægri, varð heimsmeistari. MYND/MARIA EMELIANOVA

**Það sem vefst fyrir flestum eru reglurnar sem gilda um hrókanir.**

Gunnar Björnsson, forseti skáksambands Íslands

Að hans mati var um frábæran viðburð að ræða sem mun eflaust stuðla að framgangi Fischer-slembiskákarinnar. „Þetta er frábært afbrigði af skáklistinni samhliða hinni hefðbundnu skák sem ég tel að eigi nóg eftir,“ segir Gunnar.

Hann segir mikinn heiður hafa verið fólginn í því að honum bauðst að vera aðaldómari mótsins. „Samstarf milli íslensku og norsku skáksambandanna er afar gott og þetta er angi af því. Samhliða mótshaldinu fundaði ég einnig með fulltrúum norsku skákhreyfingarinnar um þá hugmynd að Noregur og Ísland standi saman að skipulagningu heimsmeistaraeinvígisins í skák árið 2022,“ segir Gunnar.

Þær hugmyndir hafa verið viðraðar áður að Ísland tæki að sér einvígið í tilefni af 50 ára afmæli Einvígis aldarinnar sem fór fram árið 1972. Meðal annars fundaði Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, í byrjun árs með forseta Alþjóðaskáksambandsins um málefnið þegar sá síðastnefndi kom í heimsókn til landsins.

bjornth@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN

blómaval

HÚSASMIÐJAN 3.990 Jólagleði

# Nýtt

Húsasmiðjublað er komið út

# Seríur

*Allt klárt fyrir jólin*

FROST

## Samtengjanlegar útiseríur, 50 ljósa fyrir íslenskar aðstæður

Led seríur, margir litir, gæðavara sem þolir vel íslenskar aðstæður. Samtengjanlegar allt að 2.000 ljós á eina kló.

20% afsláttur

**3.990kr**

~~4.990kr~~

LED útiseríur 50 ljósa
Samtengjanlegar LED útiseríur, 50 ljósa.
14500290-293

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Frí heimsending

á jólaljósum og seríum í vefverslun husa.is
Gildir í nóvember

FROST
40 LED
Sjáðu verðið!
**1.990kr**
Frost LED inni- og útisería
40 ljósa LED sería, hentar bæði inni og úti.
14500340-342

### Útiseríur stærri perur fyrir þakkantinn

Samtengjanlegar
FROST
**7.990kr**
Frost LED Party útisería
20 ljósa samtengjanlegar útiseríur. 5 metrar.
14500261-4, 14500690-3

40% afsláttur
**1.490kr**
~~2.490kr~~
Aðventuljós, 7 ljósa
14500401-14500402

*Dagskrá í Skútuvogi í dag*

PULSUVAGNINN SKÚTUVOGI

Nýr pylsuvagn

### Pulsuvagninn í Skútuvogi

Allir sem versla í dag fá **pylsu og kók á 199 kr.** gegn kassakvittun.

20% afsláttur
FROST
**1.990kr**
~~2.490kr~~
Frostrós í glugga
2703001/39-40

FROST
**3.990kr**
Ljósahringur Curly
40cm 64 LED hlýr hvítur.
14500951

26 cm
Einnig til 43 cm: 5.990
Verð frá
**3.990kr**
Ljósahringur
26 cm, 100 LED, hlýtt hvítt.
2703520

### Jólaland Blómavals

er á sínum stað.

Parketdagar
**25-30%** afsláttur
*Parket og flísar*

### Brettamarkaður á smáraftækjum

Allt að
**40%** afsláttur
*af völdum heimilistækjum*
aðeins í Skútuvogi og á husa.is

JOTUN
LADY
**20%** afsláttur
*Málning*
af allri LADY innimálningu

Maja Ben
LADY PREMIUM PAINT & COLORS

### Litaráðgjöf

Maja Ben hjá „Ég er komin heim" veitir litaráðgjöf á laugardaginn kl. 12-16 í Skútuvogi.

**TÖLUR VIKUNNAR** 03.11.2019 TIL 09.11.2019

**5,8**
milljónir er kostnaðurinn við Friðarsúlu Yoko Ono það sem af er ári. Kostnaður frá vígslu árið 2007 til ársins 2018 nam rúmum 40 milljónum króna.



**1.243**
einstaklingum færri voru í þjóðkirkjunni 1. nóvember 2019 en 1. desember 2018. Rúmlega 230 þúsund eru skráð í þjóðkirkjuna sem er langstærsta trúfélag landsins.

**12,9**
milljarða króna afgangur verður af rekstri samstæðu Reykjavíkurborgar á næsta ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Borgarsjóður verður rekinn með 2,5 milljarða afgangi.

**362.860**
er heildarfjöldi Íslendinga miðað við nýjustu tölur Hagstofunnar. Á höfuðborgarsvæðinu búa 232.070 en 130.790 utan þess.



**64**
prósent fýla við strendur Íslands eru með plast í meltingarvegi miðað við vöktun Umhverfisstofnunar árið 2019.



## Þrjú í fréttum
## Menning, menntun og samningar

**Vena Naskrecka**
*listakona*



hefur safnað saman persónulegum sögum íbúa af pólskum uppruna í Reykjanesbæ. Á sögunum byggir Vena verk sín sem sýnd verða á Pólskri menningarhátíð í Reykjanesbæ í dag.

**Davíð Þorláksson**
*forstöðumaður hjá SA*



kynnti í vikunni nýja skýrslu um áherslur SA í menntamálum. Í skýrslunni eru settar fram tillögur sem ætlað er að bæta öll skólastigin. Meðal tillagna er stytting grunnskólanáms og sameining háskóla landsins.

**Gunnar Hrafnsson**
*formaður FÍH*



sagði kjarasamninga hafa verið brotna í samningum Íslensku óperunnar við söngvara.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

# Borgarfulltrúi vill breyttar reglur um frístundakortin

**Á síðasta ári nýttu foreldrar tæplega fjórðungs barna í borginni frístundakort til að greiða fyrir dvöl á frístundaheimili. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill að einungis verði hægt að nýta kortið til að borga fyrir íþrótta- og tómstundanám. Oddviti Vinstri grænna segir þetta gera lítið úr starfi frístundaheimila.**

**REYKJAVÍK** Foreldrar tæplega fjórðungs barna í 1.-4. bekk í Reykjavík notuðu frístundastyrk afkvæma sinna til að greiða fyrir vist á frístundaheimili eftir skóla haustið 2018. Þetta kemur fram í svari velferðarráðs Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Kolbrúnar Baldursdóttur, oddvita Flokks fólksins. Um var að ræða 1.503 börn af alls 6.298 á þessum aldri í höfuðborginni.

„Að mínu mati er ótrúlegt að verið sé að nýta frístundastyrkinn til að greiða fyrir nauðsynlega dvöl á frístundaheimili. Alls eru þetta um 75 milljónir króna sem er fjármagn sem er ætlað að styðja börn til að iðka tómstundir. Það fer vissulega fram metnaðarfullt starf á frístundaheimilum borgarinnar en starfið þar er þó ekki það sama og íþrótta- og tómstundanám. Dvöl á frístundaheimili er nauðsyn til þess að foreldrar geti unnið fyrir fjölskyldunni,“ segir Kolbrún.

Hún bendir á að markmið og tilgangur frístundakortsins hafi frá upphafi verið að auka tækifæri barna til að stunda íþróttir og tómstundir óháð efnahag foreldra. Miðað við þessar tölur séu vísbendingar um að nú sé frístundakortið einnig nýtt sem bjargir frekar en tækifæri til að iðka tómstundir.

Kolbrún lagði fram tillögu fyrir borgarstjórn á dögunum um að frístundakortið verði einungis notað í samræmi við skilgreint markmið þess og að afnumið verði skilyrði um að nýta verði rétt til frístundakorts áður en sótt sé um fjárhagsaðstoð.

„Það þarf að hjálpa foreldrum sem geta ekki greitt fyrir vist á frístundaheimili með öðrum hætti en að svipta börn möguleikanum á að stunda íþróttir og tómstundir.“



Margir foreldrar kjósa að nýta frístundakort til að greiða fyrir dvöl á frístundaheimili. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sú breyting að heimila foreldrum að greiða fyrir vist á frístundaheimilum með frístundakortinu kom frá Vinstri grænum á sínum tíma. Líf Magneudóttir, oddviti flokksins, segir að Kolbrún sé að oftúlka tölurnar og gefa sér eitthvað sem eigi sér ekki endilega stoð í raunveruleikanum. Sum börn finni sig einfaldlega ekki í hinu hefðbundna íþrótta- og tómstundastarfi og kjósi því frekar að vera á frístundaheimilum borgarinnar þar sem, að hennar sögn, er unnið fjölbreytt og faglegt starf.

„Síðan þessi breyting gekk í gegn, að hægt var að greiða fyrir frístundaheimilin með frístundakortinu, þá hefur starfið þar eflst mikið. Þar er mjög öflugt fagfólk að vinna frábært starf og mér finnst þessar niðurstöður sem Kolbrún gefur sér gera lítið úr því góða starfi,“ segir Líf.

Að hennar sögn er í gangi vinna sem snýr að því að útvíkka mögulega notkun frístundakortsins en niðurstöður þeirrar vinnu liggja ekki enn fyrir.

„Ein af áskorununum sem við stöndum frammi fyrir er að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótta- og tómstundastarfi. Þessi hópur notar frístundakortið minna en aðrir og við þurfum að finna lausnir á því,“ segir Líf.

**bjornth@frettabladid.is**




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE


LEXUS RX
450h Í NÝRRI
ÚTFÆRSLU
KYNNING Í DAG
KL. 12–16 Í KAUPTÚNI
ハイブリッド
HYBRID
Lexus RX 450h er lipur og eyðslugrannur fjórhjóladrifinn sportjeppi þar sem allt er fyrsta flokks. Útlitið er einstakt, enda hönnunin og hugmyndafræðin sótt í japanska handverkssögu.
Þráðlaust japanskt handverk
RX 450h SPORTJEPPI — FRÁ 11.950.000 KR
LEXUS RX
Lexus-Ísland
Kauptúni 6, Garðabæ – lexus.is
LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Meirihluti hefur ekki öðlast jafnlaunavottun á tilsettum tíma

**JAFNRÉTTISMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kynnti stöðu jafnlaunavottunar á ríkisstjórnarfundi í vikunni. Á fundinum kom fram að kallað hefði verið eftir upplýsingum um stöðu jafnlaunavottunar hjá ríkisstofnunum frá öllum ráðuneytum og höfðu upplýsingar borist frá 122 sem öðlast eiga vottun fyrir áramót.

Alls hafa 35 opinberir aðilar af þessum 122 fengið jafnlaunavottun, 43 stefna á að öðlast hana fyrir áramót og 42 eru í innleiðingarferli sem ekki er gert ráð fyrir að klárist fyrir áramót. Tvær stofnanir hafa ekki hafið innleiðingarferli, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Samkeppniseftirlitið.

Öllum opinberum stofnunum, sjóðum og fyrirtækjum sem eru að hálfu eða að meirihluta rekin af ríkinu og þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri ber samkvæmt lögum að hafa öðlast jafnlaunavottun fyrir 31. desember 2019. Sömu lög gilda um öll fyrirtæki þar sem starfa fleiri en 250 manns. Heimilt er að beita dagsektum verði skilyrði laganna ekki uppfyllt.

Katrín Jakobsdóttir telur ólíklegt að það takist að klára innleiðingarferli þeirra 85 aðila sem samkvæmt lögum skuli öðlast vottun fyrir áramót en hafa enn ekki gert það. „Ég er bjartsýn á að þetta verði allavega komið af stað hjá þeim sem heyra undir lögin en ég á ekki von á því að það verði klappað og klárt fyrir áramót," segir hún.

„Þetta er verkefni sem fór hægt af stað en hefur tekið við sér og ferlið er þannig að gert er ráð fyrir að sjálfstæð vottunarstofa veiti vottunina. Þeim hefur fjölgað og það hraðar á ferlinu," segir Katrín. – **bdj**



Katrín segir að fjölgun vottunarstofa muni hraða ferlinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Starfsstjórn yfir Reykjalund

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn SÍBS hefur farið þess á leit við Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra að starfsstjórn verði tilnefnd til að fara með málefni Reykjalundar. Á meðan verði unnið að því að koma á varanlegri stjórn og aðgreina rekstur og endurhæfingu frá annarri starfsemi.

Þá hefur Herdís Gunnarsdóttir, settur forstjóri Reykjalundar, ákveðið að láta af störfum fyrir stofnunina. Hún segist líta svo á að þau verkefni sem henni voru falin tímabundið séu nú í höfn. Nánar á fréttablaðið.is. – **sar**

## Blaðamenn mbl.is ósáttir

**KJARAMÁL** Verkfall ljósmyndara, myndatökumanna og blaðamanna á fjórum vefmiðlum stóð yfir í fjórar klukkustundir í gær. Grunur kom upp um verkfallsbrot hjá RÚV og Morgunblaðinu.

Þannig hafi verktaki sem ekki er í Blaðamannafélaginu verið fenginn til að ganga í störf tökumanna á RÚV á meðan á verkfalli stóð. Þá birtust fréttir á mbl.is á þeim tíma sem verkfallið náði yfir.

Átján blaðamenn á mbl.is sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem lýst er yfir miklum vonbrigðum með stjórnendur Morgunblaðsins. Þar kemur fram að blaðamenn sem öllu jöfnu skrifi ekki fyrir vefinn hafi gert það á meðan á verkfalli stóð.

„Við teljum að þetta framferði sé til þess fallið að varpa rýrð á mbl.is, ekki síst þá blaðamenn sem þar starfa og leitast eftir fremsta megni við að sinna starfi sínu af heilindum og fagmennsku," segir í yfirlýsingunni. Nánar á fréttablaðið.is. – **sar**

*Blaðamenn og ljósmyndarar á ritstjórn Fréttablaðsins eru félagar í Blaðamannafélaginu.*

# Þorsteinn færður á Litla-Hraun vegna brota á reglum á Sogni

**Þorsteinn Halldórsson var í gær fluttur úr opna fangelsinu Sogni á Litla-Hraun. Hann afplánar margra ára dóm fyrir kynferðisbrot gegn unglingspilti. Flutningurinn tengist brotum á reglum sem gilda á Sogni.**



Þorsteinn var fluttur af Sogni á Litla-Hraun sem er öryggisfangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FANGELSISMÁL** Þorsteinn Halldórsson sem dæmdur var til fimm og hálfs árs fangelsisvistar í vor fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn unglingspilti, var í gær fluttur úr opna fangelsinu Sogni til afplánunar á Litla-Hrauni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tengist flutningurinn brotum Þorsteins á reglum fangelsisins um notkun fjarskiptatækja.

„Ég get ekki tjáð mig um mál einstakra fanga, en það er ekki óalgengt að fangar séu fluttir milli fangelsa," segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. Hann segir að þótt meira frjálsræði sé í opnum fangelsum sé einnig haft eftirlit með því að fangar virði þær reglur sem þar gilda, meðal annars um notkun tölvu og farsíma.

Foreldrar brotaþolans í máli Þorsteins hafa gagnrýnt að Þorsteinn fái að afplána í opnu fangelsi en þau voru í ítarlegu viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins um síðustu helgi. Þar kom fram að þau hefðu átt fund með Fangelsismálastofnun og fengið loforð um að þeim yrði gert viðvart um breytingar sem yrðu á afplánun hans, til dæmis um dagsleyfi, afplánun á ökklabandi og

> **Ég get ekki tjáð mig um mál einstakra fanga, en það er ekki óalgengt að fangar séu fluttir milli fangelsa.**



Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar

reynslulausn. Þá fengu þau staðfest að Þorsteinn hefði aðgang að tölvu og gæti til dæmis sent tölvupóst. Með flutningi hans frá Sogni til Litla-Hrauns hefur Þorsteinn glatað þeim aðgangi en Litla-Hraun er skilgreint sem öryggisfangelsi og réttindi fanga þar mun þrengri en í opnu fangelsunum.

„Við spurðum hvort það hefði ekkert að segja að gefin hefur verið út ákæra á hendur honum fyrir brot gegn öðru barni. Og hvort ekki sé óeðlilegt að maður sem er dæmdur fyrir alvarleg kynferðisbrot fari í opið úrræði meðan málsmeðferð er í gangi í óskyldu máli gegn öðru barni," sagði faðir drengsins í viðtalinu.

Þorsteinn var dæmdur fyrir að hafa ítrekað tælt drenginn til sín með fíkniefnum, lyfjum og öðrum gjöfum á borð við farsíma, peninga og tóbak, og nýtt sér yfirburði sína til að hafa við hann samræði og önnur kynferðismök. Áður en Þorsteinn var dæmdur braut hann ítrekað gegn nálgunarbanni gagnvart drengnum.

Hann var dæmdur í sjö ára fangelsi í héraði í fyrra en Landsréttur stytti dóminn í fimm og hálfs árs fangelsi í vor. Þorsteinn hefur nú aftur verið ákærður fyrir að hafa framið svipuð brot gegn barni, bæði áður en og eftir að það var fimmtán ára gamalt.

**adalheidur@frettabladid.is**



# Gerðu góð kaup

**OPIÐ Í DAG**
**FRÁ KL. 12–16**

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á **www.bl.is/kjarabilar**

## BJÓÐUM **VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI**. VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

HLAÐINN BÚNAÐI
### NISSAN QASHQAI
Tekna BOSE, sjálfskiptur, dísil, 2WD
LISTAVERÐ: 5.890.000 kr.
KJARAVERÐ **4.990.000 kr.**




### NISSAN JUKE
Acenta, sjálfskiptur, bensín, 2WD
LISTAVERÐ: 3.790.000 kr.
KJARAVERÐ **3.290.000 kr.**




HLAÐINN BÚNAÐI
### NISSAN X-TRAIL
Tekna, sjálfskiptur, dísil, 4WD
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
LISTAVERÐ: 7.390.000 kr.
KJARAVERÐ **6.490.000 kr.**




### RENAULT CLIO
Zen, beinskiptur, bensín
LISTAVERÐ: 2.550.000 kr.
KJARAVERÐ **2.250.000 kr.**



### RENAULT CAPTUR
Intens, sjálfskiptur, bensín
LISTAVERÐ: 3.690.000 kr.
KJARAVERÐ **3.350.000 kr.**



### NISSAN MICRA
Acenta, beinskiptur, dísil
LISTAVERÐ: 2.790.000 kr.
KJARAVERÐ **2.490.000 kr.**



### RENAULT KOLEOS
Zen, sjálfskiptur, dísil, 4WD
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
LISTAVERÐ: 6.350.000 kr.
KJARAVERÐ **5.550.000 kr.**



### NISSAN NAVARA
Visia, beinskiptur, dísil, 4WD
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN
LISTAVERÐ: 5.790.000 kr.
KJARAVERÐ **5.140.000 kr.**



### NISSAN NV200
sendibíll, beinskiptur, dísil
LISTAVERÐ: 3.490.000 kr.
KJARAVERÐ **2.940.000 kr.**




ENNEMM / SÍA / NM96696

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Mat á áhrifum **stórframkvæmda** á samfélög

Verkefnisstjórn 4. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða býður til opins fundar um mat á áhrifum stórframkvæmda á samfélög þriðjudaginn 12.nóvember 2019 kl 13:15-16:30 í fyrirlestrasal LBH, Þjóðarbókhlöðu

**Frummælendur:**
Frank Vanclay, prófessor við háskólann í Groningen
Ana Maria Esteves, fv forseti International Association for Impact Assessment
Birna Björk Árnadóttir, Skipulagsstofnun
Hjalti Jóhannesson, Háskólanum á Akureyri
Ólafur Árnason, Eflu

**Fundarstjóri:** Guðrún Pétursdóttir, formaður verkefnisstjórnar RÁ4

Erindi verða flutt á ensku. Beint streymi verður frá fundinum.
Nánari upplýsingar á **www.ramma.is**

Rammaáætlun




5 ára afmælishátíð **Spítalans okkar**
Þriðjudaginn 12. nóvember 2019 kl. 15-17
á Icelandair Hótel Natura

**UPPBYGGING LANDSPÍTALA:**
**Menntun, vísindi og nýsköpun í heilbrigðisþjónustu**

Dagskrá:

Kl. 15.00
Setning – *Þorkell Sigurlaugsson, varaformaður Spítalans okkar*
Kl. 15.10 – 15.25
„Þörfin kallar hærra með hverju árinu“ Áhrif kvenna á stofnun Landspítala
– *Anna Stefánsdóttir, formaður Spítalans okkar*
15.25 – 15.45
Nýtt þjóðarsjúkrahús – framþróun heilbrigðisþjónustu
– *Alma Möller, landlæknir*

Tónlist – *Blásarakvintett Skólahljómsveitar Grafarvogs*

16.00- 16.20
Vísindi og menntun til framtíðar
– *Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala*
16.20- 16.50
Learnings and warnings from the boom of „digital health“ in Sweden
– *Charlotta Tönsgaard, framkvæmdastjóri og stofnandi heilbrigðistæknisprotans „Kind App“*
16.50-17.00
Lokaorð
– *Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra*

*Anna* *Alma* *Sigríður* *Charlotta* *Svandís*

*Að málþinginu loknu er gestum boðnar léttar veitingar*

*Verið öll hjartanlega velkomin*








**Tillögur Byggingarvettvangsins verða kynntar eftir helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Rafræn skref í stjórnsýslunni lækka kostnað

**Innleiðing rafrænna undirskrifta er á meðal útfærslna Byggingavettvangsins sem kynntar verða eftir helgi. Eiga að skila sér í lægri kostnaði við uppbyggingu og þar með lægra húsnæðisverði.**

**HÚSNÆÐISMÁL** „Heilt yfir snúa útfærslurnar að því að einfalda regluverk og verkferla til þess að byggingarferlið verði skilvirkara og framleiðni aukin. Þannig náum við að stytta byggingartíma og lækka byggingarkostnað sem skilar sér í lægra húsnæðisverði,“ segir Sandra Hlíf Ocares, verkefnastjóri Byggingavettvangsins.

Íslenski Byggingavettvangurinn hefur boðað til fundar á Grand Hótel næsta mánudag. Þar verða kynntar fyrstu útfærslur á tillögum átakshóps ríkisstjórnarinnar um úrbætur í húsnæðismálum er snúa að byggingarmálum með auknum þætti rafrænnar stjórnsýslu og einföldun regluverks.

„Við höfum verið að byggja of einsleitt húsnæði þar sem regluverkið hefur m.a. ekki heimilað ákveðna nýsköpun né veitt svigrúm til að byggja hagkvæmar íbúðir. Ég er sannfærð um að þessar metnaðarfullu tillögur sem verða kynntar á mánudaginn munu auðvelda byggingu húsnæðis af því tagi sem hefur verið vöntun á,“ segir Sandra. Þar leikur rafræn stjórnsýsla lykilhlutverk.

Frá árinu 2011 hefur átt sér stað uppbygging á rafrænni byggingargátt með það að markmiði að hægt sé að gefa út byggingarleyfi rafrænt, með því að efla þá vinnu og víkka hlutverk þeirrar gáttar munu ferlar verða einfaldari, skilvirkni og gagnsæi aukast.

„Við viljum ganga inn í fjórðu iðnbyltinguna með rafrænni stjórnsýslu, með einföldum hlut eins og að skylda sveitarfélögin til að nota Byggingargáttina og að innleiða rafrænar undirskriftir inn í gáttina má stytta byggingartíma og lækka byggingarkostnað sem síðan skilar sér í lægra byggingarverði,“ segir Sandra. Hún bætir við að það muni hafa meiri áhrif en marga grunar og tekur dæmi.

„Eins og staðan er í dag þarf að prenta allar teikningar út, og keyra með afritin til stofnana til að fá stimpla. Eins og gefur að skilja er það tímafrekt og dýrt. Annað dæmi er að svo hægt sé að fá nákvæmar tölur um það hversu mikið af húsnæði er í byggingu, þarf starfsmaður Samtaka iðnaðarins að keyra í þrjár vikur um landið og handtelja íbúðir í byggingu. Með öflugri innleiðingu á rafrænum lausnum eins og Byggingargáttin er munu þessir hlutir heyra sögunni til.“

> **Eins og staðan er í dag þarf að prenta allar teikningar út, og keyra með afritin til stofnana til að fá stimpla.**
>
> Sandra Hlíf Ocares, verkefnastjóri Byggingavettvangsins.



Spurð hvort mikil samstaða sé um breytingarnar sem útfærslur Byggingarvettvangsins fela í sér segir Sandra að svo sé. „Það er mikill einhugur um að nú sé kominn tími til að leysa þessi mál enda er húsnæði ein stærsta fjárfesting fólks á æviskeiði þess. Stjórnvöld hafa lagt aukna áherslu á að létta á regluverkinu í byggingariðnaði og skerpa á regluverkinu og tillögurnar sem komu fram í skýrslu átakshópsins gefa skýr skilaboð um að það eigi að taka þetta föstum tökum,“ segir Sandra.

Íslenski byggingavettvangurinn var settur á stofn árið 2016 sem samstarfsvettvangur fyrirtækja og stofnana sem koma að byggingarmálum. Hlutverk Byggingavettvangsins var síðan aukið á þann hátt að auk þess myndi hann fjalla um skipulagsmál í tengslum við byggingu íbúðarhúsnæðis. Sandra segir að útfærslurnar sem kynntar verði á mánudaginn snúi eingöngu að byggingarmálum. Skipulagsmálin verði tekin fyrir eftir áramót.

**thorsteinn@frettabladid.is**

# KRÓNAN

# Teljum niður dagana ...

## til jóla




Dekur snyrtivöru dagatöl

Snyrtivöru dagatal

**3999** kr. pk.




Herra snyrivöru dagatal

**3599** kr. pk.

Úúú ... bombur í baðið




Baðbombu dagatal

**4399** kr. pk.

Ilmandi gott jólate




Te dagatal

**1899** kr. pk.

Hollara fyrir börnin




Ávaxta dagatal

**999** kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Úrvalið er mismunandi eftir verslunum. Hægt er að finna mesta úrvalið í stærri verslunum Krónunnar.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

## Tveir fimmtán ára drengir meðal látinna

**ENGLAND** Breska lögreglan hefur gefið upp nöfn þeirra 39 einstaklinga sem fundust látnir í vöruflutningabíl í Essex á Englandi þann 23. október. Meðal látinna eru tíu ungmenni, þar af tveir fimmtán ára gamlir drengir. BBC greinir frá.

Rúmar tvær vikur hefur tekið að bera kennsl á hin látnu. Aðstoðarlögreglustjórinn í Essex, Tim Smith, sagði lögregluna hafa unnið hörðum höndum að því að bera á þau kennsl. „Við teljum það mikilvægan þátt í rannsókn málsins að veita áhyggjufullum fjölskyldum fórnarlambanna svör. Það hefur verið í forgangi hjá okkur að bera kennsl á hin látnu,“ segir Tim.

**Meðal látinna eru tíu ungmenni, þar af tveir fimmtán ára gamlir drengir.**

Fingraför, DNA-sýni, tannlæknaskýrslur og sérkenni líkt og húðflúr og ör voru notuð til að bera kennsl á fórnarlömbin.

Fólkið var allt frá Víetnam og í leit að betra lífi á Englandi. Hin 26 ára gamla Pham Thi Tra My sendi föður sínum smáskilaboð nóttina áður en fólkið fannst þar sem hún sagði honum að hún næði ekki andanum og að „ferðin hefði mistekist“.

Fjöldamargir hafa verið handteknir í tengslum við málið. Einn á Englandi, annar á Írlandi og ellefu í Víetnam. Tveggja írskra manna er enn leitað. **–bdj**

# Ráðherrar ætluðu að ganga út

**Hópur æðstu ráðamanna í Bandaríkjunum ætlaði að segja af sér til að mótmæla framgöngu Trumps Bandaríkjaforseta. Ítarlegar lýsingar á hegðun forsetans er að finna í nýrri bók. Hvíta húsið segir bókina lygar.**



**Demókratar á bandaríska þinginu og innanbúðarmenn í Hvíta húsinu sækja nú hart að Donald Trump Bandaríkjaforseta.** NORDICPHOTOS/GETTY

**BANDARÍKIN** Æðstu ráðamenn í ríkisstjórn Bandaríkjanna hugðust segja af sér til að mótmæla hegðun og framgöngu Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Þetta kemur fram í nýrri bók sem skrifuð er af nafnlausum höfundi sem ku vera núverandi eða fyrrverandi innanbúðarmaður í Hvíta húsinu.

Höfundurinn er sá sami og skrifaði nafnlausa grein í The New York Times í fyrra sem olli nokkru fjaðrafoki vestanhafs. Var þar farið yfir hvernig hópur ráðamanna í innsta hring hefði tekið sig saman með það að markmiði að koma í veg fyrir að tilfinningar forsetans sköðuðu hagsmuni Bandaríkjanna.

Bókin heitir Viðvörun, eða A Warning, og kemur út þann 19. nóvember. Dagblaðið The Washington Post er komið með eintak og voru nokkrar blaðsíður úr bókinni opinberaðar í þætti Rachel Maddow á sjónvarpsstöðinni MSNBC.

Stephanie Grisham, upplýsingafulltrúi Hvíta hússins, segir bókina lygar. „Alvöru höfundar hafa samband við þá sem þeir skrifa um til að fá staðreyndir á hreint. Þessi einstaklingur er í felum, sem gerir það ómögulegt,“ segir í bréfi Grisham til fjölmiðla. „Þessi heigull setti ekki nafn sitt á bókina því hann veit að bókin er ekkert nema lygar.“

Í bókinni segir að hópurinn, sem kennir sig við stöðugleika, hafi alvarlega íhugað að segja af sér á sama tíma til að mótmæla hegðun Trumps sem forseta og „koma í veg fyrir að hjólin rúlli undan bílnum“ eins það er orðað í bókinni. Hópurinn hafi svo hætt við þar sem aðgerðin gæti grafið undan stöðugleika í landinu. Viðurkennir höfundurinn að hópurinn hafi aldrei náð að hafa nein áhrif á forsetann.

Meðal þess sem kemur fram er að þegar verið var að ræða mikilvæg mál, jafnvel upp á líf og dauða, væri forsetinn aldrei búinn að undirbúa sig. Aðstoðarmenn forsetans hefðu bent ráðherrunum á að fá Trump aldrei löng minnisblöð í hendur því „hann mun aldrei lesa þau“. Það hafi leitt til þess að öll mál eru sett upp í glærusýningar.

„Það var helst PowerPoint því hann vill læra með myndum,“ segir höfundurinn um Trump. Síðar hafi komið beiðnir um að stytta glærusýningarnar og bæta við myndum því forsetinn ætti erfitt með að halda athygli. Allir sem gæfu skýrslu væru svo beðnir um að koma aldrei með meira en þrjá meginpunkta, hvort sem það væri um yfirlit fjármála eða stöðu hernaðarmála.

Í raun snerist upplýsingagjöf til forsetans um að mæta á fund og endurtaka sama hlutinn aftur og aftur þangað til hann næði því sem þyrfti að gera. Í eitt skipti hafi Trump svo fengið ítarlegt minnisblað áþekkt þeim sem forverar hans fengu í hendur. „Hvað í andskotanum er þetta?“ mun Trump hafa spurt. „Þetta eru bara orð. Fullt af orðum. Þau segja mér ekki neitt.“ Er forsetanum lýst sem „tólf ára barni í flugturni sem ýti handahófskennt á takka“.

Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna sendi bréf til útgefanda bókarinnar á mánudaginn með beiðni um upplýsingar um nafn höfundarins þar sem möguleiki væri á að verið væri að brjóta samningsbundinn trúnað. **arib@frettabladid.is**


FÉLAG SJÚKRAÞJÁLFARA
SAMTÖK FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU
LR 1909
SAMTÖK HEILBRIGÐISFYRIRTÆKJA
Tannlæknafélag Íslands

ANNMARKAR VIÐ KAUP RÍKISINS Á HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Málþing á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Læknafélags Reykjavíkur, Félags sjúkraþjálfara, Samtaka heilbrigðisfyrirtækja og Tannlæknafélags Íslands.

**Þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13.30 á hótel Reykjavík Natura**


Pétur Magnússon

Svanbjörn Thoroddsen

Dögg Pálsdóttir

Eybjörg Hauksdóttir

Kristján Guðmundsson

Haraldur Sæmundsson

Elín Sigurgeirsdóttir

Andrés Magnússon

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 13.30 - 13.40 | **Setning málþings** Pétur Magnússon, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og forstjóri Hrafnistuheimilanna |
| 13.40 - 14.10 | **Starfsumhverfi þjónustuveitenda í heilbrigðisþjónustu – ný skýrsla KPMG** Svanbjörn Thoroddsen, stjórnarformaður KPMG á Íslandi |
| 14.10 - 14.25 | **Lögin um opinber innkaup og þjónusta í almannaþágu sem ekki er af efnahagslegum toga** Dögg Pálsdóttir, hæstaréttarlögmaður |
| 14.25 - 14.40 | **Samningagerð við Sjúkratryggingar Íslands** Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu |
| 14.40 - 14.55 | **Hvað á ríkið að kaupa? Þarfagreining og forgangsröðun** Kristján Guðmundsson, formaður samninganefndar Læknafélags Reykjavíkur |
| 14.55 - 15.10 | **Félag sjúkraþjálfara og SÍ – saga, reynsla og staða** Haraldur Sæmundsson, formaður samninganefndar sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara |
| 15.10 - 15.25 | **Tannlæknafélag Íslands – samstaða og samvinna** Elín Sigurgeirsdóttir, fv. formaður Tannlæknafélags Íslands |

**Að framsögum loknum verða pallborðsumræður.**

**Fundarstjóri:** Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.

**Málþingið verður haldið á hótel Reykjavík Natura, þriðjudaginn 12. nóvember nk. kl. 13.30-16.00.**

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.**




**Gervihnattarmynd af eldum við Yuraygir-þjóðgarðinn í Nýja Suður-Wales.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Fordæmalaus fjöldi skógarelda

**ÁSTRALÍA** Yfirvöld í Ástralíu segja engin fordæmi fyrir þeim fjölda skógarelda sem geisa nú í Nýja Suður-Wales. Í gær loguðu meira en 90 skógareldar í fylkinu. Þar af eru 17 eldar metnir mjög alvarlegir.

Margir eldanna geisa á þurrkasvæðum þar sem hitinn fer upp í 35 gráður. Kröftugar vindhviður sjá svo um að dreifa eldinum.

Fregnir hafa borist af fólki sem fast er á heimilum sínum á eldsvæðum. Hafa yfirvöld hvatt fólk sem er lokað inni á svæðum vegna eldanna til að byrgja sig af í stað þess að reyna að flýja, það sé of seint.

„Við höfum aldrei séð svona mikla elda á mörgum stöðum á sama tíma,“ sagði Shane Fitzsimmons, slökkviliðsstjóri á svæðinu, við fjölmiðla í gær. „Við erum að feta ótroðnar slóðir.“

Í gærmorgun geisuðu 96 eldar í fylkinu. Þá var ekki búið að ná tökum á 57 eldum og 17 voru metnir mjög alvarlegir. Frá því að byrjaði að vora í september hefur slökkvilið tekist á við mörg hundruð skógarelda í Ástralíu, flesta í Nýja Suður-Wales. Tveir létust á heimili sínu í eldunum í október. Í síðustu viku brann tvö þúsund hektara griðasvæði fyrir kóalabirni, er óttast að mörg hundruð þeirra hafi orðið eldinum að bráð. **– ab**


Rauði þráðurinn
Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflgjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með 328 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrými að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar.
Fjórhjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.
Rauði þráðurinn er 50 ára samleikur HEKLU + AUDI sem færir þér e-tron 50 á fádæma afmælisverði.
– Skoðaðu úrvalið og tryggðu þér eintak á afmælisverðinu í sýningarsalnum á netinu:
hekla.is/audisalur
e-tron 50
Útsýni yfir Esjuna og Sundin, 100 metrum fyrir ofan hleðslustöðvar HEKLU á Laugaveginum
H + 
50 ára samleikur
+ Afmælispakki Basic
7.390.000 kr.
+ Afmælispakki Advanced
7.990.000 kr.
+ Afmælispakki Advanced S-line
8.890.000 kr.
*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði.
HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

**Gildi – lífeyrissjóður**

*Sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur*

*Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 17.00*

**Dagskrá:**

- Staða og starfsemi Gildis
  *Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis*
- Samspil ellilífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða
  *Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ*
- Nýtt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum og hlutverk fulltrúaráðs
  *Árni Hrafn Gunnarsson, lögfræðingur Gildis*

Fundarstjóri: *Áslaug Hulda Jónsdóttir, stjórnarmaður í Gildi*

Vakin er athygli á að efni fundarins verður þýtt jafnóðum á ensku og texta varpað á skjá

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs

GILDI Lífeyrissjóður www.gildi.is

Fyrstu skref að betri byggingamarkaði

Byggingavettvangurinn boðar til fundar á **Grand Hótel, mánudaginn 11. nóvember kl. 8.30–10.00 nk.** Kynntar verða fyrstu útfærslur á tillögum átakshóps ríkisstjórnarinnar um úrbætur í húsnæðismálum er snúa að byggingarmálum með auknum þætti rafrænnar stjórnsýslu og einföldun regluverks.

Við hlökkum til að sjá þig.

**Dagskrá**


Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra.


Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.


Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.


Hermann Jónasson, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · Samband íslenskra sveitarfélaga · Mannvirkjastofnun · SI Samtök iðnaðarins · Skipulagsstofnun · FSR Framkvæmdasýsla ríkisins

Fundarstjóri er Sandra Hlíf Ocares, verkefnastjóri Byggingavettvangsins.

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.00.

**Skráning á si.is.**

BVV Byggingavettvangurinn


**Kínverjar hafa áhyggjur af tölvuleikjanotkun barna.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Tölvuleikjanotkun barna í Kína verður takmörkuð

**TÖLVULEIKIR** Stjórnvöld í Kína hafa ákveðið að setja tímamörk á tölvuleikjanotkun barna. Munu allir undir 18 ára aldri ekki getað spilað netleiki frá klukkan 22.00 á kvöldin til 8.00 á morgnana. Þá verður netleikjanotkun takmörkuð við 90 mínútur á hverjum virkum degi og í 180 mínútur á helgardögum og opinberum frídögum.

Þá verður einnig sett þak á hversu miklum peningum börn og ungmenni mega verja til tölvuleikjanotkunar. Börn að 16 ára aldri mega aðeins eyða 200 júönum á mánuði, eða um 3.500 krónum, en 16 og 17 ára börn mega eyða tvöfaldri þeirri upphæð.

Áætlanir Kínverja voru kynntar á þriðjudaginn var en yfirvöld hafa miklar áhyggjur af tölvuleikjafíkn barna og telja að of mikil leikjanotkun hafi slæm áhrif á líkamlega og andlega heilsu barna. Hafa yfirvöld meðal annars gagnrýnt leikjaframleiðendur fyrir að hanna of ávanabindandi og tímafreka leiki. Á 9 mánaða tímabili árið 2018 voru yfirvöld treg til að gefa leyfi fyrir nýjum tölvuleikjum.

Netleikjaröskun (Internet Gaming Disorder) var skilgreind sem sjúkdómur af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni fyrir rúmu ári. Árið 2015 lést karlmaður í borginni Sjanghæ eftir að hafa spilað World of Warcraft samfleytt í 19 klukkutíma.

**» Árið 2018 voru tekjur kínverskra tölvuleikjafyrirtækja 38 milljarðar dollara, eða tæpar 5 billjónir króna.**

Kína er einn af stærstu tölvuleikjamörkuðum heims og stærsta tölvuleikjafyrirtæki heims, Tencent, hefur þar höfuðstöðvar. Árið 2018 voru tekjur kínverskra tölvuleikjafyrirtækja 38 milljarðar dollara, eða tæpar 5 billjónir króna.

Í kjölfarið á þessari reglubreytingu munu Kínverjar koma sér upp eftirlitsstofnun til að fylgjast með hvort leikjafyrirtækin fara eftir reglunum. Einnig að sérstöku auðkennisfyrirkomulagi verði komið á, það er að innskráningarkerfi fyrirtækjanna verði samkeyrt við þjóðskrá landsins. **– khg**


**Rafmynt ESB gæti keppt við Bitcoin og Libra.** NORDICPHOTOS/GETTY

# ESB skoðar kosti þess að taka upp eigin rafmynt

**VIÐSKIPTI** Evrópusambandið skoðar nú kosti þess að taka upp eigin rafmynt sem væri gefin út af Evrópska seðlabankanum (ECB). Málið hefur komist á skrið eftir að Facebook kynnti í júní síðastliðnum áætlanir um rafmyntina Libra.

Bruno Le Maire, fjármálaráðherra Frakklands, sagði á fundi með fréttamönnum í Brussel að um langtímaverkefni væri að ræða. Það kæmi þó ekki í veg fyrir að einhver niðurstaða gæti legið fyrir á næsta ári.

Reuters-fréttastofan hefur eftir háttsettum embættismanni ECB að vinna við tæknilega útfærslu sé þegar hafin. Stjórnvöld ESB-ríkja myndu fljótlega fá frekari upplýsingar um málið. Með upptöku rafmyntar vonast stjórnendur ESB til að geta minnkað kostnað við fjármagnsflutninga sem þeir telja of mikinn.

Fjármálaráðherrar ESB-ríkjanna ræddu málið meðal annars á fundi í Brussel í gær. Búist er við því að þeir sendi frá sér sameiginlega yfirlýsingu á næsta fundi sínum, sem haldinn verður í desember, þar sem framtak ECB er fagnað.

Nokkrar mismunandi sviðsmyndir eru til skoðunar en sú róttækasta gerir ráð fyrir að viðskiptavinir geti opnað eigin bankareikning hjá ECB. Önnur leið sem er í skoðun er að bankar hafi milligöngu um að veita viðskiptavinum sínum rafmynt sem ECB gæfi út.

Heimildarmaður Reuters lagði áherslu á að á þessu stigi snerist umræðan fyrst og fremst um það hvort upptaka rafmyntar væri fýsileg fyrir ESB eða ekki. **– sar**










OPIÐ TIL
KL 21
ÖLL KVÖLD

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is


SPARIÐ 20%
AF ALLRI JÓLAVÖRU
OG JÓLALJÓSUM
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR ÚT 10.11

# FRÁBÆR TILBOÐ!

## SPARIÐ 40%
AF ÖLLUM **ROYAL DREAM OG COMFORT LUXE SPRINGDÝNUM**

## SPARIÐ 44%
AF **MELVIN 3 + 2**

FULLT VERÐ: ~~179.950~~

**99.900**

GILDIR ÚT 12.11

## COMFORT LUXE RÚM
SPARIÐ ALLT AÐ **30.000**

COMFORT LUXE

NÚ VERÐ FRÁ:

**69.950**

GILDIR ÚT 12.11

## SPARIÐ 25%
AF ÖLLUM **ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLUM**

## SPARIÐ 20-40%
AF ÖLLUM **LEIKJA- OG SKRIFBORÐSSTÓLUM**

## SPARIÐ 42%
AF **EASY LYFTI HÆGINDASTÓL**

FULLT VERÐ: ~~69.950~~

**39.950**

## SPARIÐ 20%
AF ÖLLUM **SKRAUTPÚÐUM**

## SPARIÐ 25%
AF ÖLLUM **SÆNGURVERUM**

## SPARIÐ 20%
AF ÖLLU **KING COLE GARNI**

## SPARIÐ 20%
AF ÖLLUM **PLASTKÖSSUM**

25 lítra

55 lítra

100 lítra

13 lítra

37 lítra

# Táknmynd illskunnar



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Á þessum degi, 9. nóvember, fyrir þrjátíu árum, féll Berlínarmúrinn.

„Varnarveggur gegn fasisma“ sem reistur var árið 1961, fangelsaði þegna hinnar sósíalísku paradísar sem annars hefðu lagt á flótta undan kúguninni. Í sama tilgangi hafði sæluríkið komið upp meira en milljón jarðsprengjum á landamærunum í vestri ásamt öðrum vígvélum. Þúsundir grimmra árásarhunda áttu einnig að varna mönnum frelsis.

Margir reyndu, svo slæmt var ástandið. Sumum tókst það, en á annað hundrað féllu við flóttatilraunir.

Berlínarmúrinn var tákngervingur kalda stríðsins, stjórnkerfis mannvonsku og lygi. Hann var ímynd þjóðskipulags þar sem tjáningar-, funda- og ferðafrelsi var fótum troðið. Hann var teikn hagkerfis stöðnunar og heimskulegrar oftrúar á getu ríkisskipulags alls mannlífs.

Fjölskyldur, vinir og nágrannar í Austur- og Vestur-Berlín voru aðskildir í 28 ár. Í Þýska alþýðulýðveldinu voru þegnarnir undir stöðugu eftirliti leynilögreglunnar Stasi. Fólk var neytt til uppljóstrana og eftirlits hvert með öðru. Börn voru jafnvel hvött til að segja til foreldra sinna.

Stjórn- og valdakerfi kommúnista í Mið- og Austur-Evrópu var þó komið að fótum fram og það splundraðist. Ófrelsið og stöðnunin varð ljós. Ekki yrði aftur snúið.

Þessi ríki voru efnahagslega komin í þrot. Hagvöxtur þeirra fjaraði út. Efnahagskerfið, sem batt atvinnugreinar á klafa ríkisreksturs og ofskipulags, virkaði ekki til lengdar. Afleiðingin var stöðnun á flestum sviðum. Samanburður á miðstýringu austursins og viðskiptafrelsi vestursins fyrir lífskjör almennings varð æ skýrari. Frjálsir menn skapa og framleiða meira.

Ríkisstjórnir hinna sósíalísku ríkja, sem sátu í skjóli Ráðstjórnarríkjanna, tóku að hrynja hver á fætur annarri. Hrun Berlínarmúrsins varð sögulegur punktur í þeirri þróun.

Við tók sameining Þýskalands sem var og verður flókið viðfangsefni næstu áratuga. Enn er austurhlutinn talsvert frábrugðinn. Sameinað Þýskaland telst vart fullkomið en fáum dylst að lífskjör almennings eru betri.

Þeir eru til sem telja sameiningu ríkjanna mistök. Líkt og í Sovétríkjunum sakna sumir öryggis og stöðugleika einræðisins. Þrátt fyrir njósnir um eigin þegna voru leikskólapláss. Þrátt fyrir miklar ferðatakmarkanir og vöruskort var atvinna flestra tryggð, að minnsta kosti í orði.

Þrjátíu ára sögu hins illræmda múrs lauk þegar harðstjórnin lyppaðist niður, þrotin að kröftum, en fólkið reif niður, nánast með berum höndum, þessa táknmynd illskunnar.

Þessa skal minnst. Frelsi og borgaraleg réttindi eru ekki sjálfgefin. Þau kalla á þjóðskipulag sem þarf sífellt að verja.

**Þrjátíu ára sögu hins illræmda múrs lauk þegar harðstjórnin lyppaðist niður, þrotin að kröftum, en fólkið reif niður, nánast með berum höndunum, þessa táknmynd illskunnar.**

Gunnar







SAFNIÐ

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS


## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Baráttan um fiskimiðin

Sem barn þoldi ég ekki soðinn fisk stappaðan í kartöflur. Í minningunni var rétturinn á borðum að minnsta kosti þrisvar í viku á uppeldisárum mínum. En fjarlægðin gerir fjöllin blá. Í dag grípur mig reglulega fortíðarþrá og djúpstæð löngun í stappaðan fisk. Ég kaupi stundum íslenskan þorsk hér í London þar sem ég bý. Mér dytti þó aldrei í hug að stappa hann út í óbreyttar kartöflur. Hvers vegna ekki? Kílóverðið á íslenskum þorski í stórmarkaðnum sem ég versla í er rúm 23 pund, eða 3.700 krónur. Til samanburðar er kílóverðið á kjúklingnum sem ég kaupi undir sama vörumerki 800 krónur. Í Bretlandi er verð á íslenskum þorski svipað og á góðri nautasteik. Slíkan munaðarvarning stappar maður einfaldlega ekki út í kartöflur.

Í vikunni var kynnt til sögunnar við mikinn fögnuð nýtt íslenskt lággjaldaflugfélag, Play. Atvinnugreinar koma og fara. Bankabólan sprakk. Túristavertíðin stendur nú sem hæst. Einn er þó sá atvinnuvegur sem er eins og rauður þráður gegnum atvinnusögu Íslendinga.

Um aldamótin 1900 birtust við strendur Íslands risastór erlend skip úr stáli sem voru knúin áfram af gufuafli. Þetta voru mikil ferlíki í samanburði við litlu árabátana sem Íslendingar notuðust við. Um var að ræða breska togara. Þeir ruddust inn á fiskimiðin með botnvörpur sem hreinsuðu upp fisk eins og ryksugur eftir að hafa gert út af við þorskstofninn við eigin strendur. Ágangur þessara erlendu togskipa var svo mikill að menn höfðu á orði að ástandið væri á við að togararnir toguðu upp í kálgörðum bænda. Margir óttuðust að þessi stórvirku veiðarfæri myndu gera út af við fiskistofna við landið.

Árið 1905 eignuðust Íslendingar sinn fyrsta togara. Togaraflotinn óx hratt og á fyrstu þremur áratugum 20. aldar fimmfaldaðist fiskafli Íslendinga. Fiskveiðar voru kraftaverkið sem kippti Íslandi loks út úr hinum myrku miðöldum inn í nútímann. Þær voru undirstaðan að efnahag landsins og nýfengnum auðæfum þess. Íslendingar voru staðráðnir í að leyfa engum að ógna helsta lífsviðurværi sínu.

Árið 1901 gerðu Danmörk og Bretland samning um þriggja mílna landhelgi umhverfis Ísland og Færeyjar. Bresku togararnir urðu að halda sig fyrir utan það svæði. En þegar leið á öldina tóku Íslendingar sjálfir upp á því að stækka landhelgi sína. Bretar urðu brjálaðir. Upphófst hin sögufræga barátta um fiskimiðin kringum Ísland sem hlaut heitið þorskastríðin.

### Fordæmalaust góðærisskeið

Enn er sjávarútvegurinn ein mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga. Eins og undirrituð er óþyrmilega minnt á í hvert sinn sem hún kaupir í matinn fer heimsmarkaðsverð á þorski stöðugt hækkandi og eftirspurnin eykst. Það hljóta að teljast góð tíðindi fyrir íslenskan almenning. Eða hvað?

Í nýlegri úttekt á Kjarnanum fjallar ritstjórinn Þórður Snær Júlíusson um arðsemi sjávarútvegsins sem hefur átt „fordæmalaust góðærisskeið síðastliðinn áratug“. Í greininni kemur fram að frá árinu 2010 hafi íslensk sjávarútvegsfyrirtæki greitt eigendum sínum 92,5 milljarða króna í arð og hagur fyrirtækjanna hafi vænkast um 447,5 milljarða króna frá árinu 2008 til loka síðasta árs. Almenningur hefur þó ekki notið góðs af velgengni greinarinnar að sama marki.

Frá árinu 2011 og út síðasta ár greiddi sjávarútvegurinn 63,3 milljarða króna í veiðigjöld. Þórði Snæ reiknast til að hagur sjávarútvegsfyrirtækja landsins á umræddu tímabili hafi aukist um sjö sinnum þá upphæð sem greidd hefur verið í veiðigjöld fyrir afnot af auðlindinni, sameign íslensku þjóðarinnar.

Fiskveiðar eru undirstaða efnahags landsins – arðurinn gæti verið styrk undirstaða velferðar þjóðarinnar. Íslendingar ættu að berjast af jafnmikilli staðfestu fyrir eðlilegri hlutdeild í hagnaði sjávarútvegsins og þeir börðust gegn Bretum fyrir útvíkkun landhelginnar. Má vera að kominn sé tími á nýtt þorskastríð?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# STÓRBOTIN SAGA ÓLAFS JÓHANNS!

★★★★★

- Goodreads

**INNFLYTJANDINN EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON**

**Mögnuð** skáldsaga um mátt og árekstur menningarheima, um vegi ástarinnar og óblíð örlög, um lystisemdir lífsins, vonir manna og vonbrigði. Hér sýnir Ólafur Jóhann Ólafsson allar sínar bestu hliðar í **heillandi sögu**.



ÁRNASÝNIR




**2.**

**Metsölulisti Eymundsson**

**Íslensk skáldverk**

★★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatímanum (um Málverkið)

**„Frábærlega hæfileikaríkur höfundur.“**
Boston Globe.

**„Maður dáist að því hvað Ólafur Jóhann er kraftmikill og heillandi sagnamaður.“**
Kirkus Reviews.

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

# Liverpool getur aftur stungið af

**Liverpool fær Manchester City í heimsókn í toppslag í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla á Anfield á morgun. Leikmenn Liverpool fá þar tækifæri til þess að komast níu stigum fram úr andstæðingi sínum í baráttunni um enska meistaratitilinn en þeim mistókst það í svipaðri stöðu síðasta vetur.**

**ENSKI BOLTINN** Manchester City og Liverpool voru í algjörum sérflokki á síðasta keppnistímabili í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla. Baráttu liðanna um enska meistaratitilinn lauk í síðustu umferð deildarinnar síðasta vor þar sem Manchester City stóð uppi sem meistari. Liverpool var með forystu framan af tímabili í fyrra en sigur Manchester City í toppslag liðanna í janúarbyrjun reyndist vendipunktur á tímabilinu.

Svipuð sviðsmynd er uppi núna þar sem Liverpool hefur sex stiga forskot á Manchester City fyrir leik liðanna í 12. umferð deildarinnar sem fram fer á Anfield á morgun. Liverpool hafði hins vegar sjö stiga forystu þegar leikurinn á Etihad-leikvanginum hófst á síðasta keppnistímabili. Leicester City og Chelsea eru svo í seilingarfjarlægð frá toppbaráttunni eins og sakir standa en ekki var búist við slíkum stórræðum af þeim liðum þegar yfirstandandi leiktíð hófst.

Skotin hafa gengið á milli knattspyrnustjóra Manchester City og Liverpool en Pep Guardiola hóf vikuna á að saka Sadio Mané um leikaraskap og Jürgen Klopp svaraði þeim ummælum með því að væna Manchester City um að stunda taktísk brot með skipulögðum hætti. Þeir sögðu þó báðir að gagnkvæm virðing væri á milli þeirra og þeir hlökkuðu til þess að mætast um helgina.

Manchester City er í vænlegri stöðu í riðli sínum í Meistaradeild Evrópu og gat farið nokkuð afslappað inn í leikinn gegn Atalanta í miðri viku. Púlsinn hefur samt líklega hækkað töluvert hjá Guardiola þegar hann sá aðalmarkvörð sinn, Ederson, rölta meiddan af velli í þeim leik. Ederson verður ekki klár í tæka tíð fyrir leik morgundagsins en líklega mun Claudio Bravo af þeim sökum standa á milli stanganna í þessum mikilvæga leik.

Klopp gat aftur á móti leyft sér að hvíla Mohamed Salah sem hefur verið að glíma við ökklameiðsli undanfarnar vikur en hann fór af velli í upphafi síðari hálfleiks í sigrinum á móti Genk. Þá hefur Jordan Henderson hrist af sér veikindin sem urðu til þess að hann missti af leiknum við belgíska liðið. Einhverjar áhyggjuraddir sögðu Virgil van Dijk hafa meiðst en stuðningsmenn Liverpool geta sofið rólegir þar sem hann er klár í slaginn.

Tölfræðin er á bandi Liverpool í þessum leik en liðið hefur einungis beðið ósigur einu sinni í síðustu 28 deildarleikjum liðanna á Anfield og Liverpool hefur ekki tapaði í 16 síðustu viðureignum liðanna í deildinni. Þegar litið er á síðustu fimm leiki liðanna í deildinni er jafnræði með þeim en ef 5-0 sigur Manchester City í leik þeirra í september árið 2017 er tekinn út fyrir sviga þá hefur hvort lið um sig haft betur í einum leik og tveimur leikjanna hefur lyktað með jafntefli.

hjorvaro@frettabladid.is

## 10

**Markahrókurinn Sergio Aguero hefur aldrei skorað á Anfield í tíu tilraunum.**

## 16

**Ár eru liðin síðan Man. City vann síðast á Anfield.**

### Líklegt byrjunarlið Man.City

**Claudio Bravo**
**Walker Stones Otamendi Mendy**
**Gündogan Fernandinho De Bruyne**
**Sterling Agüero Bernardo**

### Líklegt byrjunarlið Liverpool

**Alisson**
**Trent Alexander Van Dijk Lovren Robertson**
**Henderson Fabinho Wijnaldum**
**Salah Firmino Mané**










ENNEMM / SÍA / NM96694

**Fyrsti rafdrifni jepplingurinn.**
**Drægi 449 km*.**

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. *Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira.

**Opið í dag frá 12–16**

HYUNDAI

**Hyundai KONA 100% rafbíll, 2WD.**
**Verið velkomin í reynsluakstur.**

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.




**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 10. nóvember eða á meðan birgðir endast.*





* **Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og jafngildir 19,35% afslætti.**
Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.
Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Réttu handtökin

## Að gefa start

Hjörtur Gunnar Jóhannesson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda kennir réttu handtökin við að gefa bílum start.

„Nýir og nýlegir bílar eru með ýmsum flóknum tölvu- og rafeindabúnaði sem getur verið viðkvæmur fyrir snöggum breytingum á spennu í rafkerfinu. Þess vegna er það mikilvægt, þegar gefa á bíl með tóman rafgeymi startstraum með startköplum milli bíla, að tengja kaplana milli þeirra í réttri röð,“ segir Hjörtur og gefur leiðbeiningar um hvernig það megi gefa start þannig að ekki verði hætta á skemmdum sem kostað getur stórfé að lagfæra.



**Hjörtur Gunnar Jóhannesson hjá FÍB.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

1. Þegar startkaplar eru tengdir milli bíla og annar bíllinn er með fullhlaðinn rafgeymi en hinn með tóman, neistar á milli þegar 4. og síðasta kapalklemman er tengd. Á því augnabliki sem neistinn myndast getur orðið allt að 3.000 volta yfirspenna.
2. Áður en startkaplarnir eru tengdir er í öryggisskyni skynsamlegt að fjarlægja lyklana úr kveikilásum beggja bílanna.
3. Þegar startkaplarnir eru tengdir skal síðasta kapalklemman látin bíta sig fasta við ómálaðan málm.
4. Þegar startkaplarnir eru tengdir við báða bílana skal setja hjálparbílinn (þann sem gefur strauminn) í gang og síðan skal starta straumlausa bílnum.
5. Þegar bíllinn með tóma geyminum er kominn í gang skulu startkaplarnir vera tengdir saman um stund. Þetta skal gera til að forðast að neisti og yfirspenna hlaupi út í „galopið“ rafkerfið eftir að búið er að gefa straum og skemmi eða eyðileggi rafeindabúnað bílanna.

FÍB mælir með: Notið einvörðungu vandaða startkapla.

**Kennslumyndband og frekari leiðbeiningar á fréttabladid.is.**


**Helga Arnardóttir, fjölmiðlakona og barnabókahöfundur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gamall draumur rættist

**Helga Arnardóttir** hefur lengi unnið við fjölmiðla og heimildarþáttagerð. Nú hefur hún skipt um gír og skrifað barnabók, þar sem sögusviðið er byggt á persónulegri reynslu frá æskuárum.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is


Fjölmiðlakonan Helga Arnardóttir gaf nýverið út sína fyrstu barnabók, Nína óskastjarna og ævintýrið á Álfhóli. Helga hefur starfað bæði hjá RÚV og Stöð 2 og er þekkt fyrir vandaða heimildarþætti um sakamál.

Helga segir að ákvörðunin um að gerast barnabókahöfundur hafi ekki verið tekin á einum degi. „Um leið og ég fór að hafa það að atvinnu að skrifa sem fréttamaður þá vaknaði með mér þörf til að skrifa skapandi texta úr mínum hugarheimi og það eru allnokkur ár síðan það gerðist. Mig hefur samt dreymt um það í mörg ár að gefa út barnabók og loksins hefur sá draumur ræst,“ segir Helga.

Bókin er komin út hjá Sölku og fékk Helga frænku sína Ylfu Rún Jörundsdóttur til að myndskreyta. „Hún teiknaði svo ólýsanlega fallegar myndir við söguna,“ segir hún. En um hvað fjallar sagan?

„Bókin fjallar um Nínu óskastjörnu sem er skemmtileg stelpa með bein í nefinu. Hún er borgarbarn en dvelur oft hjá ömmu sinni á sveitabæ sem stendur við borgarmörkin. Einn daginn lendir amma í vanda og til stendur að eyðileggja bæinn hennar því það á að nota lóðina undir lúxushótel sem sveitarfélagið ætlar að byggja. Nína vill hjálpa ömmu og fyrir utan að treysta á mátt óskarinnar sem getur oft verið svo sterkur kallar hún eftir stuðningi álfanna sem búa í stórum steini í garðinum hjá ömmu,“ segir Helga.

Sagan sjálf er hreinn skáldskapur en söguviðið byggir að einhverju leyti á persónulegri reynslu Helgu, frá þeim árum þegar hún bjó við Elliðavatn, sem hún kallar sannkallaðan töfrastað. „Ég gekk oft fram hjá litlum hvítum bæ þar sem eldri kona var oft að huga að blómunum í garðinum og geymdi meðal annars blóm í barnavagni sem vakti athygli mína,“ segir hún. „Byggingarstefnan hefur verið svo mikil síðustu ár við vatnið og ég hugsaði svolítið um þessi gömlu gildi, eins og örlög litla hvíta bæjarins sem nú hefur verið rifinn, því miður.“

Helga er hvergi nærri hætt að skrifa. Þegar er önnur saga um Nínu óskastjörnu tilbúin og sú þriðja mallar í kollinum á henni. Þá er hún einnig að skrifa handrit að barnamynd sem hún vonast til að líti dagsins ljós í náinni framtíð.

Rétt eins og margir rithöfundar hefur hún áhyggjur af minnkandi bókalestri barna og telur mikilvægt að við hættum ekki að lesa fyrir börnin, jafnvel þó að þau séu orðin læs. „Þau elska þá samverustund engu að síður og það örvar málþroska þeirra og hugsun.“ Mikilvægt sé einnig að halda bókum að börnum, reyna að hafa stjórn á snjallsímanotkun og styðja við íslenska barnabókaútgáfu.



**Fyrsta bókin um Nínu óskastjörnu er komin út.**


OUTLET DAGAR
30-60%
AFSLÁTTUR
50%
kr. 4.495.-
LEVÍ
Flíspeysa
Áður
kr. 8.990.-
HJÖRDÍS
Úlpa
Áður
kr. 34.990.-
50%
kr. 17.495.-
50%
kr. 17.495.-
HRANNAR
Úlpa
Áður
kr. 34.990.-
LENA
Flíspeysa
Áður
kr. 8.990.-
50%
kr. 4.495.-
56%
kr. 15.990.-
JULIE
Úlpa
Áður
kr. 35.990
ICEWEAR
ICEWEAR
FÁKAFEN 9
LAUGAVEGUR 91
ICEWEAR · ICELAND ·
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
OUTLET TILBOÐ GILDA EINUNGIS Í ICEWEAR, FÁKAFENI 9,
ICEWEAR MAGASÍN, LAUGAVEGI 91 OG Í VEFVERSLUN ICEWEAR.IS
Frí heimsending á icewear.is

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is



# Vinnur við að rannsaka eigið líf

Dovelyn Rannveig Mendoza starfar sem sérfræðingur á sviði fólksflutninga. Sjálf fluttist hún til Íslands frá Filippseyjum þegar hún var sextán ára eftir langan aðskilnað frá mömmu sinni. Hún þekkir því af eigin raun þann heim sem bíður erlends vinnuafls.



Dovelyn Rannveig Mendoza segir að bakgrunnur sinn nýtist vel í starfi þar sem mjög fáir sem rannsaki fólksflutninga hafi persónulega reynslu af því. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lífið hefur fært Dovelyn Rannveigu Mendoza frá fátækrahverfum Manila til Amsterdam með viðkomu á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hún starfar sem sérfræðingur á sviði fólksflutninga og hefur því í rauninni atvinnu af því að rannsaka eigið líf. Dovelyn var stödd hérlendis á dögunum þar sem hún tók þátt í pallborðsumræðum um erlent vinnuafl á Íslandi á Þjóðarspeglinum.

Þegar blaðamaður hitti Dovelyn var hún í óðaönn að lesa um nýjustu rannsóknir og fréttir af stöðu erlends vinnuafls á Íslandi, hóps sem hún tilheyrði einu sinni sjálf. Nú starfar hún við ráðgjöf á sviði stefnumótunar um fólksflutninga. Dovelyn var spennt fyrir því að eyða nokkrum dögum ásamt eiginmanni sínum í gamla heimalandinu áður en hún héldi í næstu fundarferð sem að þessu sinni er til Víetnams.

Tengsl Dovelyn við Ísland má rekja til þess að frænka hennar fluttist til Íslands seint á áttunda áratugnum. „Hún giftist Íslendingi en á þessum tíma bjuggu mjög fáir Filippseyingar hér. Með hennar hjálp fluttu margir ættingjar okkar líka til Íslands.“

Svo fór að móðir Dovelyn ákvað að slást í þennan stækkandi hóp Filippseyinga sem freistaði gæfunnar á Íslandi, í tæplega ellefu þúsund kílómetra fjarlægð. „Mamma kom til mín og sagðist ætla að flytja til Íslands. Ég hafði aldrei heyrt um landið áður. Hún vildi búa okkur betra líf og á Íslandi gat hún aflað meiri peninga.“ Dovelyn og pabbi hennar urðu eftir í Manila þar sem þau bjuggu í einu af fátækrahverfum borgarinnar. Þegar mamma hennar fór til Íslands voru tvær vikur í níu ára afmæli Dovelyn.

### Saknaði mömmu

*En hvernig var það fyrir unga stúlku að vera svona fjarri mömmu sinni?*

„Það var mjög erfitt. Pabbi ól mig í rauninni upp og við urðum mjög náin. Við mamma fjarlægðumst hins vegar þótt við héldum sambandi í gegnum bréfaskriftir. Ég man að hún breyttist mikið eftir að hún flutti til Íslands. Auðvitað saknaði ég hennar mjög mikið en ég veit það núna að án peninganna sem hún sendi okkur hefði líf okkar í Manila orðið mjög erfitt.“

Dovelyn fann einnig til öfundar í garð mömmu sinnar, til dæmis þegar hún sá myndir af henni á ferðalögum um Evrópu og í hópi ættingja á Íslandi. „Mér leið eins og hún lifði lífi sem ég væri ekki hluti af.“

Peningarnir sem mamma Dovelyn sendi heim til Filippseyja gerðu feðginunum kleift að lifa ágætu lífi í Manila. Á þessum árum voru börn á Filippseyjum sex ár í grunnskóla og svo tók við fjögurra ára framhaldsskólanám. Þegar Dovelyn var sextán ára og hafði lokið þessu námi hvatti mamma hennar hana til að koma líka til Íslands. Ef hún kæmi hingað áður en hún yrði átján ára gæti hún fengið íslenskan ríkisborgararétt. Úr varð að Dovelyn flutti til Íslands en hún hafði þá aðeins hitt mömmu sína tvisvar sinnum allan þann tíma sem þær bjuggu hvor í sinni heimsálfunni. Þetta var árið 1995 en Dovelyn fékk svo íslenskan ríkisborgararétt ári síðar og tók upp millinafnið Rannveig.

„Við gengum í gegnum erfiðan tíma þarna strax eftir að við sameinuðumst á ný. Ég þurfti í rauninni að kynnast mömmu upp á nýtt. Það tók sinn tíma en ég get í dag verið þakklát fyrir að við eigum mjög fallegt samband.“

Dovelyn hafði hug á því að halda námi sínu áfram á Íslandi og hélt hún gæti farið í háskóla. Hún komst hins vegar að því að fyrst þyrfti hún að klára íslenskan menntaskóla og í staðinn fékk hún vinnu í niðursuðuverksmiðju Ora.

### Góðar minningar frá Ora

*Hvernig minnist hún tímans í verksmiðjunni?*

„Ég vann þarna í eitt og hálft ár. Um helgar hjálpaði ég svo mömmu við að þrífa heima hjá fólki til að drýgja tekjurnar. Mér leið vel hjá Ora. Ég átti góða vinnufélaga og mér fannst mér alls ekki mismunað að neinu leyti. Sérstaklega minnist ég Kristjáns, yfirmanns míns, sem skutlaði okkur heim ef það var vont veður. Einu sinni man ég eftir því að hafa næstum því eyðilagt eina vélina í verksmiðjunni. Ég var bara sextán ára unglingur og unglingar gera oft heimskulega hluti. Kristján leit á mig og spurði hvað ég væri

# PIER

20%



**DARCY** þriggja sæta sófi. Velúr áklæði. 232x77x95cm. ~~269.900 kr.~~ Nú 215.920 kr.

30%



**MANHATTAN** sófi. Velúr áklæði. 220x90x77 cm.~~189.900 kr.~~ Nú 132.930 kr.

20%



**PORTLAND** þriggja sæta sófi. Fæst einnig ljósgrár og svartur. 215x85x80 cm. ~~79.900 kr.~~ Nú 55.930 kr.

20%



**NOTTING HILL** þriggja sæta sófi. 246x106x84cm ~~179.900 kr.~~ Nú 143.920 kr.

## SÓFADAGAR

# 20-50%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM

40%



**NOTTING HILL** legubekkur. 140x82x85cm. ~~129.900 kr.~~ Nú 77.940 kr.

20%



**REGINA** tveggja sæta sófi. 130x92xH107 cm. ~~99.900 kr.~~ Nú 79.920 kr.

20%



**TORONTO** þriggja sæta sófi. Velúr áklæði. 230x94x67cm. ~~149.900 kr.~~ Nú 119.920 kr.
**VÆNTANLEGUR Í 3 LITUM- HÆGT AÐ FORPANTA**

20%



**HAAG** tungusófi. Einnig fáanlegur sem hornsófi kemur bæði í dökku og ljósu áklæði. 325x143x210cm. ~~199.900 kr.~~ Nú 159.920 kr.

50%



**MUNICH** þriggja sæta sófi. 270x90x68cm. ~~229.900 kr.~~ Nú 114.950 kr.

20%



**NOTTING HILL** tungusófi. Velúr áklæði. 260x150x85 cm. ~~289.900 kr.~~ Nú 231.920 kr.

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Þetta tilboð gildir 7- 14. nóvember. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

VEFVERSLUN
WWW.PIER.IS

**KORPUTORG**
LAU OG SUN 12-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30

**SELFOSS**
LAU 10-18 SUN 12-18 - VIRKIR DAGAR 11- 18:30

eiginlega að gera. Mér leið hörmulega og var viss um að hann myndi reka mig. Hann horfði hins vegar á mig með föðurlegum vonbrigðasvip og sagði að ég yrði að passa að þetta gerðist ekki aftur. Að vissu leyti er hann táknmynd fyrir allt það góða fólk sem ég vann með. Svo man ég eftir henni Guðbjörgu sem kenndi mér svo margt um lífið og hvernig ég ætti að vera sterk.“

Dovelyn fékk svo inngöngu í einn af bestu háskólum Filippseyja og hún nýtti tímann á Íslandi til að safna sér peningum fyrir náminu og uppihaldinu. Eftir að hún lauk því námi kom hún aftur til Íslands til að safna sér peningum. Hún fékk vinnu í þvottahúsinu Fönn. „Þar var ég í hálft ár að pressa jakkaföt. Ég var best í því,“ segir hún hlæjandi.

Dovelyn leið vel í vinnunni hjá Fönn og minnist sérstaklega samstarfskonu sinnar Rósu. „Hún var yndisleg eldri kona en okkur kom mjög vel saman. Við unnum vinnuna okkar hratt og vel og höfðum þá tíma til að spjalla. Ég man ekki alveg hvernig við gerðum það því hún talaði enga ensku og ég litla sem enga íslensku. En þetta virkaði einhvern veginn.“

**Diplómatadraumur**

Eftir hálft ár í þvottahúsinu fór Dovelyn aftur til Filippseyja. Þar kynntist hún fyrri eiginmanni sínum sem er Bandaríkjamaður af filippseyskum uppruna. Þau fluttust árið 1999 saman til Bandaríkjanna þar sem Dovelyn bjó að mestu leyti til 2017. Hún fékk inngöngu í Georgetown-háskóla í Washington DC þaðan sem hún útskrifaðist með meistaragráðu í utanríkisþjónustu. Ástæða námsvalsins var engin tilviljun og á sér skemmtilega sögu.

„Mig langaði alltaf að verða diplómati og Georgetown er besti háskólinn til að undirbúa sig fyrir slíkt. Við mamma unnum meðal annars við þrif á heimili Doris Briem. Hún var 94 ára og hafði átt mjög merkilega ævi en hún var gift Helga P. Briem sem vann lengi hjá íslensku utanríkisþjónustunni. Hún sagði mér sögur af lífshlaupi sínu og sýndi mér myndir. Svo sagði hún mér að ég ætti annaðhvort að giftast diplómata eins og hún hefði gert eða gerast sjálf diplómati. Þannig að vegna þess að ég vann við að þrífa hjá þessari konu á Íslandi ákvað ég að gerast diplómati.“

Sá draumur átti þó ekki eftir að rætast því eftir að Dovelyn lauk náminu í Georgetown fór hún að vinna fyrir hugveitu á sviði fólksflutninga. Hugmyndin var að vinna þar meðan hún biði eftir bandarískum ríkisborgararétti.

„Ég varð hins vegar alveg heilluð af þessari vinnu og þessum málefnum. Þetta var eitthvað sem snerti mig og mína lífsreynslu með áþreifanlegum hætti. Ég fæ borgað fyrir að rannsaka eigin ævi sem er mjög áhugavert. Sjónarhorn mitt er svolítið öðruvísi vegna bakgrunns míns. Það eru fáir að rannsaka þessa hluti sem hafa unnið í verksmiðjum og sem húshjálp. Mér finnst þessi reynsla mín frá Íslandi gefa mér mikla dýpt og innsæi sem ég annars hefði ekki. Ég er enn að vinna að þessum málum öllum þessum árum seinna.“

**Jóga og útivist**

Dovelyn kynntist núverandi eiginmanni sínum, Hein de Haas, á ráðstefnu í Genf. Hann er prófessor í félagsfræði við Háskólann í Amsterdam og hefur stundað rannsóknir á sviði fólksflutninga. Hann flutti meðal annars aðalfyrirlesturinn á Þjóðarspeglinum þar sem hann ræddi um erlent starfsfólk á Íslandi í alþjóðlegu samhengi. Dovelyn flutti til Amsterdam árið 2017 þar sem þau Hein búa nú. Með þeim búa tveir synir Dovelyn af fyrra hjónabandi. Edgar, sem er 19 ára, stundar hagfræðinám við Háskólann í Amsterdam og Stefano, sem er 16 ára, er í menntaskóla. Hein á tvær dætur af fyrra hjónabandi, hina 17 ára gömlu Selmu og 12 ára gömlu Dalilu.



Dovelyn og Hein giftu sig í Hollandi síðasta sumar. Mamma Dovelyn, til vinstri, og Nora, frænka hennar sem býr á Íslandi, eru hér með brúðhjónunum.



Hér er fjölskyldan, frá vinstri Selma, Edgar, Hein, Dovelyn, Stefano, Dalila og tveir frændur, þeir Kaspar og Sacha.

**ÉG ÞURFTI Í RAUNINNI AÐ KYNNAST MÖMMU UPP Á NÝTT. ÞAÐ TÓK SINN TÍMA EN ÉG GET Í DAG VERIÐ ÞAKKLÁT FYRIR AÐ VIÐ EIGUM MJÖG FALLEGT SAMBAND**

**EN EF ÉG HUGSA UM TÍMANN HJÁ ORA OG FÖNN OG SAMSTARFSFÓLKIÐ OG VININA SEM ÉG EIGNAÐIST ÞAR ÞÁ NÁÐUM VIÐ EINHVERRI TENGINGU SEM ÉG HEF EKKI FUNDIÐ ANNARS STAÐAR.**

„Við störfum bæði á sviði fólksflutninga, hann í akademíunni en ég við stefnumótun. Við deilum ástríðu og í rauninni gremju yfir því hvernig við getum breytt umræðunni um fólksflutninga og innflytjendur. Hann er líka djasspíanisti og mikill áhugamaður um jóga og útivist. Hann dró mig í jóga og gönguferðir. Ég hefði aldrei trúað því að ég yrði farin að stunda jóga og komin í gönguskó. Snemma í okkar sambandi gengum við til dæmis síðustu 300 kílómetra Jakobsvegarins saman.“

Reynsla Dovelyn af vinnu í verksmiðjum á Íslandi nýtist henni í starfi sínu í dag. Hún starfar bæði með alþjóðlegri stofnun á sviði félagssögu auk þess að veita ríkisstjórnum og alþjóðastofnunum ráðgjöf um stefnumótun á sviði fólksflutninga. „Ég nýtti til dæmis reynslu mína af störfum í verksmiðju á Íslandi þegar ég var í vettvangsskoðun í verksmiðju í Jórdaníu. Ég gat strax fundið á mér að það var eitthvað að þarna í þessari verksmiðju.“

**Vel tekið á Íslandi**

Að mati Dovelyn var það íslenska samfélag sem tók á móti henni um miðjan tíunda áratuginn að mestu leyti fordómalaust. Henni hafi að jafnaði verið vel tekið þó að það tæki langan tíma að kynnast Íslendingum það vel að þeir byðu henni heim til sín.

„En þegar þeir höfðu boðið þér heim til sín varstu orðinn vinur þeirra. Þetta er það Ísland sem ég þekki. Reynslan var samt ekki öll góð. Ég man að þegar ég kom hingað prófaði ég að vinna á veitingastað. Ég entist í fjóra daga og vann stanslaust allan tímann. Eini tíminn sem ég gat aðeins slakað á var þegar ég þóttist þurfa að fara á klósettið. En ef ég hugsa um tímann hjá Ora og Fönn og samstarfsfólkið og vinina sem ég eignaðist þar þá náðum við einhverri tengingu sem ég hef ekki fundið annars staðar. Ég hef unnið í Washington DC og á mörgum frábærum stöðum en aldrei fundið svona tengingu.“

Dovelyn segir að flutningur vinnuafls milli landa og heimshluta geti skilað miklum ávinningi. „Ég tala af eigin reynslu. Ef mamma hefði ekki komið hingað veit ég ekki hvar ég væri stödd í dag. Við pabbi bjuggum í fátækrahverfi í Maníla og hann var illa haldinn af berklum. Ákvörðun mömmu að flytja til Íslands og fara að vinna í verksmiðju bjargaði okkur frá miklum erfiðleikum. Hún starfaði áður sem kennari á Filippseyjum en fór að vinna hjá Álafossi á Íslandi og seinna í frystihúsi. Ég fékk tækifæri sem ég hefði ekki annars fengið í lífinu. En ég veit það vel, bæði af eigin reynslu og sem fræðimaður á þessu sviði, að þetta er ekki alltaf svona.“

**Stolt af mömmu**

Fjölskylda Dovelyn á Íslandi hefur náð að aðlagast íslensku samfélagi vel sem að mati hennar er lykilatriði þegar kemur að erlendu vinnuafli. „Ég horfi á aðra kynslóð Filippseyinga á Íslandi og þeir eru orðnir Íslendingar að öllu leyti. Þeir tala fullkomna íslensku, stunda háskólanám og gengur vel í samfélaginu.“

Pabbi Dovelyn jafnaði sig af berklunum og flutti til Íslands ári á eftir dóttur sinni. Hann fékk vinnu sem klæðskeri á saumastofu 66°Norður en hann hafði starfað sem slíkur á Filippseyjum. Eftir að hann fór á eftirlaun fluttist hann aftur til Filippseyja þar sem hann lést árið 2015.

Móðir Dovelyn býr enn þá hluta ársins á Íslandi.

„Hún er nú hætt að vinna og býr á Íslandi frá maí til desember en hinn hlutann á Filippseyjum. Henni leiddist íslenski veturinn. Ég á enn þá mikið af ættingjum sem búa á Íslandi og raunar búa flestir ættingjar mömmu hérna enn. Mamma hélt að hún gæti flutt aftur heim til Filippseyja. Þegar hún var komin þangað áttaði hún sig á því að ættingjarnir og vinirnir voru á Íslandi. Fyrir hana er Ísland orðið annað heimili. Ég er stolt af henni og öllum þeim fórnum sem hún færði fyrir okkur og ég veit að hún er líka stolt af mér.“

# ÞÚ FINNUR GÆÐIN MEÐ BROS Á VÖR

# TIL HAMINGJU

# MEÐ ÞAÐ!




**Til hamingju pokarnir bíða þín glaðir í bragði í næstu verslun.**

Það er alltaf stutt í brosið ef þig vantar bragðgóða hollustu, nasl eða nesti fyrir heilbrigðan lífsstíl og gleði.

**Til hamingju með þetta**
Baunir og linsur
Hnetur og fræ
Hamingjusnakk
Kókos og rúsínur
Múslí og morgunkorn

TIL HAMINGJU











Rán og Vigdís segja að það hafi verið sérlega skemmtilegt að sitja saman á Aragötunni og sökkva sér ofan í textann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vigdís í myndum og máli

**Rán Flygenring** skrifar og myndskreytir barnabók um **Vigdísi Finnbogadóttur**, konuna sem var fyrst kvenna til að vera kosin forseti. Rán segir þetta eitt skemmtilegasta verkefni sem hún hafi unnið.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Vigdís – Bókin um fyrsta konuforsetann eftir Rán Flygenring fjallar vitanlega um Vigdísi Finnbogadóttur. Ung stúlka, sem ætlar sér að verða rithöfundur, bankar upp á hjá Vigdísi á Aragötunni því hún vill skrifa bók um hana. Þær taka tal saman og stúlkan fræðist um ævi og hugmyndir Vigdísar. Gríðarlega skemmtilegar teikningar Ránar eru stór hluti af bókinni.

„Hugmyndin að bókinni kom frá Eddu Hafsteinsdóttur. Hún á þrjár dætur og bjó í Kaliforníu þar sem er mikið framboð af barnabókum um hetjur og þá sérstaklega kvenhetjur. Henni fannst ótrúlegt að svona bók hefði ekki komið út um Vigdísi og kom með hugmyndina að slíku verki til útgefenda minna í Angústúru. Mér var falið verkefnið fyrir tveimur árum, þannig að aðdragandinn er búinn að vera nokkuð langur,“ segir Rán. „Áður en ég byrjaði að vinna bókina hittumst við Vigdís heima hjá henni. Auk samtala við hana studdist ég mikið við bók Páls Valssonar um Vigdísi. Það er hægt að segja þessa sögu á svo margan hátt en þegar ég var búin að ákveða mína aðferð þá skotgekk þetta. Þetta er eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef unnið.“

„Þegar Rán kom fyrst hingað á Aragötuna tók ég eftir því hversu gríðarlega mikla athyglisgáfu hún hefur, eins og sést í bókinni. Það er ekki til sá hlutur sem hún hefur ekki tekið eftir hér inni. Hún náði öllum smáatriðum á frábæran hátt. Meira að segja mynd af okkur pabba frá því ég var eins árs rataði inn í bókina. Hún er búin að sökkva sér ofan í þessi 89 ár sem ég hef lifað og lýsir mér á mjög skemmtilegan hátt og gerir mig svolítið sniðuga, sem er ekki verra,“ segir Vigdís.

„Þegar bókin var komin nokkuð vel á veg þá var óskaplega gaman að sitja á Aragötunni með Vigdísi sem sökkti sér ofan í textann með mér. Stundum sagði hún: Svona myndi ég ekki segja þetta, og breytti þá orðalagi sem mér fannst alveg frábært. Það bætti bókina mikið,“ segir Rán.

**Samþykki Jóns forseta**

Vigdís segist hafa sérstakt dálæti á mynd í bókinni sem sýnir hana á svölum Alþingishússins eftir að hafa tekið við forsetaembættinu við formlega athöfn. Mannfjöldi sést fagna henni og styttan af Jóni Sigurðssyni brosir í átt til hennar. „Þetta er alveg stórkostleg mynd þar sem ég stend á svölunum í túrkísbláa kjólnum og Jón Sigurðsson stendur á móti mér og segir: Vér mótmælum ekki þessu. Þetta er svo brilljant,“ segir Vigdís.

Þetta er ekki eina bókin í jólabókaflóði þessa árs þar sem lesa má um Vigdísi. Henni bregður fyrir í Ungfrú fótbolti eftir Brynhildi Þórarinsdóttur þar sem hún hefur mikil áhrif á ungar stúlkur sem stunda knattspyrnu árið 1980, sama ár og Vigdís er í forsetaframboði. „Það sem mér finnst ég hafa gert einna mikilvægast í lífinu er að gefa ungum stúlkum trú á sjálfar sig. Þær hugsa: Ef hún gat það þá get ég það. Ég finn það svo oft og heyri það svo oft. Mér finnst þetta tvímælalaust aðalinntakið í því sem ég hef gert á ævinni.“

**ÞAÐ SEM MÉR FINNST ÉG HAFA GERT EINNA MIKILVÆGAST Í LÍFINU ER AÐ GEFA UNGUM STÚLKUM TRÚ Á SJÁLFAR SIG.**

**Gjöf til fólksins**

Fyrir hvert selt eintak af bókinni verður gróðursett tré í samstarfi við Yrkjusjóð Vigdísar og Skógræktarfélag Íslands. „Fólkið í landinu var alltaf að gefa mér eitthvað og ég vissi ekki hvað ég ætti að gefa því en svo datt mér í hug það snilldarbragð að gróðursetja. Þá var ég ekki að hugsa um loftslagsmálin sem við tölum svo mikið um núna, ég var að hugsa um að binda landið sem í þá daga var að fjúka burt. Auðvitað þótti öllum þetta mjög gaman,“ segir Vigdís. „Krakkarnir komu og gróðursettu þrjú tré, eitt fyrir stráka og stelpurnar gróðursettu það og annað fyrir stelpur og strákarnir gróðursettu það og svo eitt fyrir ófæddu börnin. Þá sagði einn lítill strákur einu sinni: Æ, en hún mamma ætlar ekki að eiga fleiri börn!“

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 9. NÓVEMBER 2019

Betra blóðflæði




Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum

100% HREINT KOLLAGEN FYRIR ANDLITIÐ




Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is



Hjónin Sólveig Grétarsdóttir og Hörður Þór Harðarson keyptu Verslun Guðsteins Eyjólfssonar í sumar. Þau leggja áherslu á að halda gamla sjarmanum en hafa bætt við fatnaði fyrir yngri herra og létt aðeins upp á umhverfið í búðinni. Verslunin er glæsileg og býður góða þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vonast til að geta verið áfram á Laugavegi

Ein elsta verslun landsins, Verslun Guðsteins, sem fagnaði aldarafmæli á síðasta ári, hefur fengið andlitslyftingu með nýjum eigendum. Viðskiptavinirnir þurfa þó engu að kvíða því vandaður herrafatnaður er enn á sínum stað. →2



**Þessir sátu fyrir í fyrstu myndasyrpu Verslunar Guðsteins. Hér eru Theódór Júlíusson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Samúel Aron.**



**Hallgrímur Helgason situr fyrir í nýjustu myndaseríu Verslunar Guðsteins.**



**Sjón er glæsilegur í jakkafötum frá Verslun Guðsteins.** MYNDIR/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR



**Ragnar Helgi Ólafsson rithöfundur er í nýju seríunni fyrir Verslun Guðsteins.**

**Framhald af forsíðu ➪**

Hjónin Sólveig Grétarsdóttir og Hörður Þór Harðarson keyptu verslunina í sumar. Sólveig hefur starfað þar frá árinu 2016. „Það er nóg af nýtísku verslunum í Reykjavík en þessi verslun er gimsteinn sem þarf að hlúa að. Við ætlum okkur að vera áfram á Laugaveginum þrátt fyrir að Reykjavíkurborg geri okkur það erfitt,“ segir Sólveig sem fann vel fyrir samdrætti í sölu í sumar þegar bæði Laugavegur og hliðargötur voru lokaðar. „Rótgrónir viðskiptavinir sögðust ekki treysta sér niður í miðbæ vegna lokunar gatna,“ segir hún og bætir við að núna sé að hefjast skemmtilegur tími með jólainnkaupum.

Sólveig bendir á að til þess að hafa blómlegan miðbæ þurfi að vera góðar verslanir og góð aðkoma. „Íslendingar þurfa að vera duglegri að koma í miðbæinn, ekki bara á kvöldin. Það væri svo sorglegt ef gamlar og fallegar verslanir þyrftu að leggja upp laupana,“ segir hún.

## Frægir í glugganum

Sólveig hefur bryddað upp á þeirri nýjung í búðinni að láta ljósmynda þekkta Íslendinga í herrafatnaði frá Guðsteini og myndirnar hafa verið settar upp í glugga verslunarinnar.

„Þetta hefur vakið ómælda ánægju hjá vegfarendum sem staldra við og taka myndir,“ segir hún. „Ég fékk þessa hugmynd haustið 2016 og við fengum Ástu Kristjánsdóttur ljósmyndara í lið með okkur. Í fyrstu myndasyrpunni voru Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Theódór Júlíusson, Kristinn Jónsson og Samúel Aron. Í þeirri næstu leituðum við til söngvara og það lukkaðist frábærlega. Í þeirri myndasyrpu voru Megas, Ragnar Bjarnason og Emmsjé Gauti.

Bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn hafa staðið fyrir utan gluggann og virt fyrir sér myndirnar. Ferðamennirnir hafa komið í búðina og spurst fyrir um þessa menn á myndunum sem er mjög skemmtilegt.

Í næstu viku er komið að þriðju myndasyrpunni sem verður ekki síður flott. Þá koma í gluggann rithöfundarnir Hallgrímur Helgason, Sigurjón Birgir Sigurðsson, Sjón, og Ragnar Helgi Ólafsson. Það verður spennandi að sjá hvaða viðbrögð þeir fá,“ segir Sólveig.

## Virðing og góð þjónusta

Þegar Sólveig er spurð hvers vegna hún vildi eignast þessa gömlu verslun, svarar hún: „Mér þykir vænt um þessa verslun og þykir starfið mjög skemmtilegt. Ég hef alltaf verið miðbæjarkona og fannst tækifæri í að fara í rekstur hér á Laugaveginum. Ég ber mikla virðingu fyrir Verslun Guðsteins sem hefur alltaf lagt áherslu á gæðafatnað fyrir karlmenn og selur hágæða vörur.

Ég ætla að halda í gamla stílinn, halda fallegu innréttingunum þótt smávægilegar breytingar hafi verið gerðar. Ég opnaði glugga baka til sem gefur meiri birtu inn í búðina og léttir andrúmsloftið. Einnig máluðum við búðina og ég hef komið inn með persónulega muni. Við viljum taka búðina skrefinu lengra en þó hægt og rólega. Ég horfi til fallegu, gömlu eðalherrafataverslananna í London sem eiga mikla sögu og leggja ríka áherslu á persónulega þjónustu. Ég vil að viðskiptavinum þyki þeir vera að koma inn í stofu þar sem er þægilegt og rólegt andrúmsloft.

## Kynslóð eftir kynslóð

Sólveig hefur frá því hún hóf störf hjá Guðsteini lagt áherslu á að höfða til yngri herra jafnt sem þeirra eldri með breiðari fatalínu.

„Við höldum tryggð við okkar fastakúnna og höldum í þau merki sem hér hafa verið lengi en erum að bæta við nýjum merkjum sem höfða til yngri karlmanna. Hér verða áfram hinar gríðarlegu vinsælu Meyer buxur en margir koma í búðina og kaupa þær aftur og aftur. Þeir þurfa ekki lengur að máta heldur biðja bara um ákveðna stærð. Markmið okkar er að þjónusta kynslóð eftir kynslóð. Eldri karlmenn í dag eru meðvitaðir um tísku og vilja vera vel klæddir og smart.“

## Jólabúðin

Sólveig segir að Verslun Guðsteins sé jólabúðin því þangað leita margar konur að jólagjöfum.

„Peysur, náttföt, skyrtur, bindi eða sokkar, allt eru þetta vinsælar gjafir fyrir herra. Við erum með mikið úrval af fallegum og góðum sokkum jafnt fyrir töffara sem lúna fætur. Einnig dýrari gjafir eins og vandaða frakka. Ekki má gleyma sixpensurum og höttum en slíkar vörur hafa alltaf verið vinsælar hjá okkur.

Síðan hafa konur komið hingað til að kaupa sér trefla eða peysur fyrir sjálfar sig. Þær eru líka hrifnar af þessari vöru. Mikil áhersla er lögð á vandaðan fatnað á hagstæðu verði frá góðum þýskum, dönskum, ítölskum og enskum framleiðendum,“ segir hún.

„Verslun Guðsteins hefur alltaf verið jólaverslun með frábærar jólagjafir fyrir soninn, eiginmanninn, kærastann eða afann. Við höfum lagt áherslu á að hafa vandaðan herrafatnað fyrir allan aldur.“

Verslunin hefur lengi boðið úrval jakkafata, stakra jakka og annan fatnað frá þýska merkinu Digel en fyrir rúmum tveimur árum fóru þeir að framleiða mjög flotta línu af skóm sem núna er hægt að fá hjá okkur,“ segir Sólveig og bætir við að veitt sé persónuleg þjónusta og afgreiðslufólk aðstoði herrana við val á jakkafötum eða öðru því sem þá vanhagar um.

## Setur svip á Laugaveginn

Verslun Guðsteins Eyjólfssonar hefur verið í sama húsinu að Laugavegi 34 frá árinu 1929 en hún var fyrst opnuð árið 1918. Guðsteinn lét sjálfur byggja húsið á Laugavegi en það hefur vakið athygli fyrir glæsileika. Utan á húsinu er mynd sem margir kannast við en þar er sýnt hvernig binda á bindishnút. Myndin er orðin eitt af einkennum verslunarinnar og ferðamenn stoppa gjarnan við hana og taka myndir.

Í vinnslu er endurgerð á heimasíðu Guðsteins og netverslun sem Sólveig vonast til að geta opnað eftir áramótin. Þá getur hún þjónustað allt landið á einfaldan hátt og einnig þá sem eiga erfitt með gang og leggja ekki í að fara á Laugaveginn.



**Þórir Svan Árnason er hér til vinstri með þeim Herði og Sólveigu. Þórir hefur lengi unnið í versluninni og þekkir föstu kúnnana vel og veit hvað þeir vilja. Þórir mun standa vaktina áfram með nýjum eigendum í versluninni.**




**Hvernig á að binda bindishnút. Þessi mynd á veggnum hjá Guðsteini vekur mikla athygli vegfarenda og er mikið mynduð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Í annarri myndasyrpunni sem Ásta Kristjánsdóttir tók fyrir Verslun Guðsteins sitja þeir fyrir Emmsjé Gauti, Ragnar Bjarnason og Megas.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Pizza og bjór með bestu lyst

**Enzymedica eru gríðarlega öflug meltingarensím sem hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi. Þau auðvelda meltingu á flestum mat og losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.**

Færðu í magann, uppþembu og loft þegar þú borðar steik ? Hvað með pizzu og bjór ? Það vandamál er ótrúlega vel þekkt og fjölmargir hreinlega hættir að leyfa sér slíkan munað. Sumir fá líka óþægindi og uppþembu eftir máltíðar en vita ekki af hverju en afar líklegt er að þetta tengist skorti á meltingarensímum því þau sjá um niðurbrot fæðunnar.

## Ensím brjóta niður fæðuna

Meltingarensím eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Sumir þola ekki ákveðnar fæðutegundir og stundum gerist það þegar við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm að líkaminn nær ekki að „lesa skilaboðin rétt“ eða getur ekki framleitt nægilega mikið af ensímum. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu, fæðuóþoli eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn á að skila okkur.

## Pizza og bjór með góðri lyst

Haraldur Egilsson er 46 ára sjómaður og mikill ævintýramaður sem hefur bæði gaman af því að elda góðan mat og borða hann. Hann hefur oft fundið fyrir uppþembu eftir matinn og eitt af því sem hann hefur nánast þurft að sleppa alveg í einhver ár er að fá sér pizzu og þá einn ískaldann bjór með. Þegar hann prófaði svo eitt hylki af Digest Gold með uppáhalds föstudagsmatnum, varð alger viðsnúningur og það vottaði ekki fyrir þeim óþægindum sem höfðu hrjáð hann áður.

"Mér finnst rosalega gott að fá mér bjór með pizzu en því miður þá verð ég alltaf svo uppþemdur eftir það. Ég er ekki mikið fyrir að borða einhver bætiefni, en eftir að konan var búin ýta þessa að mér nógu oft, ákvað ég að prófa að taka eitt hylki af Digest Gold fyrir máltíðina og viti menn, þetta bara svínvirkaði!“





Haraldi leið illa í maganum eftir að hafa borðað pizzu en segir að eftir að hann prófaði að taka hylki af Digest Gold fyrir máltíðina breyttist líðanin.

## 1 hylki sýnir árangur

Meltingarensím eru eitt af fáum bætiefnum þar sem ekki þarf að bíða eftir árangri. Einungis eitt hylki þarf til að finna muninn en það er tekið við upphaf máltíðar og ensímin verða virk strax. Taka þarf hylki með öllum máltíðum sem geta valdið óþægindum og hafa ensímin ekki nein áhrif á aðra líkamsstarfsemi nema þá til góðs þar sem meltingin verður betri. Við fáum meltingarensím að stórum hluta úr ávöxtum, grænmeti og flestu hráfæði en þau „deyja“ flest við eldun. Enzymedica eru náttúruleg meltingarensím og má líkja hverju hylki við fulla skál af salati þegar horft er til magns meltingarensíma.

## Hver þarf meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtæk og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir & ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Góð meltingarensím vinna einnig vel með mjólkursýrugerlum þar sem ensímin brjóta niður fæðuna og auðvelda þ.a.l. upptöku næringarefna og gerlarnir byggja upp öfluga þarmaflóru.

**Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtæk og hugsanlega finnur fólk fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum.**




**Þú finnur muninn strax!**

> „Mér finnst rosalega gott að fá mér bjór með pizzu en því miður þá verð ég alltaf rosalega uppþemdur eftir það. Ég akvað að prófa að taka "Digest Gold" fyrir máltíðina og viti menn, þetta bara svínvirkaði!
>
> **Haraldur Egilsson, sjómaður og ævintýragjarn matgæðingur**

Sölustaðir eru apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

Eplaedik
– lífsins elexír

Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaraðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika.

Auk eplaediks inniheldur Apple Cider ætiþistil, túnfífil og kólín sem getur elft meltinguna, haft góð áhrif á lifrina og leitt til eðlilegs niðurbrots á fitu. Svo er króm sem er gott fyrir blóðsykursjafnvægið og slær þannig á sykurlöngun.

**Aðeins ein tafla á dag og ekkert bragð!**






- Hreinsandi
- Vatnslosandi
- Gott fyrir meltinguna
- Getur lækkað blóðsykur
- Getur dregið úr slímmyndun
- Gott fyrir þvagblöðru, lifur og nýru

NEW NORDIC

# Lúxus að búa á síkjunum

Húsbátar á síkjum Amsterdam hafa lengi verið tiltölulega ódýr staður til að búa á í borg með hátt fasteignaverð. En á síðustu árum hefur þetta breyst og nú sækir efnað fólk í síkin.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það hafa orðið hraðar breytingar á fasteignamarkaðnum á síkjum Amsterdam í Hollandi. Árum saman hafa húsbátarnir verið ódýr húsakostur í borg með hátt fasteignaverð en bara á síðustu fimm árum hefur verðið hækkað um 30 til 40 prósent og í dag er það efnað fólk með áhuga á nýrri hönnun, þægindum og sjálfbærni sem er að taka sér bólfestu á síkjum borgarinnar. Christopher F. Schuetze fjallaði um þessar breytingar við New York Times á dögunum.

Árið 1999, þegar Karen Bosma flutti bátinn sinn fyrst til Borneokade, rétt norðaustan við miðborg Amsterdam, samanstóð hverfið aðallega af bryggjum og vannýttum vöruhúsum.

„Þá var þetta fyrir fátæka," segir hún. „Margir listamenn bjuggu í bátum."

Á síðustu tuttugu árum hafa Karen og eiginmaður hennar svo alið upp tvo syni í bátnum sínum, sem er 25 metra langt vöruflutningaskip frá 1912 sem búið er að taka vélina, eldsneytistankana og lestina úr.

Rétt hjá skipi Karenar liggur skipið B18, 40 metra langt glæsihýsi á tveimur og hálfri hæð sem inniheldur yfir 280 fermetra íbúð.

„Þetta þarf að vera skip að utan og hús að innan," segir Gijs Haverkate, sem bjó skipið til og býr á því með fjölskyldu sinni. Hann er hönnuður og vonast til að báturinn hans verði öðrum innblástur til að byggja á vatninu. Hann rekur fyrirtækið UrbanShips, sem byggir sérhannaða húsbáta sem líta út eins og skip.

Það eru þó ekki bara fínni skip sem útskýra þá miklu hækkun sem hefur orðið á fasteignaverði í síkjunum, heldur hefur bryggjupláss líka hækkað mjög mikið í verði. Týpískt bryggjupláss á síkjum Amsterdam getur kostað rúmlega 62 milljónir króna, en það er breytilegt eftir staðsetningu og stærð. Í sumum tilvikum sitja hins vegar eldri og óuppgerð skip í þessum plássum sem eru kannski minna en þriggja milljóna króna virði.



Í Amsterdam eru 165 síki og samanlögð lengd þeirra er yfir 100 kílómetrar. Á þeim eru um 2.500 húsbátar. Hluti síkjanna í miðborginni hafa verið á heimsminjaskrá UNESCO síðan 2010.



Áður fyrr voru síkin full af vinnubátum sem hafði verið breytt, en nú er sífellt meira um fljótandi hús.



Það getur verið dýrt og erfitt að koma sér fyrir á síkjunum en það hefur samt líka ýmsa spennandi kosti.



Síðustu fimm ár hefur fasteignaverð á síkjum Amsterdam hækkað um allt að 40 prósent. Áður fyrr bjuggu fátækir á síkjunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fljótandi hús, ekki bátar

Það sem virðist þó skipta fólk meira máli en verð á bryggjuplássum er arkitektúr húsbátanna. Áður fyrr voru bryggjuplássin fyllt vinnubátum sem hafði verið breytt, en nú eru sífellt fleiri pláss skipuð fljótandi húsum sem eru hönnuð til að líta út eins og skip, en hafa ekkert af búnaðinum sem þarf til siglinga. Þessi hús eru betur einangruð en bátar og bjóða upp á betri nýtingu á plássi og orku.

Skip Bobs van Wely, AM 58, er gott dæmi um möguleikana sem eru fólgnir í að endurhanna bát sem heimili fyrir fjölskyldu. Skipið er 35 metra langt og var áður togari. Til að nýta bryggjuplássið sem best var ákveðið að lengja skipið um rúmlega níu metra og svo var allt tekið úr skipinu sem hafði ekki notagildi á nútíma heimili. Bob van Wely er arkitekt og hann breytti stýrishúsinu í skrifstofu og lestinni í rúmgóða stofu sem hefur að geyma píanó. Stefnið er svo yfirbyggt og þar er gestaherbergi.

Báturinn er kyntur með hitadælu og sólarsellum og það er stór hitari í eldhúsinu sem heldur herbergjum heitum á veturna og hitar vatn sem vermir gólfið.

„Það er hlýtt og notalegt hér, líka á veturna," segir Bob, sem flutti um borð með maka sínum og fjórum börnum þeirra á síðasta ári.

„Maður getur haldið áfram að búa í borginni, en maður er ekki lengur í þrengslum."

Eftir að hann lauk breytingunum á bát sínum hefur Bob sérhæft sig í húsbátum sem arkitekt.

## Erfitt að komast að

Húsbáturinn var ódýrari kostur en hús fyrir Bob, en það er að mörgu leyti erfiðara og flóknara að koma sér upp heimili á síkjunum en í hefðbundnari húsakynnum.

Bátar sem eru á síkjunum hafa varanlegt leyfi til að leggjast að bryggju og það er selt með bátunum. Eina leiðin til að flytja nýjan bát í síkin er ef einhver sem á bát ákveður að selja bryggjuplássið og flytja þann gamla úr borginni eða selja hann í brotajárn. Borgaryfirvöld hafa líka flóknar reglur um stærð, stíl og hönnun bátanna og þær breytast með árunum og eru ólíkar milli síkja. Eini hollenski bankinn sem hjálpar fólki að fjármagna húsbátakaup lánar líka bara fyrir bátum, en ekki bryggjuplássum.

Það er líka svo gríðarlegur fjöldi báta á síkjum Amsterdam að það getur tekið mörg ár að bíða eftir að pláss losni, ef maður vill ekki kaupa bát til að fá pláss.

Af ýmsum ástæðum eru margir sem nota eigið fjármagn og það stuðlar að því að í auknum mæli er það efnað fólk sem býr á síkjunum.

En þrátt fyrir að þetta sé erfitt og dýrt sjá fáir eftir því að taka sér bólfestu á síkjunum í þessari fallegu og skemmtilegu borg, sem er umkringd iðandi mannlífi og laus við þrengslin sem einkenna íbúðir í miðborg Amsterdam.

TILBOÐ
SÚPA OG FJÓRIR RÉTTIR
Kjúklingur í karrýsósu
Núðlur með grænmeti
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Lambakjöt í piparsósu
Tekið með heim
1.890 kr. (á mann)
Borðað á staðnum
2.200 kr. (á mann)
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is
Opið alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00
KINAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022





# Singles’ day

LAUGARDAGUR 9. NÓVEMBER 2019



## Bestu kaup ársins

Singles‘ Day er söluhæsti dagur netverslana í öllum heiminum. Þá gefast lygilegir afslættir af öllu á milli himins og jarðar. Brynja Dan Gunnarsdóttir er konan sem kom Íslendingum á Singles‘ Day-bragðið.

Brynja Dan kom landsmönnum upp á lag með stórafslætti netverslana á heimsvísu árið 2014. Í kjölfarið bættust við íslenskar netverslanir með sín frábæru tilboð á Singles’ Day. MYND/ALDÍS PÁLS

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Singles' Day er hátíð þeirra sem vilja hafa það kósí á aðventunni, vera snemma í jólainnkaupunum og spara sér stórfé," segir Brynja Dan Gunnarsdóttir, forsprakki netútsöludagsins Singles' Day á Íslandi.

„Ég hratt Singles' Day af stað hér á landi árið 2014 því mér fannst ástæða til að kynna þennan frábæra dag fyrir Íslendingum. Hann hefur síðan vaxið og dafnað með hverju árinu sem líður og sífellt fleiri netverslanir stökkva á vagninn. Það er svo óneitanlega gaman þegar kaupmenn úr öllum áttum og í ólíkum verslunarrekstri geta verið vinir í einn dag og gert dásemdum netverslana hátt undir höfði," segir Brynja kát og full tilhlökkunar fyrir komandi Singles' Day.

## Stórútsöludagur heimsins

Nafngiftin Singles' Day er upprunnin í Kína. Þar í landi er 11. nóvember í hávegum hafður sem Dagur einhleypra því dagsetningin 11.11. samanstendur af tölustafnum einum (1), sem vísar til þess að standa einn á eigin fótum og vera stoltur af því.

„Dagur einhleypra fékk nýja merkingu árið 2013 þegar kínverska stórfyrirtækið Alibaba, sem er án efa stærsti netverslunarrisi heims, ákvað að gera daginn að stórútsöludegi netverslana þar í landi. Það var gert til að koma jólaversluninni af stað og sem mótsvar við stórútsöludögunum Black Friday og Cyber Monday," útskýrir Brynja um tilurð Singles' Day sem nú teygir anga sína um allan heim.

> Singles' Day er hátíð þeirra sem vilja hafa það kósí á aðventunni, vera snemma í jólainnkaupunum og spara sér stórfé.

„Fyrir netverslanir á Íslandi var annaðhvort að hoppa á bandaríska Cyber Monday-vagninn eða kínversku Singles' Day-kerruna, sem varð úr, enda víðfræg orðin um víða veröld. Þannig seldi Alibaba fyrir 17,8 milljarða Bandaríkjadala á Singles' Day í fyrra en aðeins 3,34 milljónir dala á Black Friday. Það segir sitt um þetta risastóra og viðskiptavæna fyrirbæri sem Íslendingar geta nú tekið þátt í og nýtt sér hér heima."

## Afslættir sem um munar

Í árdaga netverslunar voru landsmenn hikandi við að gefa upp kreditkortaupplýsingar á netinu.

„Nú á dögum er það óþarfa hræðsla og löngu búið að sannreyna að kortaviðskipti á netinu eru örugg. Flest kort eru tryggð ef eitthvað óeðlilegt kemur upp á," segir Brynja sem í upphafi vildi sjá hvort Singles' Day kæmi íslenskum netverslunum á flug eins og annars staðar í heiminum.

„Ég ákvað því að vekja athygli á þessum degi hér heima til að sjá hvort netverslun Íslendinga færi ekki á skrið. Sú varð raunin enda er þetta stórskemmtilegur dagur fyrir bæði verslanir og viðskiptavini þeirra og léttir mikið undir í jólastressinu," segir Brynja og víst er að bæði íslenskar netverslanir og íslenskir neytendur tóku Singles' Day fagnandi.

„Viðtökurnar urðu fljótt ótrúlega góðar og ég hef ekki heyrt neitt nema gott frá þeim netverslunum sem tekið hafa þátt. Oftar en ekki hefur Singles' Day reynst þeirra stærsti söludagur á árinu. Þetta er líka afsláttur sem um munar og telur vel þegar fólk þarf að kaupa margt og mikið fyrir jólin," upplýsir Brynja.

## Hagstæð jólainnkaup heima

Singles' Day er hvalreki fyrir þá sem vilja sleppa við langar biðraðir í jólaversluninni, tímafrekan umferðarþunga og ys og þys í aðdraganda jóla.

„Það er þægilegt að geta slakað á heima í stofu, tyllt sér upp í sófa með malt, appelsín og smákökur, komast í jólaskap og skoða sig um í glæsilegum netverslunum sem bjóða fádæma flottan varning á miklum afslætti á Singles' Day.

> Á miðnætti á morgun, þegar dagsetningin breytist í 11. nóvember, fer maður á 1111.is til að gera bestu kaup ársins og undirbúa jólin heiman úr stofu.

Langflestir nota þennan dag til að minnka jólastressið, klára að kaupa flestar ef ekki allar jólagjafirnar og fá þær sendar heim, jafnvel innpakkaðar með slaufu," segir Brynja sem hefur nýtt sér það óspart í gegnum árin að versla á netinu.

„Við erum jú öll meðvituð um ástandið í heiminum og allir reyna að minnka við sig og kaupa minna. Við gefum þó enn jólagjafir og þá er frábært að geta gert það á sem hagkvæmastan hátt fyrir budduna, draga úr mengun í umferðinni, forðast heilsuspillandi streituvalda, velja vörur sem mæta kröfum okkar um vistvænni lífsstíl og kaupa eitthvað vandað og sem okkur vantar í raun og veru. Mig bráðvantar til dæmis ryksugu og þá er upplagt að nýta sér tilboðin á Singles' Day," segir Brynja sem keypti sér síðast sjónvarp í vefverslun.

„Þá fann ég sjónvarp á ómótstæðilegu tilboði og ákvað um leið að kaupa í matinn á netinu, en það fágætasta sem ég hef keypt á netinu er sennilega Vince Camuto-ferðataska sem ég datt niður á í Flórída þegar ég var þar að vafra um á vefnum eitt kvöldið. Uppáhalds netverslanir mínar í heiminum eru svo líklega ferðaskrifstofur, Dohop eða annað í þeim dúrnum," segir Brynja hress.

Hún hvetur sem flesta til að notfæra sér stórafsláttina sem bjóðast á Singles' Day hér heima enda sparar það umtalsverð fjárútlát á dýrum árstíma.

„Best er að ríghalda í Singles' Day-blaðið, nýta sér tékklistann og skipuleggja sig sem best. Á miðnætti á sunnudaginn, þegar klukkan slær tólf og dagsetningin breytist í 11.11. fer maður inn á 1111.is og skoðar hvaða fyrirtæki eru með, hvað þau bjóða og á hvaða afslætti. Þá er auðvelt að smella á hvert fyrirtæki fyrir sig og vefsíðan flytur þig sjálfkrafa á viðkomandi síðu þar sem hægt er að gera bestu kaup ársins og undirbúa jólin heiman úr stofu," segir Brynja.

Munið vefgáttina, 1111.is, sem galopnar fyrir Singles' Day-tilboðin á miðnætti 11. nóvember.



Brynja Dan segir sérlega huggulegt að geta klárað hagstæð jólainnkaup á netinu heiman úr stofu. MYND/ALDÍS PÁLS

## Innkaupalisti

- Fyrir hana ____
- Fyrir hann ____
- Fyrir þau ____
- Barn 1 ____
- Barn 2 ____
- Barn 3 ____
- Barn 4 ____
- Afi ____
- Amma ____
- Til mín ____
- Óskalisti 1 ____
- Óskalisti 2 ____
- Óskalisti 3 ____

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

光棍节

# Singles' Day

## 1.111 vörur á risaafslætti

## Allt annað á 11% afslætti!

-22%
Allar nýjar bækur

Tulipop
-66%
Púsluspil
~~2.890 kr.~~
983 kr.

SAMSUNG
-11%
Samsung Galaxy S10
~~129.990 kr.~~
115.990 kr.

REMINGTON
-44%
Adv. Color Protect hárblásari
~~16.990 kr.~~
9.590 kr.

Russell Hobbs
-55%
Hraðsuðuketill
~~11.590 kr.~~
6.490 kr.

lavera
NATURAL COSMETICS
-33%
Af öllum Lavera förðunarvörum

LABRADA
SUPER CHARGE!
-44%
Labrada fæðubótarefni
~~6.990 kr.~~
3.914 kr.

playmobil
-22%
Allt frá Playmobil

ZO·ON ICELAND
-33%
~~39.990 kr.~~
26.793 kr.

Stefán Máni
SKUGGARNIR
-88%
~~1.990 kr.~~
238 kr.

FUN FACTORY
-33%
Allt frá Fun Factory

KRAFTBJÓR
-77%
~~5.990 kr.~~
1.390 kr.

## ...aðeins á mánudaginn 11.11

HEIMKAUP.IS

# Einhleypir dekra við sig

Dagur einhleypra á rætur að rekja til Kína. Hann er haldinn hátíðlegur 11. nóvember ár hvert og er orðinn einn stærsti netsöludagur ársins. Einhleypir fagna og gera vel við sig.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Það er ekki út í loftið að dagurinn sé haldinn þennan dag. Talan númer eitt táknar einn einstakling á 11. degi og 11. mánuði ársins. Það eru fjögur stök prik þegar tölurnar eru settar saman. Að vera einhleypur og ánægður með það er lykillinn að þessum degi. Leikkonan Emma Watson sagði nýlega að hún væri afar glöð með að vera einhleyp, sagðist vera „self-partnered“. Árið 2011 var dagurinn kallaður Dagur einhleypra aldarinnar þar sem ártalið var líka með prik. Sex prik voru sem sagt á degi einhleypra það árið.

Singles' Day var fyrst haldinn árið 1993 í Kína sem mótvægi við Valentínusardaginn. Hann var upphaflega stofnaður af hópi nemenda við Nanjing-háskólann sem vildu fagna því að vera einhleypingar. Fyrst var dagurinn líka kallaður Bachelor's Day þar sem það voru aðallega karlmenn sem fögnuðu tilefninu. Nú eru konur alveg jafn miklir þátttakendur. Dagurinn er söluhæsti netverslunardagur í Kína og víðar enda á fólk að kaupa eitthvað fallegt handa sér þennan dag. Þessi dagur er núna söluhærri en Black Friday í Kína.

Íslenskar vefverslanir hafa tekið upp Dag einhleypra ekkert síður en þær erlendu. Um að gera að fylgjast með tilboðum á mánudag til að kaupa sér eitthvað fallegt.

Kínverskar netverslanir gera einstaklega mikið úr þessum degi og eru með þrumutilboð. Þar á meðal Alibaba sem er í eigu eins ríkasta manns í Kína, Jack Ma. Hann var sá fyrsti til að auglýsa viðburðinn sérstaklega árið 2009.



Nú er um að gera að dekra við sig og kaupa sér eitthvað á Singles' Day – það er að segja sé maður einhleypur.



Bridget Jones var ekkert sérlega ánægð með að vera einhleyp. Margir Kínverjar fagna því hins vegar þann 11. nóvember ár hvert.

Útsalan þennan dag stendur yfir í sólarhring. Þess má geta að Alibaba hefur um 730 milljónir viðskiptavina í Kína. Á Singles' Day hafa þeir komið upp risaskjá líkt og á verðbréfamörkuðum þar sem sýnt er hvernig sölutölur eru á fleygiferð upp þennan dag.

Sumar amerískar og breskar netsölur hafa einnig tekið upp þennan dag en eru þó ekki jafn öflugar og þær kínversku enda halda þær Black Friday daginn frekar í heiðri sem söludag.

Það er alveg öruggt að hægt verður að gera góð kaup handa sjálfum sér þennan dag en svo er líka hægt að gera eitthvað fleira skemmtilegt ef maður á frí.

Hér eru nokkur ráð til að halda þennan dag hátíðlegan ef þú ert einhleyp/ur.

- Fara út að borða með vini eða vinkonu.
- Lesa góða bók í afslöppun.
- Sofa út ef þú átt frí frá vinnu eða skóla.
- Fara í ræktina og taka á því eða prófa nýja líkamsrækt.
- Gera eitthvað sem þú hefur aldrei gert áður. Skora á sjálfa/n þig.
- Setjast á kaffihús og skrifa skemmtileg póstkort til fimm vina.
- Fara í tveggja hæða túristavagninn í ferð um Reykjavík.
- Kíkja í óvænta heimsókn til æskuvinar eða -vinkonu.
- Fara á blint stefnumót.

## Alþjóðleg verslunarhátíð

Á Ali Express sem Íslendingar þekkja vel er byrjað að undirbúa mánudaginn og er búist við mikilli sprengingu í sölu til fólks um allan heim. Þeir kalla þetta Alþjóðlega verslunarhátíð. Í fyrra seldi Ali Express svo marga varaliti að þeir myndu mælast á hæð á við þrjá Eiffel-turna á þessum eina sólarhring. Handtöskur sem seldust þennan dag geta fyllt 50 farþegaþotur. Það þarf 2.717 trukka til að flytja alla sportskóna sem seldust hjá Ali Express á Singles' Day í fyrra. Snjallsímarnir sem seldust þennan dag geta fyllt 92 sæmilega góða fótboltavelli. Á þessu má sjá hversu gríðarleg salan er á þessum degi. Vart verður hún minni á mánudag. AliExpress hefur verið að þróast á heimsvísu jafnt fyrir kaupendur sem seljendur.



Eftir útsöluna á Singles' Day hefur kínverski pósturinn ekki undan að senda pakka um allan heim. Þessi mynd var tekin á pósthúsi í Ganyu í Kína eftir 11. nóvember og starfsfólkið var að drukkna í sendingum frá Alibaba.



Netsalan stendur yfir í sólarhring og það eru þrumuafslættir í kínverskum netverslunum.



# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



## Fasteignasali óskast!

**Heimili fasteignasala óskar eftir að ráða fasteignasala til starfa.**

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir góðri sölutækni, á auðvelt með að vinna sjálfstætt og býr yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta starfað skipulega með öðrum og veitt ábyrga þjónustu í starfi sínu.

Umsækjendur þurfa að vera löggiltir fasteignasalar, eða vera í námi til löggiltingar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

**Umsóknum skal skila til Finnboga Hilmarssonar, fasteignasala, á finnbogi@heimili.is sem jafnframt veitir allar frekari upplýsingar.**

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Frostverk
Innréttingar, kæli- og hitatæki í 48 ár

## Vélvirki - Blikksmiður

Fullt starf | Iðnaðarmenn

**Frostverk óskar eftir vönum vélvirkjum eða blikksmið**
í fullt starf í smíðavinnu.
Reynsla af suðuvinnu æskileg.

**Eingöngu tekið við umsóknum í gegnum Job**

job
Finnum draumastarfið saman



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Rekstrarstjóri | Félagsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201911/1861 |
| Embætti skrifstofustjóra | Heilbrigðisráðuneytið | Reykjavík | 201911/1860 |
| Iðjuþjálfi/sjúkraþjálfari | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201911/1859 |
| Deildarstjóri | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201911/1858 |
| Umsjónarmaður námsbókasafns | Landsbókasafn Íslands | Reykjavík | 201911/1857 |
| Sérfræðingur í viðskiptagreind | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201911/1856 |
| Sérfræðingur | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201911/1855 |
| Sjúkraliðar í heimahjúkrun | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Kópavogur | 201911/1854 |
| Þjónustustjóri Sögu | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201911/1853 |
| Verkefnastjóri á þjónustuborði | Háskóli Íslands, Háskólatorg | Reykjavík | 201911/1852 |
| Hjúkrunarfræðingur/teymisstjóri | Landspítali, dagdeild geðendurhæfing | Reykjavík | 201911/1851 |
| Iðjuþjálfi | Landspítali, bráðageðdeild | Reykjavík | 201911/1850 |
| Lögfræðingur | Dómsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201911/1849 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201911/1848 |
| Aðstoðarfólk í umönnun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201911/1847 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201911/1846 |
| Verkefnastj. sálfræðiþjón. barna | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201911/1845 |
| Sjúkraliði | Landspítali, heila/tauga/bækl.skurðd. | Reykjavík | 201911/1844 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, heila/tauga/bækl.skurðd. | Reykjavík | 201911/1843 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, meðgöngu/sængurlegud. | Reykjavík | 201911/1842 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, dagdeild barna | Reykjavík | 201911/1841 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, hjarta/lungna/augnskurð. | Reykjavík | 201911/1840 |
| Matráður | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201911/1839 |
| Ráðgjafi-leiðsöguhundaþjálfari | Þjónustu- og þekkingarmiðstöð | Reykjavík | 201911/1838 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Vesturlandi | Borgarnes | 201911/1837 |
| Sjúkraliði | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201911/1836 |
| Ritari | Heilbrigðisráðuneytið | Reykjavík | 201911/1835 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201911/1834 |
| Skógræktarráðgjafi | Skógræktin | Egilsstaðir | 201911/1833 |
| Stýrimenn | Hafrannsóknastofnun | Hafnarfjörður | 201911/1832 |



## Fjármálastjóri

Sinfóníuhljómsveit Íslands óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa í öflugu framkvæmda- og skrifstofuteymi hljómsveitarinnar. Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir drifkrafti og góðum samskiptaeiginleikum.

Umsóknarfrestur
**25. nóvember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/15044**

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Dagleg stjórnun fjármála.
- Reikningshald og uppgjör.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit.
- Umsjón með launkeyrslu, afgreiðslu reikninga og vörslu sérsjóða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði fjármála eða viðskipta.
- Þekking, reynsla og færni í stjórnun fjármála.
- Reynsla og þekking á fjárhags- og mannauðskerfum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og lausnamiðuð hugsun.
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands er ein stærsta menningarstofnun landsins með um 100 manna starfslið.

Hljómsveitin heldur úti fjölbreytilegri tónleikadagskrá, hljóðritar til innlendrar og erlendrar útgáfu, fer í tónleikaferðir innanlands og utan, auk þess sem hún stendur fyrir metnaðarfullu fræðslustarfi fyrir börn og fullorðna. Aðsetur Sinfóníuhljómsveitarinnar er í tónlistarhúsinu Hörpu. www.sinfonia.is

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

# BÓKARI ÓSKAST

## Á FJÁRMÁLASVIÐ STRÆTÓ

Strætó leitar að áreiðanlegum og öflugum bókara á fjármálasvið fyrirtækisins.

**Helstu verkefni**

- Bókun reikninga
- Afstemmingar
- Reikningagerð
- Aðstoð við uppgjör
- Önnur verkefni sem tengjast starfssviði bókara

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Viðurkenndur bókari kostur
- Reynsla af bókhaldi
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á bókhaldskerfum
- Færni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð

Vinsamlegast sækið um á **www.strætó.is**. Umsóknarfrestur er til og með **25. nóvember 2019**.

Starfskjör skv. kjarasamningi Strætó bs. og Sameykis stéttarfélags. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

ÍSOR
ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR

# Starfsmaður í tölvuþjónustu

Fullt starf | Upplýsingatækni

**Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR,** leita að drífandi einstaklingi til að sinna tölvuþjónustu við starfsfólk ÍSOR. Sjá nánar á Job.

**Umsóknir óskast sendar á valgerdur.gunnarsdottir@isor.is**

job
Finnum draumastarfið saman

HEILSUGÆSLAN



## Viltu taka þátt í uppbyggingu geðheilsuteyma?

Metnaðarfullt og faglegt umhverfi þar sem áhersla er lögð á öfluga teymis- og meðferðarvinnu.

**Geðheilsuteymi HH vestur auglýsir eftir:**

**Hjúkrunarfræðingi og Félagsráðgjafa**

Helstu verkefni eru:

- Málastjórn
- Ráðgjöf og fræðsla
- Námskeiðshald
- Samvinna við aðra fagaðila

Um er að ræða ótímabundin 80-100% störf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 18. nóvember 2019.

Við geðheilsuteymið starfa geðhjúkrunarfræðingar, geðlæknir, sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjölskyldufræðingur, iðjuþjálfi, íþróttafræðingur, notendafulltrúar og þjónustufulltrúar.

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í uppbyggingu geðheilsuteymis sem sinnir samfélagsgeðþjónustu, þá er þetta spennandi tækifæri.

Frekari upplýsingar veitir:
Hrönn Harðardóttir teymisstjóri Geðheilsuteymi HH vestur
hronn.hardardottir@heilsugaeslan.is - 513-6360

**Sjá nánar á www.heilsugaeslan.is og www.starfatorg.is**

Hér fyrir þig

Þingeyjarsveit
590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

## Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir leikskólakennara við leikskóladeildina Barnaborg

**Við leitum að kennara sem:**

- Hefur kennaramenntun og leyfisbréf á viðkomandi skólastigi
- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Þingeyjarskóli hefur hafið innleiðingu á agastefnunni Jákvæður agi. Rík tónlistarhefð er við skólann.
Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.
Nýlega flutti leikskóladeildin í nýtt og glæsilegt húsnæði og starfsaðstaða er til fyrirmyndar.

Möguleiki er á húsnæði í sveitarfélaginu.
Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
**Staðan er laus frá og með 1. janúar 2020.**
**Umsóknarfrestur er til 22.nóvember 2019.**
Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_
capacent.is

## Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði

**Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing og sjúkraliða til starfa við Meltingarsetrið sem fyrst.**
**Starfið felst í aðstoð við meltingarfæraspeglanir.**
**Tölvukunnátta æskileg. Starfshlutfallið er 50% fyrir hjúkrunarfræðing og 40% fyrir sjúkraliða.**
**Góður starfsandi og skemmtilegur vinnustaður.**

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda til Meltingarsetursins, Þönglabakka 1-6 109 Reykjavík eða á netfangið: setrid@setrid.is**

## BAKARANEMI - ONLY BAKER STUDENT

Bakarameistarinn Suðurveri leitar að öflugum nemum.

Um er að ræða 100% starf, umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

**Hæfniskröfur:**

- Stundvísi
- Góð samskipta og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni

Áhugasamir umsækjendur geta sótt um á **bakarameistarinn.is** eða sent umsókn á ottar@bakarameistarinn.is






heilsuborg.is

# Heilbrigð sál í hraustum líkama

Viltu starfa á einstökum vinnustað?

## Sálfræðingar

Vegna aukinna umsvifa vill Heilsuborg bæta við sig metnaðarfullum sálfræðingum. Möguleiki er á 100% stöðu sem verktaki en hlutastarf kemur einnig til greina. Við leitum að jákvæðum, lausnamiðum og samvinnufúsum sálfræðingum, því um er að ræða þverfaglegt og fjölbreytt starf. Reynsla af vinnu með hugræna atferlismeðferð við svefnvanda væri kostur. Skilyrði er að viðkomandi hafi áhuga á samstarfi við Virk starfsendurhæfingarsjóð.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ása Þórðardóttir, fagstjóri hugarhreysti og geðræktar hjá Heilsuborg, sigrun@heilsuborg.is.

**Umsóknir sendist á sigrun@heilsuborg.is fyrir 24. nóvember.**

**Heilsuborg** er sá staður sem fólk leitar til þegar það vill koma í veg fyrir heilsubrest, öðlast aukna vellíðan eða vinna með heilsuverkefni sem upp koma. Fyrirtækið er einstakt, enginn á Íslandi býður hliðstæða þjónustu.

Hjá Heilsuborg starfar samhentur hópur starfsmanna að því markmiði að bæta heilsu og lífsgæði viðskiptavinanna. Fagmennska og virðing eru höfð að leiðarljósi í starfseminni. Starfsumhverfið er frjótt og stöðugt er leitað nýrra leiða til að þjóna viðskiptavinum sem best. Allir sérfræðingar Heilsuborgar eru með háskólamenntun í sínu fagi. Hjá Heilsuborg starfa m.a. hjúkrunarfræðingar, læknar, næringarfræðingar, félagsfræðingur, íþróttafræðingar, sjúkraþjálfarar, sálfræðingar, og ástríðukokkur.

Heilsuborg er í nýju sérinnréttuðu húsnæði á Bildshöfða 9. Starfsmenn eru um 100 talsins.

Bildshöfði 9 / Höfðinn / 110 Reykjavík / Sími 560 1010 / heilsuborg@heilsuborg.is

Heilsuborg - allt annað líf

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

## SKRIFSTOFUSTJÓRI

**UTU býður starfsmönnum:**

- Fjölbreytt starf
- Náttúrufegurð allt í kringum skrifstofuna
- Tækifæri til að sækja námskeið

Umhverfis og tæknisvið Uppsveitanna (UTU) er skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa fimm hreppa í uppsveitum Árnessýslu og Ásahrepps í Rangárvallasýslu. Um nokkurra ára bil var tæknisvið hjá stofnuninni en nú er starfsemin eingöngu bundin við skipulags- og byggingarfulltrúa. Hjá embættinu starfa tíu manns og fer starfsemin að mestu leyti fram á Laugarvatni. Mörg sumarhús eru á svæðinu og einkennir það starfsemi UTU umfram önnur skipulags- og byggingarembætti á landinu.

Skrifstofustjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun skrifstofu embættisins sem staðsett er á Laugarvatni. Skrifstofustjóri starfar sjálfstætt að því að leysa störf sín farsællega og af nákvæmni. Skrifstofustjóri er andlit embættisins gagnvart þeim sem leita eftir upplýsingum eða þjónustu og ber ábyrgð gagnvart stjórn UTU í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

**Starfslýsing**

- Umsjón með útsendingu og móttöku reikninga
- Gerð uppgjörs í samvinnu við umsjónarsveitarfélagið
- Samskipti og uppgjör vegna sameiginlegs reksturs sveitarfélaga
- Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við sveitarstjóra
- Undirbúningur ársreiknings
- Samskipti við þjónustuaðila s.s. vegna upplýsingatæknimála
- Umsjón með efni á heimasíðu og Facebooksíðu embættisins
- Innkaup á rekstrar- og viðhaldsvörum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði viðskipta eða fjármála og/eða mikil reynsla af sambærilegum störfum
- Stjórnunarreynsla
- Þekking á skjalavörslu
- Sterk kostnaðarvitund
- Rík samskiptafærni og þjónustulund
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi
- Góð íslenskukunnátta sem og góð færni í ensku
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á OneSystems kostur

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is** **Umsóknarfrestur til og með 25. nóvember nk.** HAGVANGUR

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Skólastjóri Ártúnsskóla

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Ártúnsskóla lausa til umsóknar.**
Ártúnsskóli er leik- og grunnskóli ásamt frístundaheimili í Ártúnsholti, í göngufæri við Elliðaárdalinn og Árbæjarsafnið. Í skólanum eru tæplega 200 grunnskólanemendur í 1.-7. bekk og rúmlega 60 leikskólabörn. Auk þessa taka tæplega 90 börn á aldrinum 6-9 ára þátt í frístundastarfinu. Starfsmenn skólans eru um 70. Einkunnarorð skólans eru ***árangur – virðing – vellíðan.***
Í Ártúnsskóla er lögð sérstök áhersla á að allir fái að njóta sín í leik og starfi. Ártúnsskóli er Grænfánaskóli og því er umhverfismennt daglegur þáttur í skólastarfinu. Skólinn er leiðandi í útinámi með sérstaka áherslu á samþættingu námsgreina, heildstæða móðurmálskennslu, sköpun og lífsleikni. Ártúnsskóli er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli þar sem markmiðið er að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks.
**Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur kunnáttu og færni til að leiða faglegt starf við sameinaðan skóla, býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur góða og víðtæka þekkingu á skóla- og frístundastarfi.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla, starfsskrá frístundamiðstöðva og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskóla- og/eða grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða og leiða framsækið samþætt skóla- og frístundastarf.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari og/eða leikskólakennari, greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.
***Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. janúar 2020.* Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2019.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.
Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: **soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

SUZUKI

## Starfsmaður óskast í varahlutadeild Suzuki!

Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling í varahlutadeild Suzuki.

**Hæfniskröfur:**
Almennur áhugi og þekking á bílum eða reynsla sem nýtist í starfi og viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi.
Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 28. nóvember á netfangið varahlutir@suzuki.is**

**Suzuki bílar • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100**

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Grunnskólakennari í afleysingar

**Urriðaholtsskóli**
- Leikskólakennarar eða leiðbeinendur með aðra háskólamenntun

**Leikskólinn Bæjarból**
- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • **GARDABAER.IS**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Verkefnastjóri á fagskrifstofu frístundamála

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu verkefnastjóra á fagskrifstofu frístundamála lausa til umsóknar.**
Fagskrifstofa frístundamála leiðir stefnumótun og hefur yfirumsjón með frístundastarfi fyrir börn og unglinga á vegum Reykjavíkurborgar. Hlutverk skrifstofunnar er að efla og þróa fagumhverfi frístundastarfs með áherslu á börn og unglinga. Fagskrifstofa frístundamála er hluti af fagskrifstofu sviðsins, en þar eru einnig skrifstofur leik- og grunnskólamála. SFS rekur fimm frístundamiðstöðvar í hverfum borgarinnar og er starfsvettvangur þeirra frítími barna og unglinga. Frístundamiðstöðvar sjá um rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk þess að taka þátt í margvíslegu hverfasamstarfi. Áhersla er lögð á að allt frístundastarf frístundamiðstöðva hafi forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi í samræmi við Starfsskrá frístundamiðstöðva.
Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, *Látum draumana rætast*, þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska. Nánari upplýsingar: www.menntastefna.is

Verkefnastjóri ber ábyrgð á þverfaglegri samvinnu, ráðgjöf og handleiðslu vegna starfsemi í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum fyrir 6-16 ára börn og unglinga. Verkefnastjóri er hluti af stjórnendateymi frístundahluta og tekur þátt í heildarstefnumótun. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri fagskrifstofu frístundamála.

**Helstu verkefni :**
- Þverfagleg samvinna, ráðgjöf og stuðningur vegna barna- og unglingastarfs á vegum fagskrifstofu frístundamála.
- Miðlun upplýsinga og gagna vegna frístundastarfs barna og unglinga.
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu á þeim stefnum sem liggja fyrir.
- Miðlægt utanumhald um starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva; fundir, skipulagning, upplýsingagjöf, innritun og skráning.
- Þátttaka í ytra mati á gæðum frístundastarfs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði uppeldismenntunar, s.s. tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg menntun.
- Meistarapróf á sviði uppeldismenntunar eða stjórnunar eða mikil starfs- og stjórnunarreynsla á viðkomandi sérfræðisviði.
- Víðtæk reynsla af starfi með börnum og unglingum.
- Víðtæk þekking og reynsla af frítímastarfi.
- Færni í framsetningu og miðlun upplýsinga ásamt greiningu gagna.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
**Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember 2019.**
Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og Sameykis. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veitir Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála, netfang: soffia.palsdottir@reykjavik.is. Sími : 411-1111.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# TOLLMIÐLARI ÓSKAST

ÍSAM ehf. óskar eftir að ráða tollmiðlara.

**STARFSSVIÐ:**
- Gerð tollskýrslna og bókun reikninga
- Samskipti við tollayfirvöld
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini
- Skjalavinnsla
- Önnur tilfallandi störf

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Hafa lokið námskeiði í tollskýrslugerð vegna innflutnings
- Reynsla af tollun
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Jákvæðni, heiðarleiki og stundvísi
- Kunnátta á Ax og Excel, sem og almenn tölvukunnátta æskileg
- Íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Góð skipulagshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

*Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.*

*Umsóknarfrestur er til og með **21. nóvember 2019** og skulu umsóknir berast rafrænt á heimasíðu **www.isam.is***

*Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin.*

*Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsdeild **mannaudur@isam.is***

**ISAM ehf.** • BLIKASTAÐAVEGUR 2-8 • 112 REYKJAVÍK • **isam.is**



# HS Orka leitar að stjórnendum til að leiða fyrirtækið inn í nýja og spennandi tíma

HS Orka er stærsta orkufyrirtæki landsins í einkaeigu og hefur verið leiðandi á sviði endurnýjanlegrar orku í 45 ár. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með einstaka reynslu á sínu sviði. HS Orka á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir á Reykjanesi. Framundan hjá fyrirtækinu eru stór fjárfestinga- og nýsköpunarverkefni.

Framsýni og metnaður hafa ætíð verið kjarni í starfsemi fyrirtækisins og hafa lagt grunninn að verkefnum eins og Auðlindagarðinum, sem byggir á því að nýta alla auðlindastrauma sem leiða af starfsemi HS Orku. Í Auðlindagarðinum hafa hin ýmsu nýsköpunarfyrirtæki vaxið úr grasi og eru einkennisorð hans „Samfélag án sóunar".

## Framkvæmdastjóri tæknisviðs

Við leitum að öflugum liðsmanni til að leiða hóp sérfræðinga okkar á tæknisviði við úrlausn og framkvæmd spennandi og umfangsmikilla verkefna. Framundan hjá fyrirtækinu er fjöldi fjárfestingaverkefna sem framkvæmdastjóri tæknisviðs mun leiða, þ.m.t. stækkun Reykjanesvirkjunar og stór framkvæmdaverkefni í orkuverinu Svartsengi.

Framkvæmdastjóri tæknisviðs ber ábyrgð á áætlanagerð, skipulagningu og eftirliti með verkefnum sviðsins, gerð samninga við verktaka og rekstur samninga á framkvæmdatíma, auk almennra stjórnunarstarfa.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Leiðtogahæfileikar og marktæk stjórnunarreynsla
- Reynsla af stjórnun stórra fjárfestinga- og framkvæmdaverkefna
- Verkfræði eða tæknimenntun
- Framsýni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

## Fjármálastjóri

Við leitum að fjármálastjóra með viðskiptavit, greiningarhæfni og gagnrýna hugsun, sem mun leiða stefnumótun félagsins og vinna náið með forstjóra og öðrum stjórnendum við að ryðja fyrirtækinu nýjar brautir.

Fjármálastjóri ber ábyrgð á greiningu fjárfestingatækifæra, daglegri fjárstýringu, áætlanagerð og uppgjörum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Hann sér um fjármögnun og samskipti við innlendar og erlendar fjármálastofnanir ásamt skýrslugjöf og miðlun stjórnendaupplýsinga. Á ábyrgðarsviði fjármálastjóra eru einnig upplýsingatæknimál.

**Hæfniskröfur og eiginleikar**:

- Yfirgripsmikil reynsla af fjármálum fyrirtækja
- Reynsla og árangur við greiningu viðskiptatækifæra og fjárfestinga
- Almenn greiningarhæfni og framsýni
- Marktæk stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun
- Framúrskarandi samskiptafærni og hæfileiki til að koma frá sér upplýsingum
- Mjög góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Sótt er um starfið hjá Hagvangi – www.hagvangur.is
Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is
Öll kyn eru hvött til að sækja um störfin.
Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2019.

HS ORKA



ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Vélstjóri á tæknisviði

## Ölgerðin óskar að ráða öflugan vélstjóra á tæknisvið

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**

- Viðhald á framleiðslulínum.
- Viðgerðir og eftirlit á tækjum.
- Uppsetning á nýjum framleiðslutækjum.
- Ýmis tilfallandi verk tengd véla- og tækjabúnaði Ölgerðarinnar.

Við leitum að áhugasömum duglegum einstaklingi með brennandi áhuga á vélbúnaði og sjálfvirkni framleiðslulína. Einstaklingi sem sýnir frumkvæði og getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir.

Viðkomandi þarf að getað talað og skrifað á íslensku.

Vinnutími er 7:30-15:30 en fjórðu/fimmtu hverja viku er kvöldvaktavika. Einnig má gera ráð fyrir bakvöktum en eftir samkomulagi.

Umsóknum er svarað jafn óðum og því gott að sækja um sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is

**ÖLGERÐIN** var stofnuð árið 1913 og er eitt stærsta fyrirtækið á Íslandi í framleiðslu, innflutningi og sölu á matvælum og drykkjarvörum af ýmsum toga.

Hjá Ölgerðinni og dótturfyrirtækinu Danól starfa um 400 manns.

Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrr en aðrir. Mikil áhersla er lögð á samfélagsábyrgð og hagkvæman rekstur. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar, neytendur, starfsfólk og eigendur.

olgerdin.is

---

REYKJALUNDUR
endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2019

# Yfirlæknir á hjartasviði

Staða yfirlæknis á hjartasviði Reykjalundar er laus til umsóknar frá og með 1. desember 2019 eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Gerð er krafa um íslenskt lækningaleyfi og sérfræðiréttindi í hjartalækningum eða endurhæfingarlækningum.
Laun byggja á kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra auk samkomulags milli Reykjalundar og starfandi lækna á Reykjalundi.

Upplýsingar um starfið veita Ólafur Þór Ævarsson, framkvæmdastjóri lækninga í síma 585-2000 olafur@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585-2143 gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 17. nóvember 2019.**
Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

---


**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is


---




# Garðyrkjufræðingar óskast til starfa

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir garðyrkjufræðingum til starfa. Við leitum að kraftmiklum einstaklingum til að vinna að umhirðu og fegrun grænna svæða í borginni. Garðyrkjufræðingar hafa yfirumsjón með garðyrkju og umhirðu á skilgreindum svæðum í borgarlandinu. Á næstu vikum mun ný hverfaþjónustustöð opna á Fiskslóð. Henni er ætlað að verða öflugur vinnustaður þar sem unnið er þvert á fagsvið þeirra sem starfa að umhirðu og fegrun borgarlandsins. Þar skapast ný og spennandi tækifæri til samvinnu við að gera borgina fallega, vistvæna og örugga.

## Um sviðið

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölþættu hlutverki í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum í Reykjavík. Þar er framkvæmdum og viðhaldi stýrt og almennum rekstri í borgarlandinu sinnt, eins og grasslætti og snjómokstri. Undir sviðið tilheyra lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Bílastæðasjóðs. Sviðið er stór og framsækinn vinnustaður þar sem framúrskarandi fagfólk starfar að fjölbreyttum verkefnum. Starfsfólk hefur tækifæri til símenntunar og virkrar þátttöku í stefnumótun málaflokksins. Vinnugildi sviðsins eru vinsemd, kraftur, samvinna og hófsemd.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Garðyrkjufræðingur úr Landbúnaðarháskóla Íslands eða sambærileg menntun
- Reynsla af störfum í garðyrkju er æskileg
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum og hæfni til að vinna í teymi
- Almenn ökuréttindi
- Reglusemi og stundvísi
- Líkamleg hreysti

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember og sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **reykjavik.is**, undir *Laus störf – Garðyrkjufræðingar.*

Nánari upplýsingar veitir Hafsteinn Viktorsson í síma 411 1111 eða á Hafsteinn.Viktorsson@reykjavik.is.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2019

# Yfirlæknir á geðheilsusviði

Staða yfirlæknis á geðheilsusviði Reykjalundar er laus til umsóknar frá og með 1. febrúar 2020 eða samkvæmt nánara samkomulagi. Um fullt starf er að ræða.

Gerð er krafa um íslenskt lækningaleyfi og sérfræðiréttindi í geðlækningum eða endurhæfingarlækningum.

Laun byggja á kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra auk samkomulags milli Reykjalundar og starfandi lækna á Reykjalundi.

Upplýsingar um starfið veita Ólafur Þór Ævarsson, framkvæmdastjóri lækninga í síma 585-2000 olafur@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585-2143 gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 17. nóvember 2019.**
Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni **www.reykjalundur.is**

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



## EMBASSY CHAUFFEUR

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu bílstjóra lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **14. nóvember 2019.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

---

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Chauffeur. The closing date for this postion is **November 14, 2019**. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



*Viltu vera með?*

# Lyfsöluleyfishafi

**Lyf & heilsa óskar eftir lyfsöluleyfishafa til fjölbreyttra starfa í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu.**

***Upplýsingar um starfið veitir Guðbjörg Stefánsdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, gudbjorgs@lyfogheilsa.is***

***Umsóknir berist til starf@lyfogheilsa.is merkt „Lyfsöluleyfishafi" fyrir 18. nóv.***

***www.lyfogheilsa.is***

***Starfssvið***

Í starfinu felst, auk daglegrar stjórnunar apóteksins, fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

***Hæfniskröfur***

Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

PIPAR\TBWA · SÍA · 190093

*Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigði og lífsgæða.*

Lyf & heilsa *Við hlustum!*

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is




Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf hjá Kópavogsbæ á vefsíðu okkar, **kopavogur.is.**
Hlökkum til að starfa með þér.

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

## Embætti **skrifstofustjóra** á skrifstofu lýðheilsu og forvarna í heilbrigðisráðuneytinu

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á skrifstofu lýðheilsu og forvarna. Heilbrigðisráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 1. janúar 2020.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Undirbyggja stefnumarkandi ákvarðanir ráðherra og móta stefnu stjórnvalda á sviði lýðheilsu og forvarna.
- Stýra daglegum verkefnum og starfsfólki skrifstofunnar.
- Yfirumsjón með verkefnum er varða lýðheilsu og forvarnir.
- Framkvæma stefnu stjórnvalda og fylgja henni eftir með gerð lagafrumvarpa og reglugerða.
- Þátttaka í nefndarstörfum og innlendu og erlendu samstarfi.
- Samstarf við stofnanir og hagsmunaaðila sem starfa við forvarnir og lýðheilsu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun áskilin.
- Þekking og reynsla á sviði rekstrar og stjórnunar.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt hæfni í verkefnastjórnun.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku nauðsynleg og kunnátta í a.m.k. einu Norðurlandamáli æskileg.

SUNNUDAGINN 10.NÓV KL 13:00-14:00

# HVERFISGATA 94-96

GENGIÐ INN UM HVERFISGÖTU 96

- ✓ 16 glæsilegar fullbúnar íbúðir tilbúnar til afhendingar
- ✓ 2-3 herbergja íbúðir stærðir frá 82,6-122 m²
- ✓ Verð frá 52.900.000 kr.





HVERFIS.IS



# SÖLUSÝNING

**SUNNUDAGINN 10.NÓV KL 13:30-14:00**



# BJARKARHOLT 25-29

- ✓ 36 glæsilegar íbúðir á bilinu 67-185 fm
- ✓ Eignirnar afhendast fullbúnar án gólfefna
- ✓ Tæki og innréttingar af vandaðri gerð
- ✓ Á besta stað í nýjum miðbæ Mosfellsbæjar

## NMM.IS

**Verð frá 39.9 mkr.**





# SÖLUSÝNING

**SUNNUDAGINN 10.NÓV KL 12:00-12:30**

# VEFARASTRÆTI 40-44

- ✓ Skemmtilegar 3-4 herb. íbúðir frá 69,8-125 fm
- ✓ Fullbúnar íbúðir til afhendingar
- ✓ Fallegur útsýnisstaður í Mosfellsbæ





## VEFARASTRAETI.IS

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is



RE/MAX



# Komdu og skoðaðu Efstaleitið




**Kynning laugardag og sunnudag kl. 13–14**

Nú er lokaáfangi þessa nýja og eftirsótta íbúðasvæðis kominn í sölu. Kynning verður í sýningarsal Efstaleitis laugardag og sunnudag 9. og 10. nóvember kl. 13–14. Þar getur þú skoðað teikningar og innréttingar, kynnst hverfinu og rætt við fasteignasala sem taka vel á móti þér.



Nánari upplýsingar um íbúðirnar á **efstaleitid.is**

*Í Efstaleitinu rís nútímalegt íbúðahverfi á einum besta stað í borginni. Efstaleitið er sannkallað miðborgarhverfi, í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði.*

***Íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar.***
*Rut Káradóttir innanhússarkitekt sá um efnis- og litaval á innréttingum og flísum.*







Dórothea
898 3326



Hafdís
820 2222



Helgi
780 2700



Jóhanna
837 8889



Lilja
663 0464



Sigurður
898 6106



Þorsteinn
694 4700

FASTEIGNASALAN TORG

**www.fstorg.is**
torg@fstorg.is
520 9595

# 102 REYKJAVÍK.IS

Smyrilshlíð 3 og 5 | Valshlíð 4 og 8 | Fálkahlíð 2 og 4

- Sælureitur þar sem borgarlífið og náttúran mætast
- Öll þjónusta í göngufæri

## OPIÐ HÚS

**LAU. 9. NÓV.**
**SUN. 10 NÓV.**
KL.15:00-16:00

Sýningaríbúð
Fálkahlíð 2



**NÝR ÁFANGI KOMINN Í SÖLU!**
Valshlíð 4 og 6 og Smyrilshlíð 3.
Mikið úrval af eignum!

**NÝTT Í SÖLU**
**Verð frá:**
**33,5 m.kr**








**Fálkahlíð 2,** *íbúð 201*
**Verð:** 39.5 milljónir - 2ja herb. - 49,6 m²
Stæði í bílageymslu fylgir

Staðsetning hússins er einstök í hjarta hins nýja póstnúmers 102. Hægt er að njóta alls þess sem miðbærinn hefur upp á að bjóða án þess að búa mitt í skarkalanum. Húsið er í jaðri útivistarsvæðanna í Öskjuhlíð og Nauthólsvík, í göngufæri við báða háskólana, sem og örstutt frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Fullbúin íþróttaaðstaða er innan Hlíðarendasvæðis. Þá er einnig stutt í verslunarkjarna eins og Kringluna. Lögð er megin áhersla á litlar og meðalstórar vandaðar íbúðir, innréttaðar á hagkvæman og þægilegan máta. Húsin liggja umhverfis garð í miðjunni og þar undir er tveggja hæða bílakjallari. Húsin skýla garðinum fyrir ys og þys og skapa ró og næði fyrir börn og fullorðna til að njóta útiveru í grænum garðinum.

## Vandaðar íbúðir í 102 Reykjavík

- **Glæsilegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir**
- **Vandaðar ítalskar innréttingar, fataskápar ná upp í loft, innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgja**
- **Tveggja hæða bílakjallari, bílskúrar fylgja stórum íbúðum.**
- **Afhending fyrstu eignar áætl. Jan/feb 2020**
- **Sjá nánar á:** *www.102reykjavik.is*



| Hafdís | Sigurður | Lilja | Dórothea | Helgi | Jóhanna Kristín | Þorsteinn |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali |
| 820 2222 | 898 6106 | 663 0464 | 898 3326 | 780 2700 | 837 8889 | 694 4700 |

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali
Garðatorgi 5, 210 Garðabær | 520 9595 | torg@fstorg.is

## VIÐ BJÓÐUM VELKOMNA



Vera Sigurðardóttir löggiltur fasteignasali
hefur hafið störf hjá LIND fasteignasölu.

Hún hefur unnið við sölu á fasteignum
um árabil með frábærum árangri.

Framúrskarandi þjónusta,
heiðarleiki og vönduð vinnubrögð.

**LIND**
FASTEIGNASALA

---

**EIGNAMIÐLUN**

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090 WWW.EIGNAMIDLUN.IS

## LYNGÁS

**210 GARÐABÆR, frá 48.9 mkr.**

**OPIÐ HÚS** Laugardaginn 9. nóvember kl. 13:00-14:00



Nýjar og glæsilegar 3ja og 4ra herbergja íbúðir á besta stað í Garðabæ. Stutt í alla helstu þjónustu. Sérinngangur og bílastæði í bílakjallara.
Verð frá 48.9mkr.

**Sölumenn á opna húsinu:**



**Hrafnhildur Björk Baldursdóttir**
löggiltur fasteignasali
sími 862 1110 - hrafnhildur@eignamidlun.is



**Herdís Valb. Hölludóttir**
lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
sími 694 6166, tölvupóstur herdis@eignamidlun.is



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
sími 824 9098 - hilmar@eignamidlun.is



**Bjarni T. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími 895 9120 - bjarni@eignamidlun.is

---

# Strikið 1A, B og C

## 210 Garðabæ

**OPIÐ HÚS**








## OPIÐ HÚS

**Sunnudaginn 10. nóv. kl. 16.30-17.00**

***ÍBÚÐIR FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI***

**Herbergi: 2-3**
**Stærð: 84-180 m²**

SALA ER HAFIN Á ÍBÚÐUM FYRIR FÓLK 60 ÁRA OG ELDRI Í GLÆSILEGU OG VÖNDUÐU 42JA ÍBÚÐA FJÖLBÝLISHÚSI VIÐ STRIKIÐ 1 ABC Í SJÁLANDSHVERFI Í GARÐABÆ. ÁHERSLA HEFUR VERIÐ LÖGÐ Á AÐ HÚSIÐ SÉ EINS VIÐHALDSLÍTIÐ OG KOSTUR ER, EN ÞAÐ ER EINANGRAÐ AÐ UTAN OG ÁLKLÆTT.

Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum, þakgörðum eða timburveröndum með skjólgirðingum á jarðhæð. Stæði í upphitaðri bílgeymslu fylgir öllum íbúðum þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að hlaða rafmagnsbíla.

Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum frá Birgisson. Innréttingar eru frá Axis, heimilistæki frá Ormsson, innihurðar frá Parka og hreinlætistæki frá Tengi.
Þjónustusel Garðabæjar er staðsett handan götunnar í Jónshúsi fyrir eldri borgara Garðabæjar.

Einnig er hjúkrunarheimilið Ísafold á Strikinu 3, sem mætti hugsa sem ákveðið öryggi í framtíðinni, varðandi ýmsilega þjónustu.

**Allar nánari upplýsingar, teikningar og skilalýsingu er hægt að fá hjá Sigríði Rut, lgfs. í gsm. 699-4610 eða siggarut@fstorg.is**



**SIGRÍÐI RUT,** ***LGFS.***
GSM: 699 4610
*siggarut@fstorg.is*

# BÆJARLIND 5




Glæsilegar íbúðir


Frábært útsýni


Vandaður frágangur


Innbyggð eldhústæki


Glæsilegar baðinnréttingar


Svalalokanir

## SÖLUSÝNING 9.-10. NÓVEMBER

**Sölusýning 9.-10. nóvember kl. 13:00 - 14:00**

**Glæsilegar nýjar íbúðir við Bæjarlind 5 Kópavogi**

**Stærðir frá 64,2 m² til 230,6 m²**
**verð frá 43.900.000 til 139.000.000**

Öllum íbúðum fylgja innbyggð tæki í eldhúsi: ísskápur, uppþvottavél, spanhelluborð og ofn.

Svalalokanir á öllum íbúðum undanskildum íbúðum á 1. hæð en þær eru með hellulagðan sérafnotareit.

Í kjallara hússins er sameiginleg upphituð bílageymsla og rafmagnstengill við hvert stæði.

Bæjarlind 5 fékk verðlaun frá Kópavogsbæ fyrir hönnun en við hönnun á húsinu var haft að leiðarljósi að viðhald utanhúss yrði eins lítið og mögulegt er. Eingöngu er notast við fyrsta flokks efni bæði innan- sem og utandyra.

Byggingaraðili: Byggingarfélagið Bestla

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Nýbýlavegi 8 Kópavogi - Austurvegi 6 Selfossi & Stillholti 16-18 Akranesi - Sími 527 1717

# TIL SÖLU HEILDAREIGNIN AÐ LYNGHÁLSI 1, 110 REYKJAVÍK.



Um er að ræða steinsteypt atvinnuhúsnæði, sem er í dag notað sem prentsmiðja, byggt árið 1981 og 2001. Heildarflatarmál eignarinnar er 3817,9 fm. og skiptist hún í tvo eignarhluta, 01-0201 (iðnaður) 3523,1 fm og 02-0101 (skrifstofa) 294,8 fm. Viðbyggt við aðalhúsið er stálgrindarhús, sem var byggt árið 2001. Lóðin er skráð sem iðnaðar- og athafnalóð og er stærð hennar 8539 fm. Töluverður ónýttur byggingarréttur er á lóðinni, en hámarks nýtingarhlutfall lóðarinnar er 1,1.

Húseignin stendur á hornlóð við Lyngháls að ofanverður og Krókháls að neðanverður, út við Hálsabraut. Aðkoma að húsinu er frá Lynghálsi, sem og Krókhálsi. Lóðin er vel frágengin og gróin. Gámaaðstaða er á lóðinni og öll bílastæði eru malbikuð. Lyfta er í húsinu, sem og stigi á milli hæða. Mikið útsýni er af hæðunum.

Innkeyrsludyr er inn í húsnæðið Krókhálsmegin og er mögulegt að fjölga þeim. Öflugt loftræstikerfi er í húsinu og rafmagninntak, þá er vararafstöð í eigninni. Húsið er á steyptum burðarsúlum, sem auðveldar allar breytingar á innraskipulagi þess. Eignin er vel staðsett, m.t.t. til stofnbrauta og með gott auglýsingagildi. Húsið var á sínum tíma notað af Íslenskri erfðagreiningu.

Um er að ræða spennandi eign sem gæti hentað undir ýmiskonar starfsemi og mögulegt er að skipta henni upp.

**Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.**

**Skipting eignarinnar:**

**1. hæð.**
**1.246,5 fm. Prentsalir, lager vörumóttaka, o.fl.**

**2. hæð.**
**1.230,2 fm. M.a. prentsalur, vinnusalur, matsalur.**

**3. hæð.**

| | |
|---|---|
| **974,4 fm.** | **Skrifstofur.** |
| **72,0 fm.** | **Lyfturými.** |
| **294,8 fm.** | **Viðbygging** |
| **Samtals** | **3.817,9 fm.** |

**Lofthæð.**
**1. hæð: 380 cm.**
**2. hæð: 320 cm.**
**3. hæð: 280 cm.**

**Frekari upplýsingar veita löggiltir fasteignsalar:**
**Dan Wiium, lögmaður** / Kjöreign - dan@kjoreign.is s: 896-4013
**Sverrir Pálmason, lögmaður** / JÁS Fasteignir - sverrir@jas.is s: 867-1001
**Þórhallur Biering** / Miklaborg - thorhallur@miklaborg.is s: 896-8232

**Óskað er eftir tilboðum í eignina.**

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Kjöreign ehf
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

J Á S
FASTEIGNIR

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Hannes | Stefán | Kristján | Sveinn | Hrafn | Bjarni | Þorsteinn | Helga | Vernharð | Lára | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús | Halldór | Jón | Ásrún | Eva | Sirrý | Elsa | Albert | Diðrik | Vera |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGFRÆÐINGUR | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI |

**Bókið skoðun hjá Láru í s: 899-3335**



## Lindargata 50

101 REYKJAVÍK

**STÆRÐ: 289,1 fm EINBÝLI HERB: 14**

Fallegt, mikið endurnýjað hús. Hæð, ris og kjallari, hvert með sérinngang. Eldhús og stofa á öllum hæðum. Í dag eru 12 útleiguherbergi með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi og þvottaaðstöðu. MIKLIR TEKJUMÖGULEIKAR.

*Heyrumst*
**Lára › 899 3335** **133.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**BÓKIÐ SKOÐUN**



## Hafnarbraut 2

200 KÓPAVOGUR

**STÆRÐ: 386 fm ATVINNUHÚSNÆÐI**

Möguleiki er á að skipta eigninni upp í þrjár íbúðir og liggja teikningar fyrir. Neðri hæð er 122 fm, gluggalaust rými. Efri hæð er 246 fm og skiptist í wc, 2 herb., kaffistofu og anddyri. Eignin býður upp á mikla möguleika.

*Heyrumst*
**Halldór › 618 9999** **Tilboð/leiga KR**
Löggiltur fasteignasali

**BÓKIÐ SKOÐUN**







## Bakkavör 12

170 SELTJARNARNES

**STÆRÐ: 500,3 fm EINBÝLI HERB: 11**

Eitt af stærstu og vönduðustu húsum á Seltjarnarnesi teiknað af Kjartani Sveinssyni. Húsið stendur innst í botnlanga og er með fallegu útsýni til suðurs, austurs og vesturs. Eignin er sérlega vönduð og stendur á 1006 fm lóð

*Heyrumst*
**Halldór › 618 9999** **TILBOÐ KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 12. nóv 17:30 – 18:00**







## Þorrasalir 13

201 KÓPAVOGUR

**STÆRÐ: 102,7 fm FJÖLBÝLI HERB: 4**

Gullfalleg 4ra herbergja útsýnisíbúð á 6. hæð (íbúð 602). Búið er að loka svölunum og nýtast þær því allan ársins hring. Stórkostlegt útsýni yfir golfvöll GKG og víðar.

*Heyrumst*
**Venni › 699 7372** **55.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 13. nóv 18:00 – 18:30**







## Seljavegur 13

101 REYKJAVÍK

**STÆRÐ: 132,9 fm FJÖLBÝLI HERB: 6**

Tvær mikið endurnýjaðar íbúðir í rólegu og barnvænu hverfi í göngufæri við miðbæinn - Góðar leigutekjur.

*Heyrumst*
**Diðrik › 647 8052** **62.900.000 KR**
Löggiltur fasteignasali

**OPIÐ HÚS › 9. nóvember 14:00 – 14:30**





## Sunnusmári 26

201 KÓPAVOGUR

**STÆRÐ: 121,3 fm FJÖLBÝLI HERB: 3**

**ATH: Tilbúin til afhendingar**

Ný glæsileg og fullbúin penthouse íbúð með mikilli lofthæð og einstöku útsýni. 16,3 fm þaksvalir með útsýni til sjávar, sér bílastæði í bílakjallara.

Húsið er álklætt og ál-tré gluggar og því viðhaldslítið og allir innveggir hlaðnir. Quarts steinn frá ítalska framleiðandanum “santamargherita“ á baðherbergi og eldhúsi.

**73.500.000 KR**



*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sölustjóri
› 699 5008
› hannes@fastlind.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**







FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Snúran

# 11.11



## 20% AFSLÁTTUR

Af öllum vörum á snuran.is
mánudaginn 11. nóvember

FRÁ MIÐNÆTTI TIL MIÐNÆTTIS



Samkvæmt könnuninni ætla 78% af kínverskum neytendum að sniðganga allar bandarískar vörur þegar þeir versla á Singles' Day. NORDICPHOTOS/GETTY




Á Singles' Day 2018 seldust vörur fyrir 30,8 milljarða Bandaríkjadollara.



Viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína veldur því að verslunarhegðun kínverskra neytenda er sífellt meira mótuð af þjóðerniskennd. Kínverskir neytendur kjósa yfirleitt vörur úr sínu nágrenni og það eykst með hverjum deginum.

# Kína sniðgengur bandarískar vörur

Svo virðist sem mjög margir Kínverjar ætli sér að sniðganga bandarískar vörur á Singles' Day. Þeir segja að ástæðan sé þjóðerniskennd, en Bandaríkin og Kína hafa háð viðskiptastríð að undanförnu.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Í nýlegri könnun sem var framkvæmd í Kína kom fram að næstum 78% af kínverskum neytendum ætli sér að sniðganga allar bandarískar vörur á Singles' Day, stærsta netverslunardegi ársins. Yfirstandandi deilur Bandaríkjanna og Kína um viðskiptatolla og tæknileg yfirráð á alþjóðamarkaði virðast vera skýringin.

Könnunin var unnin af alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækinu Alix-Partners og fyrst var sagt frá henni í South China Morning Post. Af 2.000 svarendum sagði meira en helmingur að þjóðerniskennd væri ástæðan fyrir því að þeir kysu að kaupa ekki bandarískar vörur. Í samtali við South China Morning Post sagði yfirmaður AlixPartners, Jason Ong, að kínverskir neytendur kjósi yfirleitt vörur úr sínu nágrenni og að það hafi bara aukist með vaxandi þjóðerniskennd.



Singles' Day er stærsti netverslunardagur ársins, stærri en útsöludagur Amazon, svartur föstudagur og „Cyber Monday" samanlagðir.

**Af 2.000 svarendum sagði meira en helmingur að þjóðerniskennd væri ástæðan fyrir því að þeir kysu að kaupa ekki bandarískar vörur.**

## Ótrúlega mikil netverslun á einum degi í Kína

Singles' day, eða 11-11, er sólarhringslöng verslunarhátíð á vefverslunum Alibaba; Taobao, Tmall og AliExpress og þetta er stærsti netverslunardagur ársins, stærri en útsöludagur Amazon, svartur föstudagur og „Cyber Monday" samanlagðir. Árið 2018 seldust vörur fyrir 6,2 milljarða Bandaríkjadollara á svörtum föstudegi, á „Cyber Monday" var salan 7,9 milljarðar dollara og á útsöludegi Amazon seldust vörur fyrir 4,2 milljarða dollara. Til samanburðar var salan á Singles' Day 30,8 milljarðar dollara.

Könnunin gerir ráð fyrir því að þrátt fyrir áhrif viðskiptadeilunnar eigi kínverskir neytendur sem búa í stórborgum eftir að eyða 54% meira á Singles' Day í ár en fyrir ári.

## Þjóðerniskennd mótar neysluhegðun

Í skýrslu sem fylgdi könnuninni kemur fram að bandarísk merki geti búist við truflunum á sölu í Kína, en talið er að sniðgangan muni helst hafa áhrif á vörumerki eins og Nike, Tapestry Inc., Ralph Lauren, Capri Holdings og Tiffany & Co.

Svarendur sögðu að þó að þjóðerniskennd væri að móta neysluhegðun þeirra myndu þeir samt ekki hika við að versla við evrópsk, japönsk og suður-kóresk merki.

Kínverskir neytendur eru farnir að versla út frá þjóðernisáherslum í auknum mæli og kunna sífellt verr við allt sem þeir telja móðgun við menningu sína eða fullveldi. Á sama tíma eru fyrirtæki á Vesturlöndum að leita inn á kínverskan markað þar sem ekkert efnahagssvæði í heimi býður upp á jafn mikla möguleika á vexti.

Þetta hefur valdið nokkrum núningi að undanförnu, til dæmis þegar einstaklingar sem eru viðriðnir vestræn stórfyrirtæki hafa lýst yfir stuðningi við mótmælin í Hong Kong. Það er ekki vel séð í Peking og hafa NBA-leikmenn sem og atvinnumenn í tölvuleikjum lent í vandræðum fyrir að tjá sig um mótmælin. Kínverskir neytendur hafa líka gagnrýnt fyrirtæki sem hafa brotið strangar reglur kínverskra stjórnvalda.

























Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



**Það er tilvalið að klára jólainnkaupin snemma.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Jólamarkaður

Nú um helgina er Jóla pop-up í Víkingsheimilinu, Fossvogi. Markaðurinn er opinn í dag og á morgun frá klukkan 11-17. Það er um að gera að kíkja á markaðinn og klára jólagjafirnar snemma í ár. Á markaðnum eru yfir 70 fjölbreyttar netverslanir að selja varning sinn og fjölmörg tilboð eru í gangi. Það ætti að vera nóg úrval af jólagjöfum fyrir alla á markaðnum. Þar verður sannkölluð jólastemning, jólasveinarnir ætla að taka forskot á sæluna og kíkja í bæinn bæði í dag og á morgun og gleðja börnin með mandarínum. Möndluvagninn verður einnig á staðnum með rjúkandi heitar möndlur fyrir gesti og jólatónlist mun hljóma.



**Því fylgja ýmsir kostir að vera einhleyp/ur.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Kostir þess að vera einhleyp/ur

Það er sífellt að koma betur í ljós að það að vera einhleyp/ur hefur í för með sér ýmsa kosti. Félagsfræðingurinn og höfundur bókarinnar „Happy Singlehood: The Rising Acceptance and Celebration of Solo Living" Elyakim Kislev segir margt gefa til kynna að það sé alls ekki svo slæmt að vera ein/n.

Kislev segir rannsóknir sýna fram á minni líkur á hjartaáföllum meðal fráskilinna sem jafnframt léttist oft í kjölfar skilnaðar. Þá hafi rannsóknir hans leitt í ljós að fólk sem sé einhleypt borði hollari mat og hreyfi sig meira, enda hafi það meiri tími til að einblína á sjálft sig. Annað sem hann nefnir er að það bendi ýmislegt til þess að fólk sem sofi eitt hvílist betur en þau sem deili rúmi með öðrum. Þar á eftir bendir Kislev á rannsókn sem gerð var á giftum einstaklingum þar sem kom í ljós að giftir virtust umtalsvert félagslega einangraðri en fólk sem var einhleypt.

# Sturlaðar staðreyndir um Singles' Day

- Singles' Day er á hverju ári söluhæsti dagur verslana á heimsvísu.
- Á fyrsta klukkutíma Singles' Day árið 2015 seldust 1,6 milljónir brjóstahaldara á netinu. Samanstaflaðir næðu þeir þrefaldri hæð Everest-fjalls, hæsta fjalls í heimi.
- Singles' Day var upphaflega hugsaður sem mótsvar við Valentínusardeginum árið 1993.
- Upphafsmenn Singles' Day voru stúdentar við Nanjing-háskólann.
- Söluhæstu fyrirtækin á Singles' Day eru Xiaomi, Hair, Huawei og Uniglo.
- Á Singles' Day er meira selt en á Black Friday, Cyber Monday og Thanksgiving Day til samans.
- Dagsetningin 11.11. átti upprunalega að standa fyrir fjögur einmana prik.
- Vinsælasti söluvarningurinn á Singles' Day eru föt, snyrtivörur, heimilisvörur, raftæki og tölvur, matur og drykkjarföng.



**Brjóstahaldarasala Singles' Day jafnaðist á við þrefalda hæð Everest-fjalls.**






Full búð af nýjum vörum – Nýjar sendingar frá; Cozy Living, Voluspa, Jakobsdals, Hübsch Interior og Zuiver
Sierra borðstofustólar
kr. 19.900
Blómapottar kr. 8.700 / 10.600
EST. 1999
VOLUSPA
Frábært úrval af VOLUSPA
ilmkertum og híbýlailmum
Carmen stóll á snúningsfæti
kr. 96.800
Glervasar kr. 2.900
Amber kr. 4.900
ÆVINTÝRALEGT ÚRVAL AF
FLOTTUM PÚÐUM
Dimond Borstofuborð
200x100 cm
kr. 248.800
Rugged motta
170x240 kr. 52.700 / 200x300 kr. 75.200
Sky sófaborð Ø 89 cm
kr. 52.400
Tripod gólflampi kr. 37.900
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Erfiðara að fæða barn en bók

## Frjósemin umlykur rithöfundana Bergþóru Snæbjörnsdóttur og Braga Pál Sigurðarson sem eignuðust nýverið sitt annað barn, ásamt því að vera nú bæði að gefa út nýjar bækur.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is





Bergþóra og Bragi Páll ásamt dóttur sinni, Úrsúlu, og nýfæddum syni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Austur fjallar í raun um óheppnasta mann í heimi. Hálfgerð Mr. Magoo eða Mr. Bean týpa, en samt í raunverulegum, tragískum og hlægilegum heimi. Samt er allt sem hann gengur í gegnum byggt á sannsögulegum atburðum, sem annaðhvort ég eða fólk sem ég þekki hefur lent í,“ segir Bragi Páll um efnistökin í Austur. „Ég hef alltaf haft gaman af hrollvekjum, Stephen King, Steinari Braga og svo framvegis, en mesti hryllingur sem ég veit um eru ömurlegir hlutir sem koma fyrir venjulegt fólk á hverjum einasta degi. Ég vildi segja svoleiðis sögu, hversdagslega hryllingssögu.“

Saga Bergþóru er margþætt. „Svínshöfuð er í raun fjölskyldusaga sem gerist í tveimur löndum og fléttast frá upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar að nútímanum. Hún er sögð út frá þremur sjónarhornum; eldri manns frá Breiðafirði sem er kallaður Svínshöfuð, konu í Kópavogi sem er að kljást við mjög óþægilegar hugsanir og ungs stráks sem kemur frá Kína til Íslands á tíunda áratugnum ásamt móður sinni. Þetta er bók um tengsl og þá sérstaklega foreldra og barna, viðfangsefni sem er mér mjög hugleikið. Fólk sem er allt að gera sitt besta en tekst samt að valda sínum nánustu skaða.“

### Ekkert svigrúm fyrir meðvirkni

Bragi Páll segir það mikla gæfu að vera í sambandi og sambúð með konu sem starfi á sama vettvangi. „Sambúð tveggja rithöfunda er að mínu mati frábær pæling. Það ætti að vera eitthvert app sem parar einungis saman fólk í sömu starfsgreinum. Við tölum mikið um bókmenntir, lesum hvort fyrir annað og ritstýrumst. Það er rosalegur styrkur að vera með annan penna inni á heimilinu, fyrir okkur bæði held ég. Svo var ég náttúrulega mikill aðdáandi Bergþóru, löngu áður en við urðum par, þegar við vorum saman í ritlist í háskólanum. Fyrsta bókin hennar, Daloon Dagar, er ein af mínum uppáhalds ljóðabókum. Þannig að ég er, þegar allt kemur til alls, bara aðdáandi sem datt í lukkupottinn.“

> **Maður er oft svolítið meðvirkur þegar maður er að lesa yfir verk annarra en það fer minna fyrir því þegar maður er í sambúð með viðkomandi og er nýbúinn að vera að argast yfir uppvaskinu.**
>
> Bergþóra Snæbjörnsdóttir

Bergþóra ber Braga ekki síður vel söguna. „Bragi er góð manneskja sem gerir sambúðina óneitanlega auðveldari. Við ræðum skriftir mjög mikið, köstum á milli okkar hugmyndum og lesum yfir hvort hjá öðru.“ Amstur hversdagsins geri þeim kleift að vera hreinskilin hvort við annað. „Maður er oft svolítið meðvirkur þegar maður er að lesa yfir verk annarra en það fer minna fyrir því þegar maður er í sambúð með viðkomandi og er nýbúinn að vera að argast yfir uppvaskinu.“ Það sé þó viss fórnarkostnaður sem fylgi sambúð rithöfunda. „Gallinn við þetta fyrirkomulag er helst fjárhagslegur – stundum væri gott ef annað okkar væri í eðlilegri vinnu og við þyrftum ekki að harka alveg svona mikið.“

### Sami gjörningurinn?

Bragi Páll segir barneignir óneitanlega hafa áhrif á skrifin. „Börn og bækur á sama tíma er skrítin blanda, en þessi bók mín verður í rauninni til á milli barnanna okkar. Hlutir eins og brjóstagjöf, meðganga og fæðing koma til dæmis fyrir í bókinni hjá mér, en þannig hlutir hafa almennt í gegnum tíðina ekki verið fyrirferðarmiklir í mínum skrifum. Uppistaðan hjá mér hefur verið kyn- og geðsjúkdómar fram að þessu.“

„En svo eru þetta hvort tveggja svo vonlausar og sjálfselskar aðgerðir, að eignast barn á tímum loftslagsbreytinga, þegar það versta sem þú getur gert fyrir umhverfið er að fjölga þér. Og að skrifa bók á tímum þegar flest forlög berjast í bökkum, bókasala dregst saman, ungir drengir eru meira og minna ólæsir, fyrir hvern er þetta þá gert? Að búa til listaverk í deyjandi listformi? Að fæða börn inn í deyjandi heim? Er þetta ekki sami gjörningurinn?“ spyr Bragi Páll.

Bergþóra skrifaði Svínshöfuð samhliða meðgöngunni. „Ólíkt Braga var ég enn að skrifa skáldsöguna þegar ég varð ófrísk. Mér leið hræðilega fyrstu þrjá mánuði meðgöngunnar, var haldin mikilli þreytu og ógleði. Þá var mjög erfitt að neyða sig til að setjast niður og skrifa í marga klukkutíma á dag. Ég sé í dag að þessi vanlíðan gæti hafa smeygt sér aðeins inn í skáldsöguna, sérstaklega seinni hluta hennar. Mér finnst samt mikilvægt að koma á framfæri að það er miklu erfiðara að fæða barn en að „fæða“ bók,“ áréttar Bergþóra.

### Bókaskrif eða glæpir

Bragi Páll segir lítinn glæsibrag vera yfir starfi rithöfundarins. „Fram undan hjá mér er svo bara að halda áfram að harka og vona að úthlutunarnefnd listamannalauna fari að sjá aumur á mér. Þeir sem aðhyllast átrúnað á jakkaföt virðast ekki átta sig á því hversu ósjarmerandi og magurt ferli það er að skrifa bækur. Jafnvel höfundar sem komast á spenann, verðlaunahöfundar, lepja margir dauðann úr skel. Þannig að það ræðst þegar Rannís birtir listann sinn í byrjun næsta árs, hvort ég held áfram að skrifa bækur eða leiðist út í glæpi,“ segir hann, vongóður.

Bergþóra hyggst vekja athygli á bókinni og fagnar því að vita af henni í góðum höndum. „Á dagskrá hjá mér er að halda áfram að fylgja skáldsögunni eftir. Það gefur mér svakalega mikið að vita að hún sé núna komin í hendurnar á raunverulegu fólki sem er að handleika hana og lesa. Svo verð ég heima á sófanum með nýburann að berjast við að reyna að gefa brjóst og fagna hverju grammi sem bætist við í vigtun á milli þess sem ég læt hugann reika og hugsa um næstu bók.“



# Sæbjúgnahylkin eru bylting

## Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

### Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.






Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgna hylkin. MYND/GVA

Magnús, sem er 69 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**

Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 11/11, 9/12. 2020: 13/1, 10/2, 8/3, 6/4. 4/5. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/nem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 49.500.- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 8981175/5571155

## Heimilið

### Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Íbúð til leigu í Hólahverfi. 4 herb. rúmgóð, stutt í þjónustu og skóla,stórar svalir og gott útsýni. Uppl s:860-5533

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Bílstjóri óskast á sendibíl,meirapróf ekki nauðsynlegt, íslenskukunnátta, hreint sakavottorð. Uppl.s:8999288


FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

job Finnum draumastarfið saman

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is






RAVEN'S Bed & Breakfast

**Ravens bed**
**- Fjósið í Koti -**

**Rétt við Keflavik International Airport finnur þú eina bestu gistingu sem völ er á.**

Við bjóðum herbergi með morgunverði.
Heitur pottur og wifi innifalið.
Húsið allt í gamla stílnum. Sjón er sögu ríkari.

Sérstök tilboð í nóvember and desember.
Fyrir tveggja manna herb. Kr. 9.500.-
Fyrir fjögurra manna herb Kr.14.500.-





Bjóðum skutl á flugvöll og geymslu á bíl meðan ferðast er.
**Nánari upplýsingar veitir;**
Reynir s. 680 8868 eða á heimasíðu
**www.ravensbnb.is**
e-mail.. ravensbnb@ravensbnb.com eða reynjon@gmail.com




# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


**Ferðaþjónustuhús**





Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.
Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is





**Göngubraut: 69.500,-**
Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.
ÞREKTÆKI



**LED leiðiskrossar**





- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is



**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**





- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is



**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**





Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is



**LOK Á HEITA POTTA**





Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com


Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

**SYSTA** – BERNSKUNNAR VEGNA

# Hinn ómetanlegi fjársjóður






© María Guðmundsdóttir

Að hugleiða bernskuna er ferðalag sem hverjum manni verður eftirminnilegt um leið og það skýrir lífssýn hans. Lítum til bernskunnar í hvert skipti sem við stígum mikilvæg spor; allt er bernskunnar vegna.

Hér er á ferðinni bernskubók Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur, Systu.

BENEDIKT BÓKAÚTGÁFA

DYNAMO REYKJAVÍK




Fangar eru einir inni í klefum sínum frá 22.00 á kvöldin til 8.00 á morgnana. Á þeim tímum geta þeir óhindraðir reykt spice jónur án þess að nokkur verði þess var. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Spice ólíkt öllum öðrum fíkniefnum



Jón Þór hefur starfað á Litla Hrauni síðan 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spice er eitt erfiðasta efni sem fangelsisyfirvöld og lögregla fást við. Notendurnir tala um að fara í froskinn, þegar þeir fá krampaköst af ofneyslu og margítrekað hefur þurft að kalla til sjúkrabíl.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Í lok sumars lést fangi á Litla-Hrauni og við krufningu kom í ljós að hann hafði innbyrt mikið magn af fíkniefninu spice. Árið 2017 var talað um spice-faraldur á Litla-Hrauni en ljóst er að staðan er mun verri í dag. Spice er án efa eitt erfiðasta efni sem fangelsisyfirvöld hafa þurft að fást við.

Fréttablaðið ræddi við meðferðarfulltrúa á Litla-Hrauni, lögreglumenn, lyfjafræðing og formann félags fanga um þetta nýja eiturlyf. Allir eru þeir sammála um að hættan er mikil enda er það ólíkt flestu sem til er á markaðinum. Framleiðendurnir eru sífellt að breyta efnunum til þess að vera á undan löggjafanum sem þýðir jafnframt að notendurnir geta ekki vitað hvað þeir setja ofan í sig. Auk þess þarf aðeins eitt gramm af hreinu efni til að búa til hundruð neysluskammta. Þetta þýðir að í auknum mæli koma upp ofneyslutilfelli þar sem notendur fara í krampakast og andnauð. Langtímaáhrifin eru litlu skárri.

**Lítið má út af bregða**

„Spice er stórt vandamál hérna og það er mjög erfitt að fást við þetta. Þetta er það vímuefni sem við höfum verið mest að kljást við í marga mánuði. spice byrjaði að vera vandamál þegar það kom inn í fangelsið fyrst árið 2017. Í dag er neyslan meira viðvarandi. Hún hefur náð fótfestu og virðist ekki vera á förum,“ segir Jón Þór Kvaran, meðferðarfulltrúi á Litla-Hrauni. „Það eru allir að reyna að gera sitt besta en það hefur ekki gengið vel. Nánast daglega erum við að taka efni og neyslutól en það virðist engu breyta.“

Jón segir að fangarnir virðist alltaf einu skrefi á undan þegar kemur að því að smygla efnunum inn í fangelsið. Mest grunar hann að efnin komi inn með heimsóknargestum. En fangarnir fá að vera í næði með þeim í sérstökum herbergjum ef þeir haga sér vel. Annars fara heimsóknir fram á bak við gler og gegn um síma.

„Efnið virðist vera að koma hingað inn í hreinu formi. Þetta er mjög sterkt og það þarf lítið til. Úr aðeins einu grammi af hreinu spice er hægt að búa til einhver hundruð neysluskammta,“ segir Jón Þór.

Á Litla-Hrauni er mikið samneyti á milli fanga á ólíkum deildum. Þeir hittast, til dæmis í útiveru og við vinnu. Frá klukkan 22.00 til 8.00 eru þeir lokaðir einir inni í klefa og þar er óumdeilt að neyslan fer fram.

> **NÁNAST DAGLEGA ERUM VIÐ AÐ TAKA EFNI OG NEYSLUTÓL EN ÞAÐ VIRÐIST ENGU BREYTA**
>
> Jón Þór Kvaran meðfeðarfulltrúi

Fangarnir mega reykja tóbak inni í klefum sínum og engir skynjarar fara af stað ef kveikt er í spice-jónu.

Aðspurður um vímuáhrifn segir Jón Þór að þetta lýsi sér að einhverju leyti eins og kannabisvíma. „Menn verða mjög vímaðir mjög hratt en það varir ekki lengi. Eftir það verða þeir flatir og „mellow“ sem minnir kannski frekar á kannabisvímuna,“ segir hann.

Þar sem lítið þarf af efninu má lítið út af bregða. „Efnafræðin á bak við þetta er mjög misjöfn. Ef þeir klikka á blöndunni, blanda of sterkt eða álpast til að nota þetta hreint, þá fá menn krampaköst og verða ósjálfbjarga,“ segir Jón Þór. Þetta er það sem notendur spice kalla að froska eða fara í froskinn. „Við höfum þurft að kalla til sjúkrabíl oftar en einu sinni og oftar en tvisvar.“ Fangaverðirnir sjálfir eru iðulega spurðir af heilbrigðisstarfsfólki um ástand fanganna enda eru þeir farnir að þekkja áhrif spice vel.

Í samtölum sínum við notendur segir Jón Þór að hann verði var við mjög mikla fíkn og að notendur ánetjist afar hratt. En hann veit ekki til þess að fráhvörfin séu mikil sé neyslunni hætt. Áhrifin á notendurna koma hins vegar fljótt í ljós, bæði líkamleg og andleg.

„Þetta er alveg agalegt fíkniefni,“ segir Jón Þór. „Eftir langvarandi neyslu af þessu verða menn alveg eins og draugar. Þetta tekur ekki síður toll andlega en líkamlega.“

Jón Þór telur rétt að taka hart á notkun spice innan veggja Litla-Hrauns. „Þetta er öryggisfangelsi og þetta er ein helsta öryggisógn sem við stöndum frammi fyrir. Með þetta efni getum við aldrei vitað hvenær sé um ofskömmtun að ræða.“

Hann telur að fyrirkomulagið á Hólmsheiði sé mun betra en á Litla-Hrauni. Þar eru menn stúkaðir betur af og samneyti á milli ganga minna. Jón Þór telur að mikill meirihluti fanga á Íslandi eigi við fíknivanda að stríða, kannski um 90 prósent. Blöndun fanga á Litla-Hrauni gerir allar vímuvarnir erfiðari. „Þetta er eins og að reyna að vera með edrúborð á bar,“ segir hann. Þar að auki eru fíkniefni í fangelsi dýr, mun dýrari en á götunni. Menn

# BARÁTTUSAGAN SEM ALDREI VAR SÖGÐ

**„SAGA SEM SNART HJARTA MITT“**

Með óbilandi kjarki, jákvæðni og þrautseigju tókst Margrét Dagmar Ericsdóttir á við hið ómögulega – þar sem engin fórn var of mikil. Í þessari **áhrifamiklu** bók segir hún frá glímu fjölskyldu við erfiðleika sem virtust óyfirstíganlegir, hún lýsir beint frá hjartanu **sársauka og sorg** en líka **gleði og sigrum** – og því hvernig vængjaþytur vonarinnar hvarf henni aldrei.

**2.**

**Metsölulisti Eymundsson**

Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur




**„ÞÚ BREYTTIR LÍFI MÍNU“**

**KATE WINSLET UM SÖGU MARGRÉTAR**

**„Þú breyttir lífi mínu. Saga þín eflir mig sem móður og manneskju. Þakka þér fyrir að hjálpa mér að þroskast. Það ert þú sem hefur töfrana. Þú kennir mér svo margt á hverjum degi.“**
– Kate Winslet um sögu Margrétar

**„Hetjusagan um Margréti; konuna sem barðist fyrir son sinn; opnaði dyr sem allir töldu lokaðar; saga sem snart hjarta mitt; mögnuð og hrífandi. Lestur bókarinnar gerir okkur að betri manneskjum.“**
Dorrit Moussaieff um sögu Margrétar

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is



Gestaheimsóknarherbergi á Litla Hrauni. Grunur leikur á að fíkniefnum sé komið til fanga þegar þeir eru í einrúmi með gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

lenda í skuld hver gagnvart öðrum og þurfa að greiða með einhverjum hætti. Það er pressað stíft á skuldara, til dæmis að láta aðstandendur þeirra smygla efnum inn í gegnum gestaheimsóknir.

**Vonlaust að vita hvaða efnis er verið að neyta**

Að sögn Valþórs Ásgrímssonar, verkefnastjóra hjá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði hjá Háskóla Íslands, er ekki einfalt að nálgast viðfangsefnið spice því að um er að ræða mörg efni og fæst þeirra hafa verið rannsökuð.

„Orðið spice er tilkomið af því að þegar þessi efni fóru fyrst að sjást af einhverri alvöru árið 2008 voru þau seld í pakkningum sem merktar voru þessu heiti. Eftir það varð orðið að einhvers konar regnhlífarheiti yfir ýmiss konar efni sem hafa margs konar verkun,“ segir hann. „Ég held að flestir reyni að komast hjá því að nota orðið spice enda er afar óljóst um hvað er rætt þegar það er notað. Í seinni tíð er orðið helst notað yfir efni sem við höfum kallað nýmyndaða kannabínóða.“

Á vegum EMCDDA, evrópskrar stofnunar sem fylgist með lyfjum og fíkn, er nú fylgst með um 200 nýmynduðum kannabínóðum. Þeir eru mjög breytilegir í byggingu en eiga það sameiginlegt að bindast sömu viðtökum og tetrahýdrókannabínól (THC), virka efnið í kannabis.

„Að einhverju leyti svipar áhrifunum til áhrifa kannabis en oft eru þau meiri og ákafari og ekki alveg fyrirsjáanleg,“ segir Valþór. „Efnin eru virk í mjög smáum skömmtum og því getur lítill munur í skömmtun orðið að miklum mun í áhrifum.“

Efnunum er yfirleitt blandað við annað plöntuefni og þau síðan reykt.

„Enn fremur er talið að sum efnanna séu mun lengur að brotna niður en tetrahýdrókannabínól þannig að víman getur varað lengi. Þá er ekki fullrannsakað hvort þau hafi áhrif gegnum fleiri boðleiðir en kannabisviðtakann,“ segir Valþór.

Að sögn Valþórs hafa eitranir og dauðsföll verið rakin til notkunar nýmyndaðra kannabínóða. „Almennt má segja að efnin séu oft mjög stutt á markaði, hverfa oft jafn hratt og þau birtust og því mjög erfitt að eltast við hvert einstakt efni. Þá er einnig nánast vonlaust fyrir neytandann að vita hvaða efnis hann er að neyta.“

Nýmyndaðir kannabínóðar ganga undir mörgum öðrum nöfnum en spice erlendis. Til dæmis K2, Black Mamba, Blaze, Zohai, Spike, Genie, Yucatan og svo mætti lengi telja.

**Á undan löggjafanum**

Jón Gunnar Sigurgeirsson, fulltrúi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að lítið hafi borið á notkun spice á götunum. Hann telur að án efa séu einhverjir hópar að nota en haldlagningar hafa verið fáar.

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar hjá lögreglunni á Suðurlandi, segir að á síðustu fimm mánuðum hafi fimm mál komið inn á þeirra borð þar sem staðfest er að um ólöglegt efni sé að ræða. En eitt helsta vandamálið við að takast á við spice er að framleiðendur eiturlyfjanna eru einu skrefi á undan löggjafanum.

„Til þess að það sé ólöglegt að hafa efnin í sinni vörslu þurfa þau að vera á lista yfir ólögleg fíkniefni. Það er sífellt verið að breyta samsetningunni til þess að þetta sé ekki á þeim lista. Þetta þýðir líka að áhættan verður þeim mun meiri því menn vita ekkert hvað þeir eru að fá í hendurnar.“

Oddur segir að verkferlið sé eins og með önnur fíkniefni. „Efnin eru haldlögð ef þau finnast og oftast eru það fangaverðirnir sem finna þetta við klefaleit eða leit á föngunum sjálfum. Síðan fer fram rannsókn á efnunum, hvort þau flokkist sem ólögleg efni. Ef svo er fer þetta sömu leið í réttarkerfinu og fíkniefnamál almennt,“ segir hann. „Vandamálið er að það er eiginlega ómögulegt að átta sig á því að þetta séu fíkniefni. Það er mjög auðvelt að fela þetta og erfitt að þekkja þetta frá kaffikorgi eða einhverju því um líku.“



Guðmundur Ingi hefur áhyggjur af ástandinu á Hrauninu FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Á MEÐAN EFTIRSPURNIN ER FYRIR HENDI SKIPTIR ENGU MÁLI HVORT ÞÚ ER VISTAÐUR Í ÖRYGGISFANGELSI EÐA EINANGRUN, ÞÚ FÆRÐ ALLTAF EFNIN
>
> Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu

**Þú færð alltaf efnin**

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga og annarra áhugamanna um fangelsismál og betrun, segir að notkun harðra efna á borð við spice eigi sér ástæðu sem rekja megi langt aftur í tímann. Kúvending hafi orðið á Litla-Hrauni árin 2006 og 2007 þegar fangelsisyfirvöld ákváðu að fara í baráttu gegn vægum efnum, sem á þeim tíma var hass. Hörð efni voru einnig notuð en það var ekki sama vandamál og er í dag.

Fangaverðir fengu fíkniefnaleitarhund, fóru að leita á heimsóknargestum, nota gegnumlýsingarbúnað, nota þvagprufur ítrekað og leita í klefum hjá föngum, jafnvel um miðjar nætur. „Þetta tókst hjá þeim. Þeir útrýmdu hassinu á stuttum tíma með þeim aðferðum sem yfirvöld töldu vera þær réttu,“ segir Guðmundur.

Guðmundur bendir á að á hinum Norðurlöndunum horfi fangaverðir í gegnum fingur sér með hassið og þessum harkalegu aðgerðum sé ekki beitt. „Þeir vita hvað gerist,“ segir hann. Séu fangar teknir með skammt af hassi í dönskum fangelsum, fá þeir 50 danskra króna sekt. En hér á Íslandi missa menn sjónvarps- og tölvuréttindi, eru færðir á milli ganga og svo framvegis.

„Eftirspurnin er gríðarlega mikil. Iðjuleysið er mikið, atvinnuleysið og skortur á útiveru líka. Menn eru í geymslu þarna inni og reyna að finna eitthvað til að lyfta sér upp,“ segir Guðmundur. Þess vegna hafa menn litið til efna sem er auðveldara að smygla inn í fangelsið, greinist síður í þvagi og í skemmri tíma og hefur minni lykt. „Þegar eitthvað nýtt kemur á markaðinn, því hættulegra er það. Það eru endalausar leiðir til að koma efnum inn í fangelsið. Á meðan eftirspurnin er fyrir hendi skiptir engu máli hvort þú er vistaður í öryggisfangelsi eða einangrun, þú færð alltaf efnin.“

Notkun spice hefur hingað til verið bundin að mestu leyti við fangelsið að Litla-Hrauni. Hægt er þó að verða sér úti um það á Hólmsheiði og í opnu fangelsunum einnig. Guðmundur segir að hann og félagið Afstaða hafi miklar áhyggjur af ástandinu á Litla-Hrauni. Jafnframt að hertari reglur og strangara eftirlit sé ekki lausnin. „Líkt og úti í samfélaginu þá hafa fangelsisyfirvöld ekki skilning á að þetta eru veikir einstaklingar og vímuvarnirnar sem beitt er þarna virka ekki.“

Á Litla-Hrauni er meðferðargangur þar sem föngum er umbunað. En nálægðin við þá sem eru í neyslu gerir það að verkum að gangurinn þjónar ekki markmiðum sínum. „Þó það sé mjög hæft starfsfólk þarna, þá gengur þetta ekki upp því að menn eru þarna á röngum forsendum. Stundum er meiri neysla á meðferðarganginum en annars staðar í fangelsinu því að ef að einn fellur hefur það oft keðjuverkandi áhrif,“ segir Guðmundur.




K2 er eitt af vörumerkjunum sem efnin ganga undir. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hvað er Spice

- **Hvað er spice?** Nýmyndaðir kannabínóðar sem gerðir eru á tilraunastofum og spreyjað yfir þurrkaðar plöntur eða krydd.
- **Hvar er spice framleitt?** Stór hluti er framleiddur í Kína, en hægt er að framleiða spice hvar sem er.
- **Hvernig er spice pakkað?** Erlendis er spice oft pakkað í litlar lokanlegar og litríkar plastpakkningar, allt að 3 grömm í hverjum poka. Pakkningarnar eru gjarnan ranglega merktar sem löglegt efni.
- **Hvar er spice selt?** Spice hefur verið selt í sérbúðum með kannabistengdar vörur, á netsíðum og jafnvel á bensínstöðvum.
- **Hvernig er spice neytt?** Algengasta aðferðin er að blanda því út í jurtir og reykja. Einnig er hægt að blanda út í te og setja í rafrettuvökva.
- **Hver er útbreiðslan?** Á Íslandi er spice fyrst og fremst bundið við fangelsið að Litla-Hrauni. Erlendis hefur útbreiðslan farið hratt upp á við síðan 2009 en er þó lítil miðað við notkun venjulegs kannabis. Í bandarískum könnunum hefur komið fram að allt að 10 prósent 10. bekkinga hafa prófað spice.
- **Andleg áhrif:** Slökun, skapbreyting, breytt vitund, ranghugmyndir, ofskynjanir, ruglingur, kvíði, ofsóknarbrjálæði, árásargirni, depurð, pirringur, sjálfsvígshugsanir.
- **Líkamleg áhrif:** Ör hjartsláttur, hár blóðþrýstingur, uppköst, höfuðverkir, nýrnaskaði, vöðvakrampar.




HEFST SUNNUDAG

## Hvar er best að búa?

Dreymir þig um að rífa þig upp úr rútínunni og flytja til útlanda?
Lóa Pind fer um hnöttinn að heimsækja íslenskar fjölskyldur sem létu drauminn rætast í nýrri þáttaröð til að komast að því: Hvar er best að búa?

**stod2.is 1817**

## Merkisatburðir

**1799** Napóleon nær völdum í Frakklandi og útnefnir sjálfan sig fyrsta konsúl.

**1932** Gúttóslagurinn á sér stað í Reykjavík er áheyrendur hleypa upp bæjarstjórnarfundi í Góðtemplarahúsinu vegna ákvörðunar bæjarstjórnar um að lækka laun í atvinnubótavinnu.

**1970** Sovétmenn skjóta geimfarinu Luna 17 á loft með tunglbílinn Lunokod 1 innanborðs.

**1981** Þrælahald er afnumið í Máritaníu.

**1985** Minnisvarði er afhjúpaður á Skógum í Þorskafirði um Matthías Jochumsson skáld, sem fæddist þar 150 árum áður.

**1985** **Garrí Kasparov** sigrar Anatólí Karpov, 22 ára gamall og verður yngsti heimsmeistarinn í skák.



**1986** Tveimur hvalbátum er sökkt í Reykjavíkurhöfn. samtökin Sea Shepherd lýsa ábyrgð af því á hendur sér.

**1989** Fall Berlínarmúrsins: Günter Schabowski lýsir því í sjónvarpi af misgáningi að för til Vestur-Berlínar verði heimil strax.

**1990** Ný stjórnarskrá tekur gildi í Nepal sem bindur enda á einveldi konungs.

**1993** Bosníukróatar eyðileggja gömlu brúna í Mostar, Stari Most, með skothríð úr skriðdrekum..

**2015** Katalónska þingið samþykkir að stefna að sjálfstæði héraðsins. Ríkisstjórn Spánar kærir samþykktina til hæstaréttar.

# Unnið úr úrhraksflíkum

**Valbjörg Rúna Björgvinsdóttir er meðal fatahönnunarnema við Listaháskóla Íslands sem saumað hafa fatnað úr ósöluhæfum flíkum er verða sýndar í LHÍ í Laugarnesinu í dag.**



„Lítið hefur verið um svefn síðustu nætur,“ segir Valbjörg Rúna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við erum að vinna úr fatnaði sem verður afgangs þegar Rauði krossinn er búinn að velja það sem hann ætlar að selja og senda út,“ segir Valbjörg Rúna Björgvinsdóttir, nemi í fatahönnunardeild LHÍ um verkefnið Misbrigði. Afrakstur þess verður sýndur á tískusýningum í leikhúsrými LHÍ, Laugarnesvegi 91, í kvöld, sem byrja klukkan 18.00 og 19.00. Gengið er inn um listkennsluinngang en nauðsynlegt að ná sér í ókeypis miða fyrst á tix.is

Þegar það sem Valbjörg Rúna er að gera er grandskoðað sést glöggt að allt er hægt ef hugvitið er fyrir hendi. Auk kjóls úr gamalli golftreyju og jakka úr svörtum gallabuxum hefur hún saumað buxur úr álhitateppi, fóðraðar með málningargalla úr Bykó og nokkurs konar peysu úr svörtum gallabuxum. Önnur ermin er með grófum vasa af smíða-vinnubuxum en fínlegur, hvítur saumur vegur þar á móti. Fóðrið er filt úr Primaloft-úlpu. „Ég hef smá áhyggjur af að módelið verði að kafna úr hita,“ segir hönnuðurinn brosandi og kveðst búin að brjóta nokkrar nálar við þetta verk.

Saumatímarnir í grunnskólanum voru í uppáhaldi hjá Valbjörgu Rúnu, ásamt myndmennt, að hennar sögn. Nú er hún meðal níu nema á öðru ári í LHÍ en áður en hún sótti um þar fór hún á fataiðnbraut Tækniskólans til að læra grunnatriðin. „Bekkurinn er allur að versla í Rauðakrossbúðunum og öðrum verslunum með notuð föt. Það er miklu skemmtilegra að eiga eitthvað einstakt heldur en fjöldaframleitt,“ segir hún og bætir við: „Sem unglingur var ég oft í fötum sem mamma hafði saumað þegar hún var yngri.“

gun@frettabladid.is



Jakkinn er úr gallabuxum, skreyttur hvítum, tvöföldum saumi og sílikoni. Kjóllinn er úr síðri golftreyju.

**Það er miklu skemmtilegra að eiga eitthvað einstakt heldur en fjöldaframleitt.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson, Útfararstjóri, Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir, Útfararþjónusta, Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is. Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
**Vesturhlíð 2**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



✝

Hjartans þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát elsku móður okkar,

**Dórótheu Jónsdóttur**

**Fyrir hönd allrar fjölskyldunnar,**
**Guðlaug, Gunnar og Guðrún Kjartansbörn**



✝

Ástkær faðir og afi,

**Sveinn Þorláksson**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund. Jarðarför fer fram fimmtudaginn 14. nóvember.

**Þorlákur R. Sveinsson og fjölskylda.**



✝

Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**Sólrún Helgadóttir**
Hrísmóum 1, Garðabæ,

er látin.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Sigurður Helgason**



✝

Elskulegi sonur minn bróðir, mágur og frændi,

**Rafn Gunnarsson**
fv. verkstjóri hjá Eimskip,
Æsufelli 6,
111 Reykjavík,

lést 30. október 2019.
Útförin fer fram frá Seljakirkju 12. nóvember 2019.

**Elsebeth Finnsson**
**Kristinn Gunnarsson** — **Lilja K. Hallgrímsdóttir**
**Ásta María Gunnarsdóttir**
**Anna Gunnarsdóttir**
**Súsanna Gunnarsdóttir** — **Jón Vilhjálmsson**
**Bylgja Gunnarsdóttir**
**og frændsystkini.**



✝

Elskulegur sonur, eiginmaður, faðir og bróðir,

**Halldór Gísli Briem**
Grikklandi,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 7. nóvember. Jarðarför fer fram laugardaginn 9. nóvember í Aþenu, Grikklandi.

**Zophania G. Briem**
**Lida Briem**
**Magnús Dimitri Briem**
**Svanborg R. Briem**
**Einar Jón Briem**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Jón Emil Árnason**
fyrrverandi aðalvarðstjóri slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli

lést á Landspítalanum 6. nóvember. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Fjölskylda og aðstandendur.**

# Gestagangur er blanda af gleði

Gestagangur er nýr söngleikur sem Leikfélagið Hugleikur frumsýnir í kvöld klukkan 20 í gamla nemendaleikhúsinu á Sölvhólsgötu 13. Höfundur er Þórunn Guðmundsdóttir, söngkennari og tónskáld. „Gestagangur gerist á hernámsárunum og er að vissu leyti framhald af leikritinu Stund milli stríða sem var sett á svið fyrir fimm árum og fjallaði um kreppuárin. Þrjár persónur úr því bönkuðu upp á og mér fannst áhugavert að sjá hvaða áhrif seinni heimsstyrjöldin hafði á þær, borgarlífið og landið allt. Annars er mannlífið fjölskrúðugt í Gestagangi, sumar persónur eru byggðar á raunverulegum fyrirmyndum en mjög frjálslega skapað í eyður.“

Þorgeir Tryggvason leikstýrir fjölmennum hópi. „Það eru 30 manns sem koma fram á sviði, bæði leikarar og hljómsveit að ótöldum þeim sem eru bak við tjöldin, ljósamönnum, sminkum, þeim sem sjá um búninga, leikmynd og miðasölu,“ lýsir Þórunn. „Efnið sveiflast frá því að vera næstum farsakennt yfir í alvarlega atburði svo það spannar víðan skala, eins og lífið. Stríðsárin voru ólgutímar og margt gerðist, bæði gleðilegt og alvarlegt.“ –gun



**Þórunn segir fara vel um verkið og hópinn á Sölvhólsgötunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**Guðrún María Gunnarsdóttir**

lést þann 29. október sl. í Þrándheimi, Noregi. Útför fer fram þann 13. nóvember kl. 13.00 frá Digraneskirkju.

**Þorbjörg Ólafsdóttir** — **Gunnar Viðar Jónsson**
**Ragna K. Magnúsdóttir** — **Jón Baldur Gíslason**
**Kristinn Már Viðarsson** — **Ingibjörg Jónasdóttir**
**Jón Gunnar Gunnarsson** — **Karen Sif Sigurðardóttir**
**og systkinabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts elsku eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Júlíusar Jónssonar**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Ísafoldar, Landakots og Vífilsstaða.

**Björk Garðarsdóttir**
**Bylgja Júlíusdóttir** — **Sveinbjörn Rögnvaldsson**
**Skúli Júlíusson** — **Linda Pehrsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Herdís Guðrún Jóhannesdóttir**

hjúkrunarheimilinu Grund, áður Kleppsvegi 118, Reykjavík,

lést 3. nóvember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 14. nóvember kl. 11.

**Gísli Sveinsson** — **Kristín Torfadóttir**
**Sandra Gísladóttir**
**Arnar Gíslason**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Jónsdóttir**

frá Brekku í Aðaldal,

lést á Hrafnistu, Nesvöllum, mánudaginn 4. nóvember. Útförin fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 11. nóvember kl. 13

**Guðbjörg Nanna Einarsdóttir**
**Kristjana Einarsdóttir Herzog** — **Brian M. Herzog**
**Jóna Gréta Einarsdóttir** — **Lárus Milan Bulat**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erna Stefánsdóttir**

Boðagranda 2, Reykjavík,

lést sunnudaginn 3. nóvember. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 13. nóvember klukkan 15.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnar Steinþórsson og Rósa Hlín Óskarsdóttir**

---



Þökkum hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Huldu Kristjánsdóttur**

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Arnarhrauni 23, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Ölduhrauns á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir hlýtt viðmót og einstaka umönnun.

**Guðrún Jóna Knútsdóttir** — **Rúnar Sigursteinsson**
**Ágúst Knútsson**
**Kristján Knútsson** — **Gréta Benediktsdóttir**
**Sigrún Edda Knútsdóttir** — **Janus Friðrik Guðlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi

**Valur Kristinsson**

sjómaður,

lést þann 2. nóvember síðastliðinn. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 18. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Kristín Sigríður Valsdóttir**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Sigrún Ragnarsdóttir**

Laugarásvegi 43, Reykjavík,

lést sunnudaginn 3. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 12. nóvember klukkan 13.

**Ásta R. Jóhannesdóttir** — **Einar Örn Stefánsson**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Ragnar Jóhannesson**
**Bjarni Jóhannesson** — **Auður Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Björnsdóttir**

frá Fagraskógi,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð á Akureyri þriðjudaginn 5. nóvember 2019. Útförin fer fram frá Möðruvallaklausturskirkju laugardaginn 23. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Þóra Björg Magnúsdóttir** — **Sigurður Heiðdal**
**Stefán Magnússon** — **Sigrún Jónsdóttir**
**Björn Vilhelm Magnússon** — **Sigrún Ingveldur Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir minn, afi og langafi,

**Finnbogi Árnason**

rafvirkjameistari,

lést föstudaginn 1. nóvember á Landspítalanum. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 12. nóvember kl. 13.

**Guðbjörg Þóra Steinsdóttir**
**Árni Finnbogason**
**Finnbogi Þór Árnason** — **Brynja María Rúnarsdóttir**
**Daníel Örn Árnason** — **Brynja Birgisdóttir**
**Þóra Árnadóttir** — **Emil Örn Sigurðarson**
**og barnabarnabörn.**

---



Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Matthildar Soffíu Maríasdóttur**

frá Hjörsey.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Brákarhlíðar í Borgarnesi fyrir góða umönnun og alúð.

**Börn, tengdabörn, barnabörn, langömmu- og langalangömmubörn.**

---



Okkar ástkæra

**Laufey Ósk Guðmundsdóttir**

Suðurgötu 8, Keflavík,

lést á Hrafnistu, Nesvöllum, miðvikudaginn 30. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Nesvalla fyrir frábæra umönnun og hlýtt viðmót.

**Jóhann Davíðsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Kolfinna Árnadóttir**

Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu, Nesvöllum, þriðjudaginn 29. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 11.

**Ástfríður Svala Njálsdóttir**
**Árný Dalrós Njálsdóttir** — **Gísli Sigurðsson**
**Jóhanna Njálsdóttir** — **Kári Þorgrímsson**
**Þórdís Anna Njálsdóttir** — **Erlendur Salómonsson**
**Kolfinna Njálsdóttir** — **Óskar Birgisson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Vibeka Bjarnadóttir**

frá Neskaupstað, áður til heimilis að Barðastöðum 79,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 31. október. Útförin fer fram frá Fíladelfíukirkju mánudaginn 11. nóvember klukkan 13.00.

**Viðar Norðfjörð Guðbjartsson** — **Kulrapas Kaewin**
**Þorleifur Guðbjartsson**
**Bjarni Geir Guðbjartsson** — **Kristín Ósk Gestsdóttir**
**Elín Guðbjartsdóttir** — **Marten Ingi Løvdahl**
**Guðbjartur Guðbjartsson** — **Kazi Kona**
**Signý Guðbjartsdóttir** — **Sigurður Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**TOMMUSTOKKUR**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum birtist þarfaþing sem finnst á flestum heimilum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. nóvember“.



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Urðarmáni** eftir **Ara Jóhannesson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðrún D. Ágústsdóttir, 105 Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**
**1** Blekbændur fá heila síðu undir vængjað hrossið (11)
**11** Sinna konum Ármanns heitins og þörfum karla í sömu stöðu (10)
**12** Þjóðvegur 1 hefur löngum nagað lata rugludalla (9)
**13** Díana á skóinn og mokkasíurnar líka (12)
**14** Reisum garð úr grjóti og steypu (9)
**15** Rif fyrir Gvend og félaga í löndunum (12)
**16** Tónlistargagnrýnandi þolir ekkert raul, enda boðberi hins fágaða tóns (7)
**17** Skynja hljóm hrunsins í sveiflum raddblæsins (11)
**19** Oftar kemur agareglan í veg fyrir svona rugl (9)
**22** Klára þennan sólarhring með því að látast (7)
**27** Vansæl, vesæl og verulega sjúk (8)
**30** Náðum tveimur misserum fjarri öllum dellum (7)
**31** Millirödd er hin almenna regla, eins og eðlilegt er (7)
**32** Hvernig myndaðist fóður úr brennandi báli? (8)
**34** Allt um dauða og búna (7)
**35** Ummerki um pappírsbát og lauf í lagi sets (7)
**36** Sem berserkur í búðarferð - Söngur um verslun og viðskipti (8)
**37** Þetta grímukjaftæði byrjar um 21 (7)
**40** Þau kasta þessu til mín af pallinum (7)
**42** Tel miðvers ort um þá hittnu (8)
**43** Ert þú kannski grænmetisgums? (8)
**45** Hér er Kalli prins að tjilla og bulla (6)
**46** Kjaftur sá kláraði það sem hinn haldlausi megnaði ekki (8)
**47** Held ég dansi ekki með hundi (6)
**48** Sé skollaskott í knjáliðagrasi (8)

**LÓÐRÉTT**
**1** Hleypur hratt sem dýróður asni (11)
**2** Fljót að veiða þennan vinning, en mikið er óunnið enn (11)
**3** Ég boða dægur lögmála innan ákveðins tímaramma (11)
**4** Stefna í sárið með þetta ákveðna tónbil (9)
**5** Spyr Sporty Spice um brúnku, því löng fjósdvölin tekur á (10)
**6** Þessi trjónufen minna á hús hinna verpandi spendýra (10)
**7** Listabraut leitar lykilatriða fyrir dag hinna opnu dyra (10)
**8** Með mikilli hugmyndaauðgi fæst þó aðeins ímyndaður fengur (9)
**9** Hér er hann kominn, hinn ægisvali vindur (8)
**10** SS tjáir sig ekki um innri núning vegna umskipta (8)
**18** Röflum enn vegna ferðar út á Skaga þótt við birgðum okkur vel af kakói og kexi (8)
**20** Bruna um þessa vegi sem væru þeir leiktæki (12)
**21** Eitt svona hljóðfæri er á við heilan dansleik (7)
**23** Er nautaat var aflagt voru bolarnir sendir hingað (11)
**24** Flott í tauinu einsog Gógó Starr (7)
**25** Kanna hvort háhýsin henta í þessar þrautir (8)
**26** Stór strákur fær annan blæ með henna (6)
**28** Sá kind fanga frjálsa eftir friðsamlega fundi (10)
**29** Sekkur bleyðunnar fer huldu höfði (10)
**33** Línustrikið fylgir þyngdaraflinu (8)
**38** Þau hirða lítt um kvakið í Trump (6)
**39** Á prik að hrækja á vatn sem kemur upp um ís? (6)
**41** Skipta fengnum svo lítið ber á meðan hinir rífast (5)
**44** Átta ára stelpuskott (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 7 | 9 | 6 |
| 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 6 | 5 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 5 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 4 | 5 | 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 8 | 5 | 4 |
| 8 | 2 | 9 | 4 | 7 | 5 | 3 | 1 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Schuc átti leik gegn Beda í Groningen árið 1991.

**1. Hxg7! Kxg7 2. Dh6+ Kf7 3. Dxh7# 1-0.** EM öldunga hefst á morgun í Drammen í Noregi. Áskell Örn Kárason, Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir og Jóhannes Björn Lúðvíksson eru meðal keppenda.

**www.skak.is:** Nýir skákpistlar.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Sjaldgæf skipting

Sveit Hótels Hamars vann baráttusigur í Deildakeppni BSÍ sem fram fór helgina 26.-27. október. Hún fékk 111,35 stig eftir mikla baráttu í lokin við sveit SFG sem hafnaði í öðru sæti með 111,16 stig í níu umferðum (fengu tæplega 12,4 stig í hverjum leik). Spilarar í sveit Hótels Hamars eru vanir að hampa fyrsta sætinu og voru: Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni H. Einarsson, Jón Baldursson, Sigurbjörn Haraldsson, Sigurður Sverrisson og Sverrir Ármannsson. Sveit Hótels Hamars landaði sigrinum í síðustu umferð þegar þeir unnu 14:93-5,07 en sveit SFG vann 13:18-6:82. Spil 3 í fimmtu umferð mótsins skartaði sjaldgæfri skiptingu hjá norðri sem var með 9 spil í spaða. Margir spilararnir í norður gerðu sér grein fyrir styrk handarinnar eftir hjartaopnun frá suðri og sögðu sig alla leið upp í slemmu. Suður var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ ÁD10976543
♥ Á5
♦ -
♣ 63

**Vestur**
♠ K
♥ D10972
♦ D10983
♣ 75

**Austur**
♠ 82
♥ 6
♦ KG7652
♣ ÁDG4

**Suður**
♠ G
♥ KG843
♦ Á4
♣ K10982

Spilið var spilað á 10 borðum og helmingur þeirra sagði sig í spaðaslemmu. Slemman var ekkert of góð, með gat í laufinu og spaðakónginn vantaði. En laufásinn var „réttur“ og spaðakóngurinn einnig „réttur“ og blankur þar að auki. Þannig að slemman var auðveld til vinnings fyrir sagnhafa. Fjögur borð voru í 4♥, en eitt par var svo “óheppið” að spila 4♥ í NS. Sá samningur var vonlaus þegar vestur var með góðan fimmlit í hjartanu og fór niður.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 38.STARFSÁR / *THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 38TH SEASON*

# JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2019
## *THE HALLGRÍMSKIRKJA CHRISTMAS MUSIC FESTIVAL 2019*




**LAUGARDAGINN 7. DES. KL. 18**
**SUNNUDAGINN 8. DES. KL. 16**


Hörður Áskelsson


Tuomo Suni


Herdís Anna Jónasdóttir


David Erler


Martin Vanberg


Jóhann Kristinsson

## Hrífandi og hátíðleg jólastemmning í fagurlega skreyttri kirkjunni!

Mótettukórinn, Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju og úrvalslið einsöngvara flytja Messías eftir Georg Friedrich Händel undir stjórn Harðar Áskelssonar á aðventu í ár. Messías er eitt háleitasta og fegursta verk tónlistarsögunnar. Flutningur á Messíasi er hátíðarviðburður sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Flytjendur*:*
**Mótettukór Hallgrímskirkju**
**Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju**

Stjórnandi *:*
**Hörður Áskelsson**

Konsertmeistari*:*
**Tuomo Suni**


Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

Einsöngvarar*:*
**Herdís Anna Jónasdóttir** sópran
**David Erler** kontratenór
**Martin Vanberg** tenór
**Jóhann Kristinsson** bassi

midi.is · Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Reykjavíkurborg · HALLGRÍMSKIRKJA

**www.listvinafelag.is - www.motettukor.is**

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 377

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. “Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skildi hún vera svona klár?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | | 5 | | | 9 | | 4 |
| | | 8 | 2 | | 3 | | | 7 |
| 4 | | 7 | | | 8 | 2 | | |
| 2 | | | 3 | 1 | | | 9 | |
| | 8 | 3 | | | 7 | 4 | | 1 |
| | 4 | | 8 | 6 | | 7 | 2 | |
| 8 | | 9 | | | 6 | 1 | | 2 |
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | 8 |
| 1 | | 6 | 7 | | 2 | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | 3 | | | 2 | 6 |
| 2 | | 1 | 5 | | 4 | | 8 | |
| 3 | 5 | | | 8 | 2 | 9 | | 1 |
| 5 | | 8 | | 9 | | 7 | | 2 |
| | 7 | 2 | | | 5 | 4 | | 9 |
| 9 | 4 | 3 | 2 | 7 | | | 5 | 8 |
| | 6 | | | 2 | 9 | 8 | 7 | |
| | | 9 | 6 | | | 2 | | 5 |
| 7 | 2 | | 1 | 5 | | 6 | 9 | |

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?





Fótboltinn er eitt af því sem Baldur Björn elskar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Peppaður og hress fyrir sýningar

Hinn tólf ára gamli Baldur Björn Arnarsson er í stóru hlutverki í söngleiknum Matthildi. Hann hóf æfingar í byrjun ársins og hefur þegar leikið í um 40 sýningum frá 15. mars, en fékk þó sumarfrí.

**Hvernig mundir þú lýsa stráknum Lars sem þú leikur?** Hann er skemmtilegur, traustur og mjög hlédrægur nema þegar vel er liðið á sýninguna.

**Hvernig líður þér þegar þú ert að fara á sýningu?** Ég er mjög peppaður og hress. Það er alltaf svaka stuð að vera með krökkunum og leikurunum, það er bara frábært.

**Hefur þú tekið þátt í fleiri söngverkefnum?** Já, ég söng inn á safnplötu Bjarna Hafþórs, Fuglar hugans, lag sem heitir Skólasöngurinn, það er líka hægt að hlusta á það á YouTube og Spotify. Síðan söng ég einsöng í Söngvaborg 7 þegar ég var sjö ára og fékk að koma fram með Siggu Beinteins og Maríu Björk á nokkrum hátíðum. Svo vann ég, ásamt tveimur öðrum, Eurovision söngvakeppni Krakkarúv 2017.Ég lék líka hlutverk í fótboltamyndinni Víti í Vestmannaeyjum og einnig hef ég leikið í nokkrum stuttmyndum.

**Æfir þú fótbolta?** Já, ég æfi fótbolta með 4. flokki Fylkis og svo æfi ég líka á píanó.

**Hvert er þitt eftirlætisfag í skólanum?** Uppáhaldsfögin mín eru heimilisfræði – af því ég elska að elda – og íþróttir.

> MIG LANGAR AÐ VERÐA SVO MARGT EN ÞAÐ SEM STENDUR UPP ÚR ER LEIKARI, SÖNGVARI EÐA FÓTBOLTAMAÐUR.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Uppáhaldsmaturinn minn er sushi og nautasteik með Fabrikku bernaissósu og grilluðum aspas.

**Hvað er mest spennandi af því sem þú hefur upplifað?** Þegar ég söng einsöng á Arnarhóli á 17. júní og svo auðvitað Matthildur.

**Manstu eftir einhverju skrítnu sem þú hefur lent í?** Þegar ég var að sýna eitt sinn í Matthildi þá söng ég vitlaust erindi þegar ég var að syngja einsöng. Ég held reyndar að enginn áhorfandi hafi tekið eftir því en ég skammaðist mín mjög mikið eftir á. Núna er það eiginlega bara fyndið.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að verða svo margt en það sem stendur upp úr er leikari, söngvari eða fótboltamaður.

## Gátur

1. Hvaða orð er alltaf stafað vitlaust?

2. Hvað er með fimmtíu fætur og syngur?

3. Þú getur ekki tekið mynd af manni með hækju. Hvers vegna ekki?

4. Hvenær kemur árangur á undan erfiði?

5. Rafvirki og smiður eru að versla í byggingavöruverslun. Rafvirkinn er faðir sonar smiðsins. Hvernig er það hægt?

50



Svör: 1. Vitlaust. 2. Tuttugu og fimm manna kór. 3. Þú verður að taka myndina með síma eða myndavél - ekki hækju. 4. Í orðabókinni. 5. Smiðurinn er kona.

Úr bókinni Brandarar og gátur 4.

## Stærsti páfagaukur heims

Kakapúi (Strigops habroptila) er stærsti og þyngsti páfagaukur heims. Hann er líka afar fágætur sem skýrist eflaust af því að hann er ófleygur og því auðveld bráð bæði manna og rándýra.

Heimkynni kakapúa eru í þéttum skógum Nýja-Sjálands og til að vernda tegundina hafa vísindamenn flutt fugla á nokkrar smáeyjar þar sem rándýrin ná ekki til þeirra. Samt sem áður er kakapúinn ein þeirra tegunda sem breski leikarinn Stehphen Fry hefur talið í útrýmingarhættu í sjónvarpsþætti sínum, Last Chance to See.

Kakapúinn hreyfir sig bara á nóttunni en þá getur hann kjagað langar leiðir. Nafnið hans er úr tungumáli Maóra, frumbyggja Nýja-Sjálands, þar sem kaka þýðir páfagaukur og po þýðir nótt. En hann hefur líka verið kallaður uglugaukur, kannski vegna næturbröltsins.

Frumbyggjunum fannst kjötið af kakapúum gott og haminn, með fjöðrunum, notuðu þeir í föt sem þóttu bæði falleg og hlý.



Kakapúi er skrautlegur eins og margir fleiri páfagaukar.

Heimildir: Vísindavefurinn og Fréttablaðið





Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 13. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | °C | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 3 |
| Ísafjörður | 0 | 5 |
| Akureyri | 3 | 5 |
| Egilsstaðir | 4 | 9 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 9 |
| Hveravellir | 0 | 7 |

Lægir um morguninn. Suðaustan 8-13 eftir hádegi. Rigning suðaustan til, en þurrt á Norðurlandi, en annars úrkomulítið. Hiti yfirleitt 0 til 6 stig, mildast syðst.










| | Sunnudagur | | Mánudagur | | Þriðjudagur | | Miðvikudagur | | Fimmtudagur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 14 | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 6 | 0 | 4 |
| Ísafjörður | 1 | 5 | 0 | 3 | -4 | 1 | -2 | 3 | -4 | 3 |
| Akureyri | 4 | 5 | 0 | 1 | -5 | 1 | -10 | 1 | -4 | 1 |
| Egilsstaðir | 5 | 10 | 1 | 4 | -2 | 1 | -4 | 1 | -1 | 3 |
| Kirkjubæjarklaustur | 6 | 10 | 1 | 3 | 0 | 2 | -2 | 2 | -1 | 5 |
| Hveravellir | 0 | 17 | -2 | 2 | -4 | 3 | -8 | 3 | -4 | 6 |

Reykjavík

Ísafjörður

Akureyri

Egilsstaðir

Kirkjubæjarklaustur

Hveravellir


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Hvað? Hvenær? Hvar?** Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 9. NÓVEMBER 2019

### Kvikmyndir

**Hvað?** Kyrrlát sæla
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Veröld – Hús Vigdísar
Mynd Edorado Wonspeare sýnd ókeypis í boði Salento kvikmyndahátíðarinnar. Enskur texti. Wonspeare og aðalleikonan Celeste Casciaro svara spurningum.

**Hvað?** Örkin í Disperata
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Veröld - Hús Vigdísar
Mynd Edorado Wonspeare sýnd ókeypis í boði Salento kvikmyndahátíðarinnar. Enskur texti. Wonspeare og aðalleikonan Celeste Casciaro svara spurningum á eftir

### Leiklist

**Hvað?** Stund milli stríða
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla nemendaleikhúsinu, Sölvhólsgötu 13
Hugleikur frumsýnir nýjan söngleik.

### Myndlist

**Hvað?** Innsæi í myndlist
**Hvenær?** 10.00-17.00
**Hvar?** Gerðarsafn, Kópavogi
Ókeypis námskeið fyrir fullorðna með Edward de Boer og Ruth Bellinkx. Skráning á gerdarsafn@kopavogur.is.

**Hvað?** Málverkasýning Kristbergs Ó. Péturssonar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Lyngás 7, Garðabæ
Olíumálverk, akrýlmyndir og vatnslitamyndir til sýnis og sölu.

**Hvað?** Hvílist mjúklega
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Alþýðuhúsið, Siglufirði
Ragnhildur Jóhanns sýnir í Kompunni.

**Hvað?** Opnun Skynlistasafns
**Hvenær?** 17.00-19.00
**Hvar?** Bergstaðastræti 25b
Samsýning um framtíðarverundina og ný tilraunavinnustofa.

### Tónlist

**Hvað?** Vetrarhylur
**Hvenær?** 15.15.
**Hvar?** Breiðholtskirkja
Strengjasveitin Spiccato leikur verk frá barokktímanum.

**Hvað?** Nordic Affect leikur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Miðaverð er 2.500.

### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Pólsk menningarhátíð
**Hvenær?** 13.00 – 16.00
**Hvar?** Nesvellir, Njarðarvöllum 2
Listsýning, „street food“ stemning, dans og tónlist. Afþreying fyrir börn. Ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Basar
**Hvenær?** 13.00-17.00
**Hvar?** Frumskógar 6b, Hveragerði
Munir eftir heimilismenn Dvalarheimilisins Áss. Kaffi og meðlæti til sölu.

**Hvað?** Misbrigði – tískusýning
**Hvenær?** 18.00 og 19.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Laugarnesi
Nauðsynlegt er að næla sér í ókeypis miða gegnum tix.is þar sem sætafjöldi er takmarkaður.

**Hvað?** Uppistand, söngur, dans
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hótel Kríunes
Anna Claessen skemmtir ásamt wonderwoman.

**Hvað? Hvenær? Hvar?** Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. NÓVEMBER 2019

### Myndlist

**Hvað?** Leiðsögn sýningarstjóra
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hönnunarsafn Íslands, Garðatorgi
Dr. Arndís S. Árnadóttir fræðir fólk um sýninguna Svein Kjarval, ásamt Þóru Sigurbjörnsdóttur.



**Sólveig Thoroddsen leikur á hörpu í Hörpuhorni á 2. hæð í dag.**

**Hvað?** Leiðsögn sýningarstjóra
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Ólöf Kristín Sigurðardóttir fræðir gesti um sýningu Ólafar Nordal.

### Orðsins list

**Hvað?** Sérfræðileiðsögn
**Hvenær?** 14.00-14.45
**Hvar?** Safnahúsið við Hverfisgötu
Eva María Jónsdóttir gefur innsýn í verk tengd handritaarfinum á sýningunni Sjónarhorn og sýningin Óravíddir – orðaforðinn í nýju ljósi verður skoðuð undir leiðsögn Jóns Hilmars Jónssonar.

### Tónlist

**Hvað?** Harpa í Hörpu
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hörpuhorn, 2. hæð
Sólveig Thoroddsen leikur nýstárleg og gullfalleg einleiksverk á hörpu.

**Hvað?** In Paradisum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Tónleikar með Schola cantorum.

### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Bikarmót IFBB
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Hof, Akureyri
Liðin eru 25 ár frá fyrsta fitnessmótinu. Nú munu 40 keppendur stíga á svið.

**Hvað?** Haustbasar Kvenfélags Langholtssóknar.
**Hvenær?** 12.00 til 15.00
**Hvar?** Langholtskirkja, safnaðarheimili

**Hvað?** Upplestur og tónlist
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Stofan, Gljúfrasteini
Ragnar Kjartansson, Davíð Þór Jónsson og Kristín Anna Valtýsdóttir sjá um dagskrá.

**Hvað?** Maðurinn og tónlistin
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði
Dagskrá um Guðjón Samúelsson húsameistara sem Guðni Tómasson útvarpsmaður stýrir.

**Hvað?** Söngur og sagnir á Suðurlandi
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Skálholtskirkja
Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Orðlist/tónlist – Drop the mic
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2


JAGUAR I-PACE

BÍLL ÁRSINS 2020 ER RAFBÍLL

JAGUAR




FJÓRHJÓLADRIF, RAFMAGN, 470 KM* DRÆGI, 400 HESTÖFL, LOFTPÚÐAFJÖÐRUN

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) hefur tilkynnt niðurstöðu í vali á „Bíl ársins 2020 á Íslandi“. Jaguar I-Pace varð hlutskarpastur með 775 stig. Það voru einkum framúrskarandi aksturseiginleikar, mikið afl og þægindi I-Pace sem heilluðu dómnefndina og skiluðu Jaguar sportjeppanum í toppsætið.

jaguarisland.is

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2020 BÍLABLAÐAMANNA

Verið velkomin að reynsluaka bíl ársins 2020!
VERÐ FRÁ: 9.790.000 KR.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

ENNEMM / SÍA / NM96476

# Afvegaleiðing samfélagsins

**LEIKHÚS**

**Atómstöðin – endurlit**
★★★★½

**Þjóðleikhúsið**

**Leikstjóri:** Una Þorleifsdóttir
**Leikgerð:** Halldór Laxness Halldórsson í samvinnu við Unu Þorleifsdóttur
**Höfundur skáldsögu:** Halldóra Laxness
**Leikarar:** Ebba Katrín Finnsdóttir, Björn Thors, Birgitta Birgisdóttir, Arnmundur Ernst Backman, Snæfríður Ingvarsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Stefán Jónsson, Oddur Júlíusson, Snorri Engilbertsson, Hildur Vala Baldursdóttir, Edda Arnljótsdóttir og Eggert Þorleifsson
**Leikmynd og búningar:** Mirek Kaczmarek
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Tónlist:** Gísli Galdur Þorgeirsson
**Hljóðmynd:** Aron Þór Arnarsson, Kristinn Gauti Einarsson og Gísli Galdur Þorgeirsson
**Dramatúrg:** Gréta Kristín Ómarsdóttir

Atómstöðin fjallar um baráttu ungu verkakonunnar Uglu við að vera sín eigin manneskja, sín eigin kona, í samfélagi sem vill lítið með hennar stétt og kyn hafa. Ugla stendur fyrir utan baráttu pólitísku aflanna en er þó miðpunktur hennar. Nú hefur Þjóðleikhúsið tekið Atómstöðina eftir Halldór Laxness til sýningar og var hún frumsýnd síðastliðinn föstudag í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur.

Atómstöðin er fyrsta aðlögun Halldórs Laxness Halldórssonar fyrir svið, gerð í samvinnu við Unu, og lofar ansi góðu. Handbragðið er með ágætum, hann leyfir texta bókarinnar að njóta sín en er óhræddur við að setja sinn stimpil á söguna. Með reglulegu millibili kippir Halldór áhorfendum út úr framvindunni þegar persónur verksins stíga út úr sögunni og gera athugasemdir. Þetta aftengingarástand, beint úr smiðju Bertolts Brecht, hæfir sýningunni vel og úrvinnslan er góð.

**Ólgusjór á sviðinu**

Einhver frumsýningarspenna var í leikhópnum í fyrstu en um leið og leikararnir hristu taugatitringinn af sér myndaðist tilfinningalegur ólgusjór á sviðinu. Þar á Ebba Katrín Finnsdóttir stóran hlut að máli og leiðir sýninguna af miklu öryggi. Þrátt fyrir að vera tiltölulega nýr meðlimur í leikarastéttinni sýndi hún bæði yfirvegaðan leik og góðan textaflutning. Slíkt er mikið afrek, þá sérstaklega þegar kemur að texta Halldórs Laxness.

Björn Thors leikur Búa Árland eins og mann sem hefur aldrei þurft að taka ákvarðanir um sitt eigið líf, hann veit til hvers er ætlast af honum og berst með straumnum. Hann er meðalmaðurinn sem virðist í fyrstu vera áhugaverður en er tómur að innan, allt sem hann segir heldur hann að sé satt en hann meinar hlutina sjaldan. Þetta allt leysir Björn gríðarlega vel af hendi. Birgitta Birgisdóttir hefur sjaldan verið betri í hlutverki sínu sem yfirstéttarfrúin frú Árland. Hún litar taugaveiklun húsmóðurinnar með bæði örvæntingu og húmor, yfirstéttarkonurnar hafa það ekkert endilega betra en þær lægra settu.

Arnmundur Ernst Backman, Snæfríður Ingvarsdóttir og Hallgrímur Ólafsson leika yfirstéttarsystkinin sem eru of borgaraleg til að bera eigin íslensku nöfn. Öll eiga þau sín góðu augnablik, Arnmundur og Hallgrímur þá sérstaklega í kómísku atriðunum, en Snæfríður kemur á óvart með nálgun sinni á hina týndu Guðnýju og vex ásmegin eftir því sem líða tekur á. Stefán Jónsson snýr aftur á leiksviðið eftir allt of langa fjarveru og túlkar organistann eins og sen lærifaðir. Í fyrstu er það fráhrindandi en verður síðan áhugavert mótvægi við pólitísku ringulreiðina.

**Mikið sjónarspil**

Snorri Engilbertsson er í snúnu hlutverki kommúnistapiltsins og gegnir því flókna hlutverki að vera málpípa undirmálsfólksins, maðurinn sem stöðugt stoppar sýninguna. Flokkssystir hans er leikin af Hildi Völu Baldursdóttur sem hlotnast hið krefjandi verkefni að opna sýninguna og bjóða áhorfendur aftur velkomna eftir hlé. Bæði leysa þau sín hlutverk með ágætum en þurfa aðeins að losa um bæði líkama og rödd.

Oddur Júlíusson leikur heitmann Uglu sem hefur þann stærsta kost að segja sem minnst, annað en aðrir karlmenn í kringum hana. Oddur er þeim kostum gæddur að vera jafnvígur á kómík og drama sem hann nýtir í túlkun sinni. Edda Arnljótsdóttir og Eggert Þorleifsson sinna mörgum smáum hlutverkum í Atómstöðinni af natni. Edda á bráðfyndna ræðu þegar matseljan lýsir hvernig hún var dregin inn í nútímann og þakkar kaldhæðnislega fyrir sig.

Una Þorleifsdóttir hefur verið að þróa stílbragð sitt á síðustu árum með misjöfnum árangri en í Atómstöðinni gengur nánast allt upp. Hún tekur áhættur með túlkun sinni á textanum og afstöðu leikaranna. Hér er á ferðinni mikið sjónarspil en á annan máta heldur en íslenskir áhorfendur eru vanir. Hér er leitað inn á við; inn í sálarlíf persónanna og inn í sálarlíf áhorfenda. Hið persónulega er nefnilega pólitískt. Atómstöðin er hennar besta sýning hingað til.

**Mikill hvalreki**

Alltof lítið hefur verið um erlenda listamenn á leiksviðum landsins síðastliðin ár þannig að koma Mirek Kaczmarek er mikill hvalreki. Leikmyndahönnun hans er stílhrein og stórbrotin. Háir hvítir veggir einangra sviðið og persónur hafa ekkert til að sitja á nema óþægilega kirkjubekki, landið er íhaldssamt eyland.

Búningarnir klæða sitt hvora fylkinguna; yfirstéttin í yfirdrifnum yfirhöfnum en lágstéttin í samfestingum. Hinar óspilltu ungu konur eru í hvítum kjólum en það er líka bara yfirskin.

Lýsing Ólafs Ágústs Stefánssonar passar að mestu inn í þessa veröld en vatnskennda vegglýsingin virkaði ekki sem skyldi.

Gísli Galdur fyllir þetta hvíta rými af tónlist sem tengir saman fortíð, nútíð og framtíð á eftirminnilegan hátt.

Atómstöðin hvarf aldrei, íslenska þjóðin gleymdi henni í daglegu amstri. Mannfólkið er bara að reyna að burðast í gegnum lífið. Atómstöðin, leidd af Unu og texta Halldórs, teflir saman nýjum og reyndari kynslóðum leikara í minnisstæðri sýningu en hin unga Ebba Katrín ber af með yfirveguðum leik.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Besta sýning haustsins.



**Hér er á ferðinni mikið sjónarspil en á annan máta heldur en íslenskir áhorfendur eru vanir, segir gagnrýnandi.**

# Óblíð örlög

**BÆKUR**

**Tregasteinn**
★★★★☆

**Arnaldur Indriðason**

**Útgefandi:** Vaka-Helgafell
**306 bls**

Arnaldur Indriðason hefur nýja glæpasögu sína, Tregastein, með atriði sem minnir mjög á hina klassísku kvikmynd Alfreds Hitchcock, Rear Window. Það er eins og horft sé úr glugga yfir í önnur hús og fylgst með íbúum sem sýsla við eitt og annað. Einhverjir horfa á sjónvarp, krakkar eru að leik, hjón rífast og í einni íbúðinni er framið morð. Þetta er einstaklega vel gert upphafsatriði og svipaða senu og jafn vel heppnaða er að finna seinna í bókinni.

Fórnarlambið er eldri kona, Valborg, sem nokkru áður hafði haft samband við Konráð, fyrrverandi lögreglumann, og beðið hann að finna barnið sem hún fæddi fyrir um hálfri öld og gaf frá sér. Hann neitaði bón hennar en iðrast þess nú mjög. Óleyst mál föður hans, skúrks, sem myrtur var árið 1963, sækir einnig á hann. Faðir hans hafði verið í slagtogi við miðil, Engilbert, og saman stunduðu þeir svikastarfsemi. Konráð á í samskiptum við dóttur Engilberts, Eygló, sem býr yfir dulrænum hæfileikum, en það er reyndar nokkuð sem hinn jarðbundni Konráð trúir ekki á.




Bókin er afar læsileg og eins og venjulega hefur Arnaldur fullkomið vald á stílnum. Reykjavík fyrr og nú er þarna ljóslifandi, Þar á meðal Kjörgarður í gamla daga um jól og svo ljótustu blokkir landsins (svo vitnað sé í hinn athugula Konráð) í nýja Skuggahverfinu.

Þegar líða fer á sögu sækir sú hugsun á lesandann að þótt allt sé hér mjög vel gert þá virðist niðurstaðan í morðmálinu um leið alltof fyrirsjáanleg. Sem er ekki með öllu gott í glæpasögu, sama hversu vel annað er gert. En hér er ekki allt sem sýnist og Arnaldur kemur lesandanum á óvart. Lokauppgjörið er síðan magnað.

Það er stigvaxandi þungi í þessari sögu. Lesandinn kynnist Valborgu í köflum sem lýsa lífi hennar á þeim tíma sem hún var ung kona. Arnaldur dregur upp einkar eftirminnilega og samúðarfulla mynd af henni og döprum örlögum hennar. Sú saga verður æ átakanlegri eftir því sem líða fer á. Lokakaflarnir eru alveg sérlega eftirminnilegir. Það er ekki oft sem lesandi leggur frá sér glæpasögu og þarf að taka sér tíma til að jafna sig eftir lesturinn. Það gerist hér, svo harmræn er saga Valborgar og barns hennar.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Einstaklega vel gerð og minnisstæð glæpasaga um óblíð örlög.

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## Mikið úrval eldvarnarvara!







**Slökkvitæki**
Léttvatnsslökkvitæki. 6 L, m/mæli og veggfestingu ............ 8.895.-
Duftslökkvitæki. 2 kg, m/mæli og veggfestingu ............ 4.895.-
Duftslökkvitæki. 1 kg, hentugt á litlum svæðum og til að taka með ....... 1.795.-

**Reykskynjarar**
1. L-Team. Rafhlaða fylgir. ............ 2.345.-
2. EnsoNordic. Rafhlaða fylgir. 4,5 x 4,5 cm ............ 2.445.-
3. EnsoNoridc. 9V m. festingum. Lágt hljóð þegar rafhl. tæmast ............ 845.-

## Ert þú ekki örugglega eldklár um jólin?




**LED-kertastjakaljós, sett**
2 stk. Hæð 25 cm. Rafhl. fylgja ekki. 2 x AA rafhlöður.




**LED-aðventuljós**
Sett með 4stk. Hæð 11 cm. Þv. 8 cm. Með mynstri og flöktandi loga.




**LED-vaxkerti**
Þv. 8 cm. Með ljósaseríu í kringum kertið. 2xAA rafhlöður fylgja ekki.

## Falleg kerti í miklu úrvali án mikillar eldhættu




**LED-vaxkerti**
Sett með 3 stk. Hæð 10, 12 og 15 cm. Þv. 7,6 cm. 6 x AA- rafhlöður fylgja ekki. Með fjarstýringu (1 x CR2025-rafhlaða fylgir). Hvítt.




**Vaxkerti með ljósaseríu**
2 stk. Þv. 7,5 cm. Hæð 10 + 12,5 cm. Með flöktandi logum. Ljósasería í kringum kertið. Rafhl. fylgja ekki.




**Vaxkerti með borða**
2 stk. Þv. 7,5 cm. Hæð 10+12,5 cm. Með flöktandi loga. Rafhl. fylgja ekki.

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# Auður Ava fær Médicis-verðlaunin

Dómnefnd Médicis-bókmenntaverðlaunanna tilkynnti á blaðamannafundi í París í gær að Auður Ava Ólafsdóttir hlyti Médicis étranger fyrir skáldsögu sína Ungfrú Ísland sem kom út í franskri þýðingu Éric Boury í september. Skáldsagan kom út hjá Benedikt bókaútgáfu á síðasta ári. Guðrún Vilmundardóttir útgáfustjóri Benedikts segir: „Þetta er sérlegur heiður og ánægja. Eftir því sem ég veit best eru þetta virðulegustu og virtustu verðlaun fyrir þýdda bók í Frakklandi. Vænst þykir manni um viðurkenninguna, en því er ekki að neita að næst hugsar maður um þau gífurlegu áhrif sem þetta á eftir að hafa á sölu. Auður Ava er nú þegar þekktur og dáður höfundur í Frakklandi. Þessi verðlaun munu stórauka veg hennar.“



**Verðlaunin munu stórauka veg hennar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ungfrú Ísland hefur hlotið afburða dóma í Frakklandi, meðal annars heilsíðugrein í stórblaðinu Le Monde littéraire sem endar á orðunum: „Heimurinn þakkar fyrir þá tónlist, því hún er fögur.“ Segulmögnuð skáldsaga, óður til frelsis, sköpunar og þess að elska er meðal þess sem tíundað er í frönskum ritdómum.

Stofnað var til hinna virtu Médicis-bókmenntaverðlauna fyrir rúmum 60 árum. Meðal höfunda sem hlotið hafa Médicis étranger eru Milan Kundera, Julio Cortázar, Doris Lessing, Umberto Eco, Elsa Morante, Paul Auster og Philip Roth.

Auður Ava er nú stödd í París.

www.reykjavik.is/styrkir

**Styrkir Reykjavíkurborgar**

**Reykjavík City grants**
**Granty Miasta Reykjavík**



***www.reykjavik.is/styrkir***
Umsóknarfrestur um styrki frá Reykjavíkurborg fyrir starfsemi á árinu 2020 hefur verið framlengdur.

Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinna málaflokka:
• *félags- og velferðarmála*
• *skóla- og frístundamála*
• *íþrótta- og æskulýðsmála*
• *mannréttindamála*
• *menningarmála*

Á www.reykjavik.is/styrkir er hægt að sækja um og finna leiðbeiningar um umsóknarferli.
Einnig er þar að finna reglur um styrkveitingar og nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum.
**Lengdur umsóknarfrestur er frá 11. nóvember til 12:00 á hádegi 22. nóvember nk.**

The city of Reykjavík has extended the application window for grant applications for the 2020 fiscal year.

The goal of the grants is to strengthen and create cooperation with NGO´s, businesses and individuals in constructive activities and services in accordance with the city's policies and priorities.

Grants will be awarded for projects in the following fields:
• *social and welfare affairs*
• *education and leisure*
• *sports and youth*
• *human rights*
• *culture*

To apply go to: www.reykjavik.is/styrkir
Also available on the website is information on grant rules and regulations and information about the city's priorities in the various areas of interest.
**The extended application window is from November 11th until 12:00 pm on November 22nd.**

*Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið* ***styrkir@reykjavik.is***
*More information:* ***styrkir@reykjavik.is***
*Wiecej informacji:* ***styrkir@reykjavik.is***

Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is



**„Það koma kannski fram staðreyndir sem fólk veit ekki,“ segir María ibyggin. Hér er hún stödd utan við Davíðshús.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Davíð varð stjarna fyrir hundrað árum

## Gestaboð verður í Menningarhúsinu Hofi á morgun því öld er liðin síðan Svartar fjaðrir Davíðs Stefánssonar komu út.

Það varð allt vitlaust þegar fyrsta ljóðabókin hans Davíðs kom út árið 1919. Hann varð bara rokkstjarna á einni nóttu,“ segir María Pálsdóttir, leikari og frumkvöðull, og á að sjálfsögðu við Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi. María verður gestgjafi í Menningarhúsinu Hofi klukkan 15 á morgun, sunnudag. Þar taka Amtsbókasafnið, Davíðshús, Hof og Minjasafnið höndum saman og bjóða gestum til stofu að minnast skáldsins og ljóðanna í tilefni hundrað ára útgáfuafmælis Svartra fjaðra.



„Við byrjum á innslagi frá Vandræðaskáldunum sem eru Sesselja Ólafsdóttir og Vilhjálmur B. Bragafólk, leikhúsfólk sem er svo lagvisst, hagyrt og fjölhæft að það hálfa væri fallegt. Þau eru að sýna í leikhúsinu á sama tíma svo þau fóru í Davíðshús og hentu í upptöku sem við ætlum að sýna. Gestir í sófaspjalli verða Guðmundur Andri Thorsson sem allir þekkja, Valgerður H. Bjarnadóttir sem hefur unnið í Davíðshúsi og kafað ofan í skáldið og manninn, ljóðin hans og líðan og Pétur Halldórsson sem hefur stúderað Davíð,“ segir María er hún lýsir dagskránni í hnotskurn.

„Sófaspjallið verður brotið upp með tónlist. Kammerkór Norðurlands ætlar að flytja fjögur lög samin við ljóð Davíðs og Þórhildur Örvars og Helga Kvam eru með þrjú frumsamin lög. Svo er einn í viðbót, Ólafur Sveinn Traustason, ungur tónlistarmaður í skapandi deild Tónlistarskólans á Akureyri. Hann frumflytur nýtt lag við eitt af ljóðunum úr Svörtum fjöðrum, með aðstoð Eddu Borg söngkonu. Þetta verður veisla,“ lofar María. Hún segir ætlunina að hafa andrúmsloftið létt og skemmtilegt, ekki of hátíðlegt og uppskrúfað. „En það koma þarna kannski fram staðreyndir sem fólk veit ekki,“ segir hún og tekur fram að allir séu velkomnir meðan húsrúm leyfir og ekkert kosti inn.

gun@frettabladid.is


Extra
CHEW FOR
CHANGE
TYGGÐU EXTRA
TIL GÓÐRA VERKA
MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAÞORPIN
TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA
Í SAMSTARFI VIÐ
WRIGLEY'S
Extra
SOS
BARNAÞORPIN
Öll börn vilja gott heimili
Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2019






# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** **KrakkaRÚV**
**07.16** **Molang**
**07.19** **Refurinn Pablo**
**07.24** **Húrra fyrir Kela**
**07.48** **Hæ Sámur**
**07.55** **Nellý og Nóra**
**08.02** **Hrúturinn Hreinn**
**08.09** **Bubbi byggir**
**08.20** **Djúpið**
**08.41** **Bangsímon og vinir**
**09.03** **Millý spyr**
**09.10** **Friðþjófur forvitni**
**09.33** **Hvolpasveitin**
**09.55** **Ævar vísindamaður**
**10.25** **Dýradans**
**11.20** **Kappsmál**
**12.10** **Vikan með Gísla Marteini**
**12.55** **Kehinde Wiley: Þeldökkur þokki**
**13.50** **Matur með Kiru**
**14.20** **Kiljan**
**15.05** **Hótellíf**
**15.50** **Höfundur óþekktur**
**17.05** **Litir ljóssins**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **Disneystundin**
**18.01** **Guffagrín**
**18.23** **Líló og Stitch**
**18.45** **Sætt og gott**
**18.53** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.45** **Sporið** Íslensk þáttaröð í sex hlutum um dans. Þar er leitað svara við spurningum um hvers vegna fólk dansar, hvernig dansgleðin kviknar og hvers vegna sumir fæðast flinkir dansarar en aðrir taktlausir flækjufætur. Farið verður yfir sögu dansins á Íslandi, mismunandi danstegundir kannaðar og við kynnumst því hvernig dansinn brýst fram á ólíklegustu stöðum. Umsjón: Guðrún Sóley Gestsdóttir. Framleiðsla: Skot.
**20.20** **Dansást: Chicago** Að þessu sinni segir Chantelle Carey, danskennari og danshöfundur, frá myndinni Chicago frá árinu 2002.
**20.25** **Chicago** Óskarsverðlaunamynd frá 2002 með Catherine Zeta-Jones, Renée Zellweger og Richard Gere í aðalhlutverkum. Sagan gerist í Chicago á þriðja áratugnum og segir frá Velmu og Roxie sem eru báðar í fangelsi fyrir morð og bíða dauðarefsingar. Rígur myndast á milli þeirra þegar sami lögfræðingurinn tekur að sér mál þeirra og þær þurfa að keppast um athygli fjölmiðla, en þær vonast báðar til að frægðin bjargi þeim frá gálganum. Leikstjóri: Rob Marshall.
**22.15** **Life** Sannsöguleg kvikmynd um ljósmyndarann Dennis Stock sem fékk það verkefni að ljósmynda kvikmyndastjörnuna James Dean fyrir tímaritið LIFE Magazine árið 1955. Dennis og James urðu góðir vinir og tók Dennis nokkrar af þekktustu ljósmyndum sem til eru af leikaranum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.05** **Poirot**
**00.55** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** **Golfing World 2019**
**09.00** **Turkish Airlines Open**
**14.20** **TOTO Japan Classic**
**18.20** **PGA Highlights 2019**
**19.15** **Champions Tour Highlights 2019**
**20.10** **Golfing World 2019**
**21.00** **Turkish Airlines Open**
**02.00** **TOTO Japan Classic**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.01** **Síminn + Spotify**
**11.55** **Everybody Loves Raymond**
**12.17** **The King of Queens**
**12.38** **How I Met Your Mother**
**12.59** **The Voice US**
**14.37** **Top Chef**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Futurama**
**17.55** **Family Guy**
**18.20** **Superior Donuts**
**18.45** **Glee**
**19.30** **The Voice US**
**20.15** **French Kiss** Myndin fjallar um Kate og Charlie, ungt og ástfangið par í Kanada, sem lífið virðist leika við. Þegar Charlie hringir í Kate frá París þar sem hann er í viðskiptaferð og segir henni að hann sé ástfanginn af annarri konu og að samband þeirra sé búið, ákveður hún að fara þangað sjálf og endurheimta elskhuga sinn. Í París kynnist hún af tilviljun Luc, dularfullum en sjarmerandi Frakka og í sameiningu leggja þau upp í ferðalag um Frakkland til að reyna að endurheimta Charlie. Kate og Luc eru afar ólík og eiga í sífelldum árekstrum.
**22.10** **The Road**
**00.05** **State of Play**
**02.10** **The Family**
**04.00** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.55** **Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00** **Fréttir**
**07.03** **Til allra átta**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.05** **Þar sem kreppunni lauk 1934**
**09.00** **Fréttir**
**09.03** **Á reki með KK**
**10.00** **Fréttir**
**10.05** **Veðurfregnir**
**10.15** **Völuspá**
**11.00** **Fréttir**
**11.02** **Vikulokin**
**12.00** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**13.00** **Gestaboð**
**14.00** **Útvarpsleikhúsið: Suss!**
**15.00** **Flakk**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Orð um bækur**
**17.00** **Tónlist frá A til Ö**
**18.00** **Kvöldfréttir**
**18.10** **Í ljósi söguna**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Sveifludansar**
**20.45** **Fólk og fræði**
**21.15** **Bók vikunnar**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Heimskviður**
**23.00** **Vikulokin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.50** **A Quiet Passion**
**11.55** **The Fits**
**13.10** **The Curious Case of Benjamin Button**
**15.55** **A Quiet Passion**
**18.00** **The Fits**
**19.15** **The Curious Case of Benjamin Button**
**22.00** **The Other Woman**
**23.50** **James White**
**01.15** **Only the Brave**
**03.25** **The Other Woman**

## STÖÐ 2

**08.00** **Strumparnir**
**08.25** **Blíða og Blær**
**08.50** **Stóri og Litli**
**09.00** **Lína Langsokkur**
**09.25** **Mæja býfluga**
**09.35** **Tappi mús**
**09.40** **Heiða**
**10.05** **Mía og ég**
**10.30** **Zigby**
**10.40** **Stóri og Litli**
**10.50** **Latibær**
**11.15** **Ninja-skjaldbökurnar**
**11.35** **Friends**
**12.00** **Bold and the Beautiful**
**12.20** **Bold and the Beautiful**
**12.40** **Bold and the Beautiful**
**13.00** **Bold and the Beautiful**
**13.25** **Bold and the Beautiful**
**13.50** **Seinfeld**
**14.15** **X-Factor Celebrity**
**15.30** **Um land allt**
**16.10** **Föstudagskvöld með Gumma Ben**
**17.05** **Leitin að upprunanum**
**18.00** **Sjáðu**
**18.28** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.50** **Sportpakkinn**
**19.05** **Lottó**
**19.10** **Top 20 Funniest**
**19.55** **Epic**
**21.35** **God's Own Country** Dramatísk mynd frá 2017. Hinn ungi fjárbóndi Johnny Saxby brýtur upp hversdagsleikann með því að hella sig fullan og stunda frjálslegt kynlíf, þar til rúmanski innflytjandinn Gheorghe kemur til að starfa við sauðburðinn. Þeir fella hugi saman, sem beinir Johnny inn á nýjar brautir.
**23.20** **You Were Never Really Here**
**00.50** **Bad Times at the El Royale**
**03.10** **My Friend Dahmer**

## STÖÐ 3

**15.00** **Friends**
**15.25** **Friends**
**15.50** **Friends**
**16.15** **Friends**
**16.40** **Friends**
**17.10** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**17.35** **The Great British Bake Off**
**18.35** **Um land allt**
**19.10** **Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**19.35** **Blokk 925**
**20.00** **Masterchef USA**
**20.45** **Grand Desings: House of the Year**
**21.35** **Arrested Developement**
**22.05** **Ballers**
**22.35** **Bancroft**
**23.25** **Gotham**
**00.10** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.35** **Valur - Njarðvík**
**10.15** **KR - Tindastóll**
**11.55** **La Liga Report 2019/2020**
**12.25** **Nottingham Forest - Derby**
**14.35** **Dominos Körfuboltakvöld karla**
**16.25** **Evrópudeildarmörkin 2019/2020**
**17.25** **Eibar - Real Madrid**
**19.55** **Barcelona - Celta Vigo**
**22.00** **KR - Haukar**
**23.40** **UFC Now 2019**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** **Vitoria - Arsenal**
**10.20** **Chelsea - Ajax**
**12.00** **Dortmund - Inter**
**13.40** **Barcelona - Slavia Prag**
**15.20** **Liverpool - Genk**
**17.00** **Meistaradeildarmörkin**
**17.50** **Stjarnan - Haukar**
**20.05** **Stjarnan - Fram**
**21.45** **Inter - Hellas Verona**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# BUGL tónleikar

## í Grafarvogskirkju

## 14. nóvember 2019, kl. 20:00

Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikum til styrktar

**Barna- og unglingageðdeild LSH og Líknarsjóði Fjörgynjar**



Eftirtaldir listamenn koma fram og styrkja verkefnið:

Guðrún Gunnarsdóttir, Margrét Eir og Regína Ósk
Stefán Hilmarsson og Birgir Steinn Stefánsson
Karlakór Reykjavíkur, Friðrik S. Kristinsson
Þuríður Sigurðardóttir og Sigurður Pálmason
Rebekka Blöndal og Ásgeir Ásgeirsson
Sætabrauðsdrengirnir
Þóra Einarsdóttir
Helgi Björnsson
Greta Salóme
Jón Jónsson

Undirleikarar:
Hilmar Örn Agnarsson
Matthías Stefánsson



Kynnir: Gísli Einarsson

Lkl. Fold selur veitingar í hléi







Hönnun: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn











**Miðaverð: 6.500 kr.** **Miðasala: tix.is**

N1 HLJÓÐX LITRÓF

***Skemmtileg kvöldstund með frábærum listamönnum***

LÝSI Íslandsbanki

# VÖLUSPÁ



Laugardaga kl. 10.15

Gísli Sigurðsson, sérfræðingur í þjóðfræði við Árnastofnun, fjallar um norræna kvæðið í Völuspá. Brynhildur Guðjónsdóttir flytur kvæðið í heild sinni undir tónlist og áhrifahljóðum eftir Pétur Grétarsson.

RÁS 1 fyrir forvitna






**Lokaþáttur**

Sunnudagskvöld kl. 21.00

Íslenskt gamandrama um Karen, hjónabandsráðgjafa og þriggja barna móður sem þarf að taka erfiðar ákvarðanir þegar hún kemst að því að eiginmaður hennar hefur verið henni ótrúr. Þættirnir eru ekki við hæfi barna.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** KrakkaRÚV
**07.16** Begga og Fress
**07.29** Lalli
**07.36** Tulipop
**07.39** Sara og Önd
**07.46** Minnsti maður í heimi
**07.47** Hæ Sámur
**07.54** Söguhúsið
**08.01** Letibjörn og læmingjarnir
**08.08** Stuðboltarnir
**08.19** Alvin og íkornarnir
**08.30** Ronja ræningjadóttir
**08.55** Disneystundin
**08.56** Tímon & Púmba
**09.18** Sígildar teiknimyndir
**09.25** Sögur úr Andabæ – Himnaræningjarnir... í skýjunum
**09.45** Krakkavikan
**10.05** Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla
**10.35** Price og Blomsterberg
**11.00** Silfrið
**12.10** Lestarklefinn
**13.05** Menningin - samantekt
**13.35** Michelinstjörnur - Sögur úr eldhúsinu
**14.35** Sætt og gott
**14.40** Sporið
**15.10** Edda 1 - Sköpun heimsins
**16.30** Stofnfruman og leyndardómar hennar
**17.20** Veröld Ginu
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Manndómsár Mikkos – Önnur þrautin - hlaup
**19.00** Fréttir
**19.30** Veður
**19.40** Íþróttir á sunnudegi
**20.00** Landinn Þáttur um lífið í landinu. Landinn ferðast um og hittir fólk sem fæst við margt áhugavert og skemmtilegt. Ritstjóri er Gísli Einarsson. Aðrir umsjónarmenn: Þórgunnur Oddsdóttir, Edda Sif Pálsdóttir og Halla Ólafsdóttir. Dagskrárgerð: Karl Sigtryggsson, Magnús Atli Magnússon, Gunnlaugur Starri Gylfason og Jóhannes Jónsson.
**20.30** Fyrir alla muni Þáttaröð þar sem heimur íslenskrar sögu og sagna er kannaður með því að skoða muni sem tengjast sérstökum atburðum í sögu þjóðarinnar. Umsjón: Viktoría Hermannsdóttir og Sigurður Helgi Pálmason. Framleiðsla: Republik.
**21.00** Pabbahelgar Íslensk sex þátta röð um Karen, 38 ára hjónabandsráðgjafa og þriggja barna móður, sem stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum þegar hún kemst að því að eiginmaður hennar hefur verið henni ótrúr. Hún á erfitt með að fyrirgefa eiginmanninum en það versta sem hún getur hugsað sér eru svokallaðar pabbahelgar. Leikstjórn: Nanna Kristín Magnúsdóttir og Marteinn Þórsson. Aðalhlutverk: Nanna Kristín Magnúsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Framleiðsla: Zik Zak kvikmyndir og Ungar kvikmyndafélag. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.45** Poldark
**22.45** Hlauptu, drengur Sannsöguleg kvikmynd frá 2013 um átta ára gyðingadreng sem flýr undan nasistum úr gyðingahverfi í Varsjá árið 1942 og er þrjú ár á flótta í sveitum Póllands..
**00.30** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Turkish Airlines Open
**13.30** TOTO Japan Classic
**17.30** Turkish Airlines Open
**22.30** TOTO Japan Classic

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** The Voice US
**13.50** Superstore
**14.15** Bluff City Law
**15.00** Top Chef
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Happy Together
**17.55** Með Loga Logi Bergmann stýrir skemmtilegum viðtalsþætti þar sem spennandi og áhrifamiklir einstaklingar eru teknir tali með einstökum hætti.
**18.55** Top Gear
**19.45** Top Gear: Extra Gear
**20.10** Four Weddings and a Funeral Rómantískir og bráðskemmtilegir þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd. Þættirnir fjalla um fjóra vini sem hittast á ný í London þar sem einn úr vinahópnum er að fara að gifta sig. En eftir óvænta uppákomu í brúðkaupinu breytist allt í lífi vinanna og fram undan eru fleiri brúðkaup – og jarðafför.
**21.00** Billions
**22.00** The Handmaid's Tale
**22.55** Black Monday
**23.25** SMILF
**23.55** Heathers
**00.40** The Walking Dead
**01.30** Hawaii Five-0
**02.15** Seal Team
**03.00** MacGyver

## RÚV RÁS EITT

**06.55** Morgunbæn og orð dagsins
**07.00** Fréttir
**07.03** Tríó
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Á tónsviðinu
**09.00** Fréttir
**09.03** Samtal
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bók vikunnar
**11.00** Guðsþjónusta í Fríkirkjunni í Hafnarfirði
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**13.00** Sögur af landi
**14.00** Víðsjá
**15.00** Skyndibitinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Úr tónlistarlífinu: Klarinettsónötur Brahms
**17.25** Orð af orði
**18.00** Kvöldfréttir
**18.10** Völuspá
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óskastundin
**19.40** Orð um bækur
**20.35** Gestaboð
**21.30** Fólk og fræði
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Á reki með KK
**23.10** Frjálsar hendur
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.35** Manglehorn
**12.15** Snowden
**14.25** Leave No Trace
**16.15** Manglehorn
**17.55** Snowden
**20.10** Leave No Trace
**22.00** Breakable You
**00.00** London Road
**01.30** Fist Fight
**03.05** Breakable You

## STÖÐ 2

**08.00** Strumparnir
**08.25** Blíða og Blær
**08.50** Dagur Diðrik
**09.10** Mæja býfluga
**09.20** Dóra og vinir
**09.45** Latibær
**10.05** Ævintýri Tinna
**10.30** Lukku láki
**10.55** Ninja-skjaldbökurnar
**11.20** Það er leikur að elda
**11.40** Friends
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** War on Plastic with Hugh and Anita
**14.45** Seinfeld
**15.30** Masterchef USA
**16.15** Ísskápastríð
**16.55** 60 Minutes
**17.43** Víglínan
**18.28** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Hvar er best að búa?
**19.55** The Great British Bake Off
**20.55** Grantchester 4
**21.45** Prodigal Son
**22.30** Liberty: Mother of Exiles Heimildarmynd frá HBO sem fjallar um Frelsisstyttuna, hún er mest mynduð af öllum styttum og um fjórar milljónir manna heimsækja hana árlega. Hér er varpað ljósi á sögu þessarar styttu sem stendur hátt á Liberty-eyju í New York sem eitt þekktasta tákn Bandaríkjanna og táknar frelsi og jöfn tækifæri fyrir alla.
**23.55** StartUp
**00.40** Temple
**01.25** Watchmen
**02.20** The Victim
**03.20** The Victim
**04.20** American Woman

## STÖÐ 3

**15.40** Seinfeld
**16.05** Seinfeld
**16.30** Seinfeld
**16.55** Seinfeld
**17.20** Seinfeld
**17.45** Lóa Pind: Bara geðveik
**18.20** Maður er manns gaman
**18.45** The Mindy Project
**19.10** The Secret Life of a 4 Year Olds
**20.00** Who Do You Think You Are?
**20.45** Major Crimes
**21.30** American Horror Story 8: Apocalypse
**22.15** Cardinal
**23.00** The Mentalist
**23.45** Room 104
**00.10** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**06.55** Napoli - Genoa
**08.35** Barcelona - Celta Vigo
**10.15** Nottingham Forest - Derby
**11.55** Cardiff City - Bristol City
**14.00** Stjarnan - Haukar
**15.25** Stjarnan - Fram
**16.50** KA - FH
**18.40** The Open Official Film 2019
**19.40** Juventus - AC Milan
**21.45** Atletico Madrid - Espanyol
**23.25** Parma - Roma

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.05** Bayern - Olympiacos
**09.45** Atalanta - Manchester City
**11.25** Meistaradeildarmörkin
**11.55** Dover - Southend
**14.00** Evrópudeildarmörkin 19/20
**14.55** Atletico Madrid - Espanyol
**17.35** NFL Extra 19/20
**17.55** Tennessee Titans - Kansas City Chiefs
**21.20** Green Bay Packers - Carolina Panthers

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

# JÓLA FJÖR



með

## Bergrúnu Írisi

**1. desember,** kl. 17.00
**Silfurberg**

STJÓRNANDI OG ÚTSETJARI
Haukur Gröndal
GESTASÖNGVARI
Ragnheiður Gröndal



FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Skrifar sögur um Sögu

**Eva Einarsdóttir** skrifaði bók fyrir dóttur sína, Sögu, þegar hún var þriggja ára og myrkfælin og nú hefur önnur bók um Sögu litið dagsins ljós þó svo að Saga sjálf sé komin í áttunda bekk og myrkrið hræði ekki líkt og áður.



Eva segist vera með nokkrar sögur í bígerð, þar á meðal eina fyrir fullorðna lesendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eva Einarsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi og fyrrverandi stjórnarmaður Bjartrar framtíðar, hætti afskiptum af stjórnmálum þegar hún fann að þau gáfu henni minna en þau tóku. Nú starfar hún sem kynningarstjóri fyrir Nordplus og Erasmus+ hjá Rannís og gaf nýverið út sína aðra barnabók, Saga um þakklæti.

Fyrri bókin, Saga um nótt, kom út árið 2013 og er frumburður Evu, dóttirin Saga, fyrirmynd söguhetjunnar rétt eins og í bókinni sem nú er komin út. „Bókin kom þannig til að Saga mín, þá um þriggja ára, var svolítið myrkfælin, svo ég sagði henni sögu um það fallega við myrkrið og nóttina. Þegar ég hafði sagt henni söguna hugsaði ég með mér að þetta væri nú bara ágætis saga, eða allavega hafði dóttirin hlustað með mikilli athygli og ákvað ég því að skrifa hana niður þegar ég stuttu seinna sat í lest erlendis.“

**Skapandi fæðing má taka tíma**

Ég elska að vera í flugvél en sérstaklega lest, það er svo róandi og ég verð oftar en ekki kreatíf. Ég gekk hreinlega svo langt að teikna litlar myndir með sögunni en þær voru meira til að útskýra hvernig ég sæi söguna fyrir mér. Síðan æxlaðist það þannig að ég fékk Lóu Hjálmtýsdóttur teiknara til liðs við mig. Við þekktumst þá líklega meira í gegnum tónlistarbransann en ég vissi að hún væri mjög flink að teikna. Bækurnar væru ekkert án myndanna hennar Lóu, hún vatnslitar hverja og eina og á bak við er mikil vinna. Sökum annríkis leið svo smá tími frá því að bókin var tilbúin þar til hún kom út. En ég trúi því sterkt að sumt eigi sinn tíma og því fannst mér hún koma út á hárréttum tíma. Og sama með nýju bókina, fæðing einhvers skapandi má taka smá tíma, þá eykst jafnvel virðið,“ útskýrir Eva.

Eva segir Sögu sjálfa hafa verið hæstánægða með heiðurinn. „Í útgáfuhófinu fyrir Sögu um nótt tók hún míkrafóninn úr höndum okkar Lóu, hélt tölu og las upp úr bókinni, þá sjö ára. Hún gladdist mjög þegar við fengum Ibby-barnabókaverðlaunin og eins fannst henni merkilegt að það væri fjallað um bókina í Kiljunni man ég. Núna er hún í 8. bekk en finnst þetta bara skemmtilegt og ætlar til dæmis að lesa upp úr nýju bókinni á bókamessunni í Hörpu.“

**Var orðin gröm í pólitíkinni**

Eins og fyrr segir hætti Eva afskiptum af pólitík árið 2018. „Ég ákvað að ég myndi ekki bjóða mig aftur fram þegar ég fann að starfið var ekki að gefa mér eins mikið og það tók af mér. Ég var orðin gröm og þetta átti dálítið hug minn allan. Ætli það megi síðan ekki segja að örlög og staðreyndir hafi ýtt undir að ég hætti. Ég varð óvænt ólétt og áætlaður fæðingardagur var í kringum kosningar og svo bara má segja að eftirspurn eftir flokknum mínum þáverandi hafi ekki verið mikil. Mér fannst samt hunderfitt að hætta, en finn að það er hollt. Þessi heimur getur verið eins konar hellir og það er gott að stíga aðeins út. Ég er mjög sátt í mínu nýja starfi þar sem eru nýjar og spennandi áskoranir,“ segir Eva sem þó útilokar ekki frekari afskipti af stjórnmálum.

**Þakklát fyrir sjampó og heilsu**

Umfjöllunarefni barnabókarinnar sem nú kemur út er þakklæti en Eva segist lengi hafa trúað á mátt þess. „Til dæmis finn ég þegar ég er döpur eða jafnvel í sjálfsvorkunn að þá hjálpar mikið að þakka fyrir það sem ég á. Á fjölskyldufundum höfum við til dæmis farið hring þar sem á að nefna eitthvað sem maður er þakklátur fyrir. Ég hef farið út að hlaupa og ákveðið að allan tímann ætli ég að nefna allt sem mér dettur í hug til að þakka fyrir, allt frá sjampói til góðrar heilsu. Ég mæli með þessu,“ segir Eva í léttum tón.

**Barnshafandi rúmlega fertug**

Eins og Eva sagði þá varð hún óvænt barnshafandi sem hafði áhrif á að hún ákvað að hætta afskiptum af stjórnmálum. Eva og eiginmaður hennar áttu tvö börn, þá 11 og sjö ára og voru sjálf komin yfir fertugt og frekari barneignir alls ekki á dagskránni. „Já, hún Vaka okkar, 16 mánaða, bætti sér í hópinn. Við vorum bara ansi sátt, fjögurra manna fjölskyldan og höfðum alltaf sagt við börnin þegar þau suðuðu um systkini að við yrðum ekki fleiri, þetta væri bara fínt og við værum gott teymi.




Bókin er myndskreytt af Lóu Hjálmtýsdóttur rétt eins og fyrri bókin um Sögu.

En svo gerist lífið og þegar við sögðum frá því að von væri á litlu viðbótinni trúði sonur minn okkur ekki og sagðist fara að heiman ef við værum að ljúga,“ rifjar Eva upp. Aðspurð hver munurinn sé á að eignast barn á milli tvítugs og þrítugs og svo eftir fertugt segist Eva vera rólegri núna. „Ég treysti því að ég viti hvað er rétt og rangt og er lítið að lesa mér til og svona.“

**Klístrað gólf og bleyjuskipti**

„En aðallega myndi ég segja að stóri munurinn sé að ég veit betur hvað tíminn líður hratt og reyni því að njóta hvers tímabils, líka klístraðs gólfs og bleyjuskipta,“ segir Eva og brosir. „Svo vinnur aldurinn líklega með manni að manni finnst bara huggulegt að fara snemma fram úr með henni, drekka kaffi og njóta samverunnar. Og það fallegasta er sjá alla ástina milli systkinanna og líklega erum við fjögur að ala hana upp. En ég viðurkenni að mér féllust smá hendur þegar ég hugsaði, enn eitt leikskólabarnið; með blautum fötum og sandi lekandi úr stígvélunum,“ segir Eva og hlær.

**Margar hugmyndir í farvatninu**

Aðspurð um framhaldið segist Eva eiga litlar bækur um allt þar sem hún rissar niður hugmyndir en hún hafi þó ekki haft tíma til að sinna þeim öllum. „Ég hef hægt og rólega verið að skrifa bók fyrir fullorðna, er með eina litla sögu tilbúna í skúffunni fyrir yngri lesendur og er líka búin að gera beinagrind og persónusköpun að bók fyrir eldri börn. Var líka búin að skila efnisyfirliti að matreiðslubók til bókaforlags en fannst svo ekki vera rétti tíminn, og bók kannski ekki endilega rétta formið. Kannski kemur eitthvað út af þessu og þá á hárréttum tímapunkti. Það er alltaf á to-do listanum mínum að fara eitthvert ein yfir helgi eða í viku og skrifa,“ segir Eva að lokum augljóslega uppfull af hugmyndum.

Útgáfu bókarinnar verður fagnað í dag, laugardag, frá klukkan 15 til 16 í Máli og menningu, Laugavegi 18.

**bjork@frettabladid.is**

> ÉG HEF FARIÐ ÚT AÐ HLAUPA OG ÁKVEÐIÐ AÐ ALLAN TÍMANN ÆTLI ÉG AÐ NEFNA ALLT SEM MÉR DETTUR Í HUG TIL AÐ ÞAKKA FYRIR, ALLT FRÁ SJAMPÓI TIL GÓÐRAR HEILSU. ÉG MÆLI MEÐ ÞESSU.

> ÉG VARÐ ÓVÆNT ÓLÉTT OG ÁÆTLAÐUR FÆÐINGARDAGUR VAR Í KRINGUM KOSNINGAR OG SVO BARA MÁ SEGJA AÐ EFTIRSPURN EFTIR FLOKKNUM MÍNUM ÞÁVERANDI HAFI EKKI VERIÐ MIKIL.



Feðginin Árni og Helena með forsetana Friðberg og Guðna á milli sín.

# Bónus að komast á Bessastaði

Árni Árnason skrifaði bókina um barnabókaskúrkinn Friðberg forseta með ráðum og dáð dóttur sinnar Helenu, en feðginin þáðu nýlega „fínasta kaffi og góða köku“ hjá hinum raunverulega forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni.

„Þetta var bara frábært og hann tók okkur sem sá sanni höfðingi sem hann er og báðum fannst okkur þetta mikið ævintýri,“ segir Árni. „Það var ofsalega gaman að koma þarna í heimsókn.“

Árni segist aðspurður þó ekki hafa skrifað bókina gagngert til þess að komast í kaffi á Bessastöðum. „Góð spurning en það var nú eiginlega bara bónus sem kom út úr þessu hugsjónastarfi að koma blessaðri bókinni út.“

Feðginin ræddu meðal annars mikilvægi lesturs og bókmennta við forsetann. „Og hann spjallaði dálítið við Helenu um hvað hún væri að gera utan við skólann.“ Og ekki þarf að fjölyrða um hversu mikil upplifun spjallið við forsetann var fyrir Helenu.

„Þú getur rétt ímyndað þér,“ segir pabbinn, greinilega ekki alveg ósnortinn sjálfur. „Hún var náttúrlega bara í skýjunum með þetta. Guðni er bara frábær forseti og við erum heppin að eiga hann,“ segir Árni og bætir við að þeir Friðbergur og Guðni séu eins ólíkir og hugsast getur.

„Þeir eru dálítið eins og svart og hvítt,“ segir rithöfundurinn og án þess að nefna nokkur nöfn eða benda vestur um haf segir hann Friðberg eiga sér fleiri en eina fyrirmynd. **toti@frettabladid.is**


# Almannatryggingar í brennidepli

– Hver er staðan í lífeyrismálum?
– Hvernig stöndum við okkur?
– Hvernig viljum við haga lífeyrismálum til framtíðar?

**Opin ráðstefna Tryggingastofnunar ríkisins**
**á Grand Hótel Reykjavík**
**þriðjudaginn 12. nóvember kl. 9.00–16.00**

**Dagskrá**

Ávarp
*– Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra*

Samanburður á norrænum lífeyriskerfum
*– Tom Nilstierna, hagfræðingur í sænska heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu*

Ábyrgð stjórnvalda gagnvart öldruðum: Viðhorf Íslendinga í evrópskum samanburði
*– Dr. Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði HÍ*

Hver var stefnan – eftir á að hyggja?
*– Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri TR*

Mismunun kynja í ellilífeyris- og örorkugreiðslum – áhrifavaldar og lausnir
*– Shea McClanahan, sérfræðingur á sviði félagslegrar stefnumótunar*

**Málstofur**

Ellilífeyrir – Ísland og Norðurlöndin
*– Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri lífeyrissviðs TR*

Þróun nýgengis örorku ungs fólks. Er ástæða til að bregðast við?
*– Ólafur Guðmundsson, tryggingayfirlæknir*

TR

Ráðstefnugjald: 3000 kr.
1500 kr. fyrir námsmenn, öryrkja og aldraða.

**Skráning á tr.is**

*Öll velkomin*



# Hið árlega JÓLAKAFFI

## Hollvina Grensáss er í dag laugardag kl. 13-17









Nýbakaðar vöfflur m/rjóma,
kaffi eða heitt súkkulaði.
Komdu með stór-fjölskylduna í heimsókn.
Frítt fyrir börnin

*Allur ágóði rennur til Grensásdeildar, fyrst og fremst til kaupa á búnaði til meðferðar og til bættrar aðstöðu fyrir sjúklinga á Grensásdeild.*

HOLLVINIR GRENSÁSS

Kökusala, smákökur og ýmsir basarhlutir til sölu.
Risa happdrætti - alvöru vinningar.
Lifandi tónlist - Bluegrass.

*Bluegrass hljómsveitin Strá-kurr er eingöngu skipuð heilbrigðisstarfsfólki*

# Lífið í vikunni
03.11.19-
09.11.19



## BYGGÐI MH Í Í MINECRAFT

Björn Ingi Baldvinsson er 19 ára MH-ingur sem stundar skólann bæði í raunheimum og sýndarveruleika þar sem hann hefur reist nákvæma eftirmynd Menntaskólans í Hamrahlíð í tölvuleiknum vinsæla Minecraft. Nemendafélag skólans hefur beðið Björn um eintak af heiminum til varðveislu í skjalasafni Nemendafélagsins.

## HELGARNÁMSKEIÐ Í HEILSU



Á Heilsustofnuninni Hveragerði er boðið upp á helgarnámskeið í heilsu með Geir Gunnari Markússyni næringarfræðingi. Hann aðstoðar fólk við að halda sér á sporinu í mánuði allsnægta. Geir Gunnar hefur boðið upp á lengri námskeið hingað til en segir þau ekki henta í desembermánuði, einmitt þegar fólk þarf hvað mest á aðstoð að halda.



## GRÍNAST Í KÍNA

Bjarni töframaður, Helgi Steinar og Þórhallur Þórhallsson eru komnir yfir viðkvæma grínvíglínu Kína til þess að skemmta í alþýðuveldinu, en þeir ætla sér þó ekki að ganga svo langt að þeir eigi ekki afturkvæmt til landsins.

## MEÐ LOGA HEFST Á NÝJAN LEIK



Þriðja serían af Með Loga hófst á fimmtudaginn í Sjónvarpi Símans. Fyrsti viðmælandi hans var Ásdís Halla Bragadóttir. Logi segir marga af viðmælendum seríunnar hafa deilt með honum og áhorfendum hlutum sem áður hafa ekki komið fram fyrir alþjóð. Næsta fimmtudag er Eiður Smári Guðjohnsen gestur Loga.








Öllu verður til tjaldað á stórtónleikum Skítamórals sem fram fara í maí á næsta ári. MYND/GOLLI

# Nostalgían verður í hávegum höfð

Þann 22. nóvember hefst sala á stórtónleika hljómsveitarinnar sívinsælu, Skítamórals, í Hörpu. Tónleikarnir fara fram í maí á næsta ári en 30 ár eru frá því að hljómsveitin var stofnuð.

Þann 22. nóvember fara í sölu miðar á sérstaka stórtónleika hljómsveitarinnar Skítamórals í Hörpu. Sveitin var stofnuð af fjórum þrettán ára drengjum á Selfossi fyrir heilum þrjátíu árum, en annar söngvaranna, Gunnar Ólason, segir þá ekkert hafa gefið eftir á öllum þessum árum og að þeir stefni á að bjóða upp á stórkostlega tónleika í maí á næsta ári.

„Tónleikarnir eru haldnir í tilefni þess að það eru 30 ár liðin síðan við komum fyrst fram. Hljómsveitin var stofnuð árið 1989 af mér, Adda, Hanna og Hebba. Svo koma síðar inn miklir leikmenn, Einar Ágúst árið 1997 og svo bættist Gunnar Þór við árið 2009,“ segir Gunnar.

Hann segir þetta nú vera orðinn þann endanlega sex manna hóp sem mun svo stíga á svið í Hörpu þann 9. maí í vor.

**Farin var vendipunktur**
Hljómsveitin kom fyrst virkilega fram á sjónarsvið landsmanna þegar hún gaf út lagið Sælan.

> VIÐ ERUM ALDREI EINGÖNGU AÐ FLYTJA NÝTT EFNI, FÓLK KEMUR TIL AÐ HORFA Á HLJÓMSVEITINA FLYTJA SÍN BESTU LÖG SVO ÞAÐ ER NÁKVÆMLEGA ÞAÐ SEM VIÐ GERUM.

„Þar á undan vorum við samt alveg búnir að taka upp lög í stúdíói en lögðum mesta áherslu á það að vera að spila úti um allt. Stóri smellurinn og okkar „break“ er árið 1998 þegar við gefum út lagið Farin. Það var svona vendipunkturinn.“

Gunnar segir sveitina aldrei hafa lagt sína helstu smelli á hilluna tímabundið eftir að hafa ofspilað þá, enda sé þeirra helsta áhersla að skemmta áhorfendum og halda góða tónleika.

„Við viljum gefa áhorfendum það sem þeir vilja sjá, það er bara nákvæmlega þannig. Við komumst ekkert upp með það að sleppa því að spila þessi lög sem komu okkur á kortið. Þetta er nostalgía fyrir fólkið. Við erum aldrei eingöngu að flytja nýtt efni, fólk kemur til að horfa á hljómsveitina flytja sín bestu lög svo það er nákvæmlega það sem við gerum. Það er það sem er að fara að eiga sér stað í Hörpu. Við spilum eitthvað nýtt efni í bland en nostalgían verður í hávegum höfð.“

Það má því eiginlega komast svo að orði að það verði strangheiðarlegur Skítamórall sem mun koma fram í Hörpu og spila öll sín vinsælustu lög.

**Gott rokk og ról**
Uppáhaldslag Gunnars með sveitinni er lagið Enn þá.

„Mér finnst bæði skemmtilegt að flytja það og syngja það. Myndbandið við lagið fékk mjög mikla athygli á sínum tíma, enda mikið lagt í það. Það er er bara uppáhaldslagið mitt með okkur, svo er líka mjög gott rokk og ról í því,“ segir Gunnar.

Miðar á stórtónleikana fara í sölu á harpa.is þann 22. nóvember.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# FYNDIN, DJÚP OG MEISTARALEGA SKRIFUÐ

Verðlaunahöfundurinn Auður Jónsdóttir sækir í eigin reynslu og segir áhrifaríka sögu af konu á krossgötum.






„Frábær bók. Einlæg, óvægin og mjög skemmtileg.“
LOGI BERGMANN

„Ég gat ekki lagt bókina frá mér og tilfinningarnar flæddu við lesturinn. Hún er einfaldlega frábær.“
ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR

„Besta bókin hennar Auðar.“
FREYR EYJÓLFSSON

„Ofsalega fallega skrifaður og fyndinn, en líka erfiður og óþægilega raunverulegur tilfinningarússíbani.“
ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON

„Að vanda fangar Auður lífið eins og það er; fyndið, fagurt og sorglegt í senn.“
ÍSOLD UGGADÓTTIR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–16

BYKO

# Jólablaðið er komið út

## Skoðaðu blaðið á byko.is

**Stútfullt af tilboðum!**




Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 14. nóvember eða á meðan birgðir endast.



**Ljósahringur**
Snowflake
hringur 33cm
**5.695**
51880534

hringur 45cm
**7.295**
51880356

**Vinsæl vara** ár eftir ár



**Ljósahjarta**
Snowflake hjarta 44cm
**7.295**
51880533



**Leiðiskross**
með tímarofa. Rafhlaða fylgir ekki.
**8.995**
51880639



Samtengjanlegar. Endingartími allt að 20.000 klst

Warm white, cool white, rauðar eða mislitar

**Útisería**
LED micro-light. 50 perur með spennubreyti.
**3.795**
88167934

**Útisería**
LED micro-light. 100 perur með spennubreyti.
**5.995**
88167932

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



**25% afsláttur**
af öllum grillum & grillfylgihlutum

**Tilboðsverð**

Russell Hobbs

Straujárn 1800W

**3.196**

65103637

Almennt verð: 3.995



**20% afsláttur**

**Tilboðsverð**

Roasterbakki

og áhöld 7stk.

**5.246**

41114816

Almennt verð: 6.995

**25% afsláttur**

7stk.





**20% afsláttur**
af öllum kuldagöllum

**Tilboðsverð**

Potta og pönnusett

5 stk.

**18.745**

41114681

Almennt verð: 24.995

BerlingerHaus

5stk.





**30% afsláttur**
af geisla- og gashiturum ásamt eldstæðum

**BOSCH**

**25% afsláttur**
af öllum grænum BOSCH háþrýstidælum



målning

Umhverfisvottuð málning



**20% afsláttur**
af allri
**Kópal**
innimálningu*

**Tilboðsverð**

RYOBI

Rahlöðuborvélarsett

2 rafhlöður, hleðslutæki og bitasett

**35.996**

7133004297

Almennt verð: 44.995

**20% afsláttur**



**BOSCH**

**20% afsláttur**

**Tilboðsverð**

Juðari

PSS 250 A/AE.

**11.756**

74861026

Almennt verð: 14.695



GJØCO

Umhverfisvottuð málning

**20% afsláttur**
af allri
**GJØCO**
innimálningu*



*veggir og loft

# OSRAM
## ráðgjöf

BYKO Granda

Guðný frá OSRAM verður í verslun okkar á Granda **laugardag milli 11 og 15** þar sem hún miðlar af þekkingu sinni varðandi perur og lýsingu -

*Komdu og fáðu góð ráð!*



**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf








Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Óttars Guðmundssonar



## Björn og Sveinn

Bókaútgáfan Sæmundur á Selfossi endurútgefur þessa dagana merkilegt skáldverk, Björn og Sveinn, eftir Megas. Bókin fjallar um ferðalag þeirra feðga Axlar-Björns og Sveins skotta um undirheima Reykjavíkur. Þessir Snæfellingar voru þekktir misindismenn á 16du og 17du öld en fá nýtt líf í reykvískum samtíma. Þeir verða kóngar í heimi smákrimma, undirmálsmanna og vafasamra kvenna. Feðgarnir bera fulla ábyrgð á helstu hremmingum hins unga lýðveldis. Þeir standa fyrir illvirkjum eins og gosinu í Vestmannaeyjum og rauðsokkahreyfingunni auk þess sem þeir gerðu Austurstræti að göngugötu.

Bókin kom út fyrir 25 árum og fékk misjafna umsögn. Dagar eintómra fimm-stjörnu dóma voru ekki runnir upp svo að ritdómarar leyfðu sér hreinskiptni í báðar áttir. Bókin var kölluð vitundarlítið orðafyllerí og Helgarpósturinn sagði hana langdregnustu skáldsögu ársins. Aðrir kölluðu bókina meistaraverk.

Þolinmóðum lesanda er ríkulega launað. Bókin er hafsjór af orðaleikjum, staðreyndum og hálfsannleika þar sem fólk er leitt um undirheima borgarinnar. Lesandinn kíkir inn á gamla Zarinn (Keisarann), lærir að búa til amfetamín og kynnist margs konar kynlífsfrávikum og furðufuglum.

Bókin reyndist of flókin lesning innan um léttmeti afþreyingariðnaðarins. Hún kom út í 400 eintökum sem seldust upp á nokkrum árum og var eftir það ófáanleg.

Það er gleðiefni að bókin skuli aftur vera aðgengileg. Björn og Sveinn deila sess með Sturlungu og fleiri öndvegisritum sem talin voru of löng og ólesandi. Sennilega verður dómur framtíðarinnar um Björn og Svein að þeir feðgar séu viðkvæm íslensk menningarblóm bæði í sögu- og bókmenntalegu tilliti.








